



Ársskýrsla Sjálandsskóla
Skólaárið 2006-2007

1. ALMENNT UM SJÁLANDSSKÓLA	3
<i>Stefna og markmið</i>	3
<i>Skólabragur</i>	3
<i>Tengsl skóla, umhverfis og grenndarsamfélags</i>	4
<i>Þróunarverkefni á skólaárinu</i>	4
<i>Sjálfsmat skóla</i>	4
<i>Skólaárið</i>	4
<i>Skóladaðurinn</i>	5
2. STARFSMENN	6
3. SKÓLAHÚSNÆÐIÐ - SKÓLALÓÐ	9
<i>Skólalóðin</i>	9
<i>Fjaran og Arnarnesvogurinn</i>	9
<i>Skólahúsnæðið</i>	10
<i>Heimasvæði</i>	10
<i>Sérgreinastofur</i>	10
4. NEMENDUR	11
5. FORRÁÐAMENN NEMENDA	13
<i>Foreldrafélag og foreldraráð</i>	13
<i>Samstarf kennara og foreldra</i>	13
<i>Foreldraheimsóknir</i>	14
6. SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA	14
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk</i>	14
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk</i>	17
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk</i>	21
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i>	25
7. SKÝRSLUR LIST OG VERKGREINAKENNARA	29
<i>Skýrsla íþróttakennara</i>	29
<i>Skýrsla í textílmennt og handmennt</i>	37
<i>Skýrsla tónmenntakennara</i>	45
<i>Skýrsla í hönnun og smíði</i>	51
8. SKÝRSLA SÉRKENNARA	55
9. SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFÁ Í TÖLVU – OG UPPLÝSINGATÆKNI	56
10. SKÝRSLA DÖNSKUKENNARA	61
11. TYLLIDAGAR OG VIÐBURÐIR Á SKÓLAÁRINU	63
12. YTRI TENGL	67
13. SKÝRSLA TÓMSTUNDAHEIMILISINS	69
14. SAMTANTEKT OG MAT Á ÁRANGRI SKÓLASTARFSINS	71
15. FYLGISKJÖL	73

1. Almennt um Sjálandsskóla

Ársskýrsla Sjálandsskóla kemur nú út í annað sinn. Markmiðið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um starfið í Sjálandsskóla veturinn 2006-2007.

Sjálandsskóli er einsetinn grunnskóli og bauð á þessu ári upp á starf fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Í Garðabæ hafa foreldrar val um grunnskóla fyrir börn í 1.-7. bekk og um eiginleg skólahverfi er ekki að ræða. Nærhverfi skólans er: Sjáland, Ásar, Grundir og Nes og markast það að Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálgahrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Fyrsti skóladagur skólaársins 2006-2007 var 22. ágúst og voru þá 114 nemendur skráðir við skólann. Skóladagatal skóland er í fylgiskjali 1. Á skólaárinu hættu 2 nemendur og 3 nýjir bættust í hópinn. Skipulag skólans er í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá. Skólastjóri á öðru starfsári var Helgi Grímsson og aðstoðarskólastjóri var Ólöf Sigurðardóttir. Skipurit skólans er í fylgiskjali II.

Stefna og markmið

Í lögum um grunnskóla segir að grunnskólinn skuli í störfum sínum leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Það er markmið grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjálandsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjálandsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð er áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Í Sjálandsskóla miðar umhverfi og starf að því að hver nemandi fái notið sín til fulls undir handleiðslu hóps samhentra starfsmanna. Kennarar hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur og gera til þeirra raunhæfar kröfur um leið og þeir eru hvattir til þess að gera sitt besta, sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik. Samhliða því læra nemendur að axla ábyrgð á eigin gjörðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu. Í starfinu er lögð áhersla á að skapa tækifæri til margháttðra námsaðstæðna og fjölbreyttrar skiptingar í námshópa þar sem til dæmis er tekið mið af mismunandi áhuga, námsstöðu, kyni og námsstíl nemenda. Sköpun, tjáning og lýðræðisleg vinnubrögð eru samofin öllu skólastarfinu og nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik. Einkunnarorð skólans eru: Að vilja og virða.

Skólabragur

Skólinn er sameiginlegur vinnustaður margra ólíkra einstaklinga sem sýna hverjir öðrum hlýhug og umhyggju. Hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá tækifæri til að vinna sína vinnu svo sem best verður á kosið. Unnið er markvisst að því að skapa andrúmsloft háttvísi og frelsis í skólanum. Ábyrgð nemenda á eigin starfi, leik, viðhorfum og framkomu verður þroskuð með því að veita þeim viðeigandi ábyrgð, val og frelsi eftir því sem þroski þeirra leyfir og með því að láta þá taka þátt í umræðu og eiga hlutdeild í ákvörðunum um réttindi sín og skyldur.

Tengsl skóla, umhverfis og grenndarsamfélags

Lögð er áhersla á nán tengsl skóla, foreldra, umhverfis og grenndarsamfélags. Rík áhersla er lögð á að umhverfi skólans sé notað á markvissan hátt. Til dæmis verður nánasta umhverfi skólans s.s. Hraunholtslækur, Arnarnesvogur og Gálgahraun notað í skólstarfinu og ræktuð tengsl við íbúa Sjáländshverfis og félagasamtök í Garðabæ. Umhverfismál s.s. sorpflokkun, endurnýting, umhverfisskilningur, umhverfisvernd og landgræðsla er ein af undirstöðum skólstarfsins. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að aðilar úr grenndarsamfélaginu nýti sér húsnæði og aðstöðu skólans og auðgi þannig skólasamfélagið s.s. íbúar Sjáländshverfis (þá sérstaklega eldri borgarar og leikskólabörn) siglingaklúbbur, skátar og sundmenn.

Þróunarverkefni á skólaárinu

Áfram var unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum. Þó var lagt af stað með eitt formlegt þróunarverkefni sem styrkt var af þróunarsjóði grunnskóla. Verkefnið hafði yfirskriftina “Hver er sinnar gæfu smiður”. Helstu markmið þróunarverkefnisins voru að:

- Nemendur læri að setja sér ögrandi námsmarkmið
- Nemendur kunni að nýta sér samanlagða reynslu og þekkingu í námshópi til þess að auka gæði náms
- Nemendur tileinki sér vinnubrögð sem undirstrika mikilvægi skólans sem vinnustaðar og heimilis sem uppsprettu nýrra tækifæra í námi.

Skýrsla um þróunarverkefnið er fylgiskjal 3.

Sjálfsmat skóla

Lögð var fyrir formleg viðhorfakönnun fyrir foreldra í desember og brugðist við helstu niðurstöðum hennar. Skýrsla um könnunina er fylgiskjal 4. Þá voru einstakir liðir í skólstarfinu metnir á starfsmannafundum, kennarafundum og heimaþingum. Einnig var lagt mat á stöðu mála á fundum með skólaráði, foreldraráði og kennararáði.

Skólaárið

Fjöldi nemendadaga á skólaárinu voru 180. Skóladagatal Sjáländsskóla er fylgiskjal I. Dagar þar sem verulega var brugðið frá námi og kennslu voru skólasetningardagur sem jafnframt var foreldraviðtalsdagur, jólaskeggtun og skólaslit. Ekki voru hafðir foreldraviðtalsdagar eða prófadagar. Aðrir dagar á skólaárinu þar sem brugðið var út frá stundatöflu hjá öllum nemendum skólans voru:

9. september	Gróðursetningardagur
25. – 28. október	Heimilisvika
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
1. desember	Fullveldishátíð
7.-14. desember	Jólaþema
1. mars	Öskudagur
15. mars	Skíðaferð
22.-25. mars	Listadagar
21. apríl	Íþróttadagur
25. apríl	Dagur umhverfisins

1.-2. júní

Innilega

Þess ber þó að geta að ekki var um að ræða skerta kennsludaga heldur breytt fyrirkomulag. Aðeins öskudagur var einum tíma styttri en venja er. Fjallað er sérstaklega um skipulag þessara daga í sérstökum kafla. Einnig má lesa um flesta þessa viðburði í fréttadagbók (fylgiskjal 5).

Skóladagurinn

07:30 – 08:25	Skólahús opið. Nemendur áttu næðisstund undir eftirliti skólaliða
08:25 – 08:30	Samkoma (morgunsöngur, atriði, tilkynningar)
08:30 – 08:40	Umsjónartími (skipulag dagsins, lífsleikni, markviss málörvun)
08:40 – 09:40	1. kennslustund
09:40 – 09:55	Hlé (morgunhressing: ávextir og grænmeti og annað hollt nesti)
09:55 – 10:15	Hlé (útivera)
10:15 – 11:15	2. kennslustund - Í lok stundar var stutt hlé á kennslu.
11:15 – 12:15	3. kennslustund
12:15 – 13:35	Hlé (heitur matur)
13:35 – 13:05	Hlé (frímínútur - val um að vera inni eða úti)
13:05 – 14:05	4. kennslustund
14:05 – 14:15	Umsjónartími (uppgjör dagsins, lífsleikni, markviss málörvun)
14:15 – 17:00	Tómstundaheimili og annað frístundastarf.

Á samkomu komu nemendur saman í í stiganum og sungu saman tvö lög, sáu skemmtiatriði ef slíkt var í boði og hlustuðu á tilkynningar. Skólastjóri stýrði samkomu og allir starfsmenn skólans tóku þátt í henni. Foreldrar og forráðamenn voru ávallt velkomnir að taka þátt í samkomu og nýttu margir sér það. Upplýsingar um gesti má sjá í fréttadagbók (fylgiskjal 5).

Í umsjónartíma áttu nemendur stund með umsjónarhópnum sínum á umsjónarsvæði. Farið var í markvissa málörvun, lífsleikni, skipulag eða uppgjör dagsins eftir því hvort um var að ræða umsjónartíma í upphafi eða lok dags.

Á milli kennslustunda áttu nemendur hlé. Þetta hlé var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Í fyrri nesti snæddu nemendur nesti að heiman. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur hefðu grænmeti eða ávexti í morgunnesti. Eindregið var hvatt til þess að allir nemendur fengju heitan mat í hádeginu og voru nemendur þá í heitum mat alla daga eða ekki. Í frímínútum gátu nemendur valið um hvort þeir færu út á skólalóð til leikja og íþróttar eða væru inni í rólegum leikjum, spilum, handavinnu eða vinnu með þroskandi leikföng.

Hver kennslustund var 60 mínútur og skipti þá ekki máli að hvaða fagi var unnið. Kennarar voru afar sáttir við þessa tímalengd og hentaði það skólastarfinu vel.

Skóladagurinn var jafn langur hjá öllum árgöngum. Var það upphaflega gert til þess að stuðla að betra næði í lok skóladags þar sem að allir árgangar voru saman á heimasvæði. Þannig fengu yngstu nemendur talsvert lengri skóladag en gengur og gerist en 5. og 6. bekkur ívið styttri. Var þetta gert með samþykki foreldraráðs, grunnskólafulltrúa og menntamálaráðuneytis. Gafst þetta fyrirkomulag skóladags afar vel.



2. Starfsmenn


Starfsmenn Sjálundsskóla er hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinnur í sameiningu að því að byggja upp skólafar sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólafara og eiga í nánú samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólafarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla ábyrgð á skólafarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvert annað í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi.

Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við skólann þetta skólaár:

	Stöðuheiti	Stöðuhlutfall
Berglind Þórisdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100
Edda Björg Sigurðardóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100
Elfa Hrönn Friðriksdóttir	Umsjónarkennsl 5/6 bekkur	100
Evelinda Dealca Gomez	Skólaliði	100
Guðbjörg Grétarsdóttir	Sérkennari	67
Helga Lucia Haraldsdóttir	Skólaliði	100
Helga Kristín Martinsdóttir	Skólaliði	60
Helgi Grímsson	Skólafarjari	100
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100
Hrafnhildur Sævarsdóttir	Íþróttu og sundkennari	100
Íris Björk Baldursdóttir	Umsjónarkennsl 1/2 bekkur	100
Karenina Kristín Chiodo	Skólasafn	53
Konstanze Brandt	Skólaliði	75
Kristín Guðbrandsdóttir	Listgreinakennsla	100
Kristín Steinarsdóttir	Kennsluráðgjafi UT	100
Margrét Perla Kolka Leifsdóttir	Forstöðum. Tómsundaheimilis	75
Margrét Tómasdóttir	Umsjónarkennsla 5/6 bekkur	100
Marvin Raiss	Skólaliði	100
Ólafur Schram	Tónmennt og umsjónark. 7 b.	100
Ólöf Sigurbjörg Sigurðardóttir	Umsjónarkennsla 1/2 bekkur	100
Rafn Emilsson	Skólaliði	30
Samúel Ívar Árnason	Íþróttakennari (e.áramót)	95
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100
Sigríður Gísladóttir	Þroskaþjálfari	100
Sigurður Guðleifsson	Umsjónarmaður skóla	100
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir	Ritari	100
Þórunn Jónsdóttir	Starfsmaður tómsundah.	37,5

Tveir skólaliðar voru ráðnir til tímabundinna verkefna.





Símenntun starfsmanna

Kennarar skólans komu til starfa 11. ágúst. Fyrstu dagarnir voru nýttir til símenntunar og samráðs áður en að eiginlegur undirbúningur kennslu hófst. Mikil áhersla var lögð á einstaklingsmiðaða starfshætti, samskipti og skipulag náms, kennslu og námsmat.

Ráðningar starfsfólks

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum. Í ágúst 2006 bættust 14 í starfshópinn, 6 kennarar og 8 aðrir starfsmenn. Um áramótin fóru tveir kennarar í fæðingarorlof og komu þá tveir nýjir kennarar í staðin. Nýjir starfsmenn voru kallaðir í viðtal. Við ráðningu var lögð rík áhersla á að allt starfsfólk skólans hefði það helsta hlutverk að starfa með börnum þó svo að hver starfsmaður hefði einnig sitt nánara verk svið. Þó var lögð rík áhersla á að starfsfólk sýndi sveigjanleika og væri tilbúið að grípa inn í störf allra annara starfsmanna ef aðstæður krefðust. Stefnt var að því að sem flestir starfsmenn vinni við skólann í fullu starfi. Það tókst ekki í öllum tilfellum. Það er stefna skólans að allir þeir sem sinna kennslu í skólanum hafi kennsluréttindi og gekk það eftir með einni undantekningu.

Forföll starfsmanna

Þegar kennarar forfölluðust var leitast við að tryggja að störf nemanda fylgdu kennsluáætlun og skólanámskrá. Kennarar sinntu forfallakennslu ef því var við komið, einnig voru kallaðir til forfallakennarar. Þá sinnti UT kennsluráðgjafi forfallakennslu sem og skólastjórnendur. Oft sinntu skólaliðar eftirliti með nemendum í forföllum kennara en þá með leiðsögn. Forföll annarra starfsmanna voru í flestum tilvikum leyst með hagræðingu og flutningi verkefna.

9,14, launapottur, deildarstjórn

Nýting 9,14 tímanna voru ákveðin sameiginlega af skólastjóra og kennarahópnum. Það samkomulag var í heiðri haft að skólinn væri vinnustaður kennara frá kl. 8:15 til kl. 16:00 alla daga nema föstudaga. Ákveðið var að hafa fastan vikulegan kennarafund, þriðjudaga frá 14:30-16:00. Ekki voru festir niður foreldraviðtalstímar. Að öðru leiti ráðstöfuðu kennarar vinnutíma sínum enda í mörg horn að líta. Allir kennarar skólans fengu útteilt 30 mínútum á viku úr potti og einnig var fjármunum til

deildarstjórnar útteilt á kennara, eða 2 klukkustundum á viku á hvern kennara. Hver kennari var þá gerður ábyrgur fyrir þróun og stjórnun tilfallandi verkefna, þar með talið innkaup:

Útteilt var úr launapotti út frá skilgreindum viðmiðunum. Trúnaðarmaður fór yfir útteilingu úr potti.

Starfmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru í mars og apríl og tóku skólastjórnendur þau við kennara og suma starfsmenn en umsjónarmaður tók viðtölin við skólaliða.

3. Skólahúsnæðið - skólalóð

Skólinn er staðsettur í útjaðri Sjáländshverfis í fjöruborðinu í Arnarnesvogi. Hraunholtslækur rennur undir skólabygginguna.

Skólalóðin

Sumarið 2006 og skólaárið 2006-2007 var unnið að ýmsum endurbótum á skólalóðinni. Sett var girðing undir tengibyggingu (rými undir skólasafni), lýsing á battavelli bætt, lýsing aukin á bílastæði og við aðkomu að skólanum og aðkoma að skólanum gerð öruggari (keilur í stað kúlna). Nemendur plöntuðu trjám og runnum við útikennslustofu, hópeflibraut og eldstæði sett upp í stauraskógi og framkvæmdir hafnar við frágang lóðar norðan við skólann (m.a. brú yfir Hraunholtslæk og gönguleið í fjöru). Lóðinn nýttist afar vel í öllu skólastarfinu (frímínútur, íþróttakennsla, útikennsla, enskukennsla, tómstundaheimili). Vegna veðurfars skipti miklu máli fyrir skólann hversu mikill gróður er við Marargrundina og skýlir hann skólalóðinni vel.

Kennarar og skólaliðar sinntu gæslu í útivist og voru 5 starfsmenn á vakt að öllu jöfnu.

Á vordögum var plantað í vermireiti og útsæði sett í kartöflugarðinn. Þá var gerður bráðbrigðakofi fyrir landsnámshegn sem var ungað út í skólanum í apríl en eru nú í kofa fyrir utann skólann. Þessi hegn koma til baka úr "sumarbúðum" í haust og verður þá búið að koma upp hegnahúsi við skólann.

Fjaran og Arnarnesvogurinn

Nálægð við Arnarnesvoginn og Hraunholtslæk skipti miklu máli í skólastarfinu og nýttist afar vel í allri útikennslu. Nemendur læra fljótt og vel að lækurinn og fjaran er ekki leiksvæði og þar má aðeins vera með starfsmanni skólans. Umsjónarmaður skólans (húsvörður) fór tvisvar til þrisvar í viku með barnahópa í "veiðiferðir" niður í fjöru í frímínútum vor og haust. og var aflinn settur í 2000 ltr. kaldsjávarbúr sem staðsett er í anddyri skólans.

Á skólaárinu bættust 5 kajakar við bátafloa skólans sem nú telur 12 kajakar og gúmmibát með mótör. Öllum nemendum 5.-7. bekkjar stóð til boða að fara út á sjó haust og vor. Haldið var sérstakt þriggja daga námskeið, annars vegar fyrir stelpur

og hins vegar stráka í meðferð kajakanna. Þá fengu allir starfsmenn leiðsögn um notkun kajakana og 3 starfsmenn skólans fóru á sérstakt námskeið um öryggi í kajakferðum (róðratækni, félagabjörgun og hópstjórnun).

Skólahúsnæðið

Bygging skólahússins er áætluð í þrem til fjórum áföngum. Í fyrsta áfanga eru fjögur heimasvæði, upplýsingamiðstöð, list- og verkgreinstofur, aðstaða fyrir stjórnendur, sérfræðinga og skrifstofur. Í öðrum áfanga er íþróttahús, 12 metra innisundlaug, samkomusalur, eldhús, tónlistarstofa, tónlistarskóli og aðstaða fyrir tómsundaheimili. Í þriðja og fjórða áfanga eru heimasvæði og heimilisfræðistofa og náttúrufræðistofa. Haustið 2005 var 1. áfangi tekinn í notkun. Skólaárið 2006-2007 var nýting á skólahúsnæðinu svohljóðandi: tvö heimasvæði voru notuð til almennrar kennslu, eitt heimasvæði var notað sem hreyfirými og fjórða heimasvæðið sem húsnæði fyrir leikskólann Montessori setrið og eldhús, Tónmenntastofa var útbúinn á heimasvæði fjögur eða inn af leikskólanum. Tómsundaheimili var með miðstöð á gangi á mörkum heimasvæðisins og nýtti annað húsnæði skólans af vild. Gafst þetta skipulag afar vel. Forsalur á neðri hæð var nýttur sem matsalur og reyndist það vel.

Heimasvæði

Það sem aðgreinir skólahúsnæði Sjálandsskóla einna helst frá hefðbundnu skólahúsnæði eru heimasvæðin. Í stað hefðbundinna kennslustofa er sameiginlegt vinnusvæði 60 – 80 nemenda úr tveim eða fleiri árgöngum sem starfa í 3-5 umsjónarhópum. Þetta fyrirkomulag býður upp á fjölbreytt hópstarf, margvíslega möguleika á námsaðstæðum, árangursríkt samstarf 3-5 kennara auk annarra starfsmanna.

Þetta skólaár voru nemendum skipt á milli heimasvæða. 1.-4. bekkur var saman á neðri heimasvæði í 5 umsjónarhópum, 5.-7. bekkur var saman á efra heimasvæði í 3 umsjónarhópum. Góð reynsla skapaðist af nýtingu húsnæðis og húsbúnaðar. Það er ljóst að heimasvæði ber ekki fleiri en 80 nemendur með góðu móti.

Sérgreinastofur


Hefðbundið skólasafn og tölvustofa sameinast í upplýsingamiðstöð í Sjálandsskóla. Nokkrir nemendur og aðrir Garðbæingar hafa gefið bækur til skólasafnsins í vetur.

Innangengt er á milli saumastofu (textílmenn), myndmenntastofu og smíðstofu (hönnun og tæknimenn) og hafa þeir kennarar sem þar kenna sameiginlega vinnuáðstöðu. Smíðakennsla hófst á þessu skólaári og nýttist stofan mjög vel.


Íþróttakennsla fór fram á skólalóð og í “hreyfirými”. Fyrstu og síðustu vikur skólaársins fór kennslan fram utandyra en yfir vetrarmánuði voru yngstu nemendur báða íþróttatímanna innandyra en þau eldri annan tímann úti á lóð en hinn innandyra. Fundarherbergi voru notuð sem búningasklefar en börnunum gafst ekki færi á að fara í sturtu. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag. Sund var kennt í lotum í sundlauginni í Ásgarði.

4. Nemendur

Samtals voru 119 nemendur sem voru í skólanum, 114 við upphaf skólaársins en 117 þegar mest var. Skipting nemenda í árganga var afar misjöfn. 1. bekkur var í einum umsjónarhópi, 2. bekkur var einnig í einum umsjónarhópi. Þessir árgangar unnu þó mikið saman og um allnokkra samkenntu var að ræða. Samkennt var í 3. og 4. bekk í þremur umsjónarhópum. Samkennt var í 5. og 6. bekk í tveim umsjónarhópum og 7. bekkur var kennt í einum umsjónarhópi. Gafst þetta fyrirkomulag vel.



Eftirfarandi er skipting nemenda skólans eftir lögheimili. Athyglisvert er hversu fáir nemendur koma úr Sjáländsshverfi og skýrist það af íbúasamsetningu.



Ástundun

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að veikindadagar nemenda sem skráðir eru í Mentor eru samtals 446. Seinkomur eru í 912 stundir og ræður þar mestu seinkomur í upphafi skóladags. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 332 daga. Eftirfarandi tafla sýnir meðaltal ástundunar hjá nemendum skólans.

	Veikindi	Leyfi	Leyfi úr degi	Fjarvist	Seint
Dagar	3,81	2,84		0,08	
Stundir	0,27	0,22	0,26	0,56	7,79

5. Forráðamenn nemenda

Forráðamenn eru mikilvægir samstarfsmenn skóla þar sem þeir bera ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Afar mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi. Þess er vænst að foreldrar fylgist náið með námsframvindu barna sinna, hvetji barnið áfram, sýni áhuga, tali jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrji viðeigandi spurninga (hver spurning á sinn stað og stund). Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu með markvissum heimsóknum á skólatíma, þátttöku í starfi umsjónarþekkingu, foreldrafélags og foreldraráðs.

Viðamikil viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra í desember til þess að fá fram viðhorf foreldra til fyrstu mánaðanna í starfi skólans. Niðurstöður könnunarinnar eru fylgiskjal 4. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru foreldrar afar ánægðir með starf Sjálandsskóla og virðist nemendum líða vel í skólanum. Starf skólans er í samræmi við stefnuna, skólabragur og andi uppbyggilegur og starfsfólk lætur sér annt um velferð barnanna. Þá komu skýrar vísbendingar um það sem betur má fara og var það helst gæði heits matar.

Foreldrafélag og foreldraráð

Annar aðalfundur foreldrafélags Sjálandsskóla var haldinn 26.maí. Á fundinum voru venjuleg aðalfundastörf og kosin stjórn. Foreldraráðið kynnti einnig sín störf og skólastjóri fór yfir störf vetrarins. Foreldrafélag skólans stóð fyrir leikhúsfélagi og kaffihúsfélagi í skólanum. Þá stóð foreldrafélagið fyrir veglegu páskabingó. Foreldrafélagið sá um kvöldmat og morgunmat í innilegunni (útilega í skólahúsinu). Nánari upplýsingar um störf foreldrafélagsins má finna á heimasíðu skólans.

Foreldraráð vann með skólastjórnendum að skipulagi skólastarfsins og tók þátt í starfi skólaráðs en það skipa auk foreldraráðs: skólastjóri, kennararáð og tveir fulltrúar starfsmanna. Skýrslu foreldraráðs fyrir þetta skólaár má finna á heimasíðu skólans.

Fulltrúar foreldra tóku þátt í vinnuhópi vegna undirbúnings unglingsstígs. Voru haldnir nokkrir fundir og farið í tvær skólaheimsóknir. Þessari vinnu verður haldið áfram á næsta skólaári.

Samstarf kennara og foreldra

Á haustdögum kynntu kennarar skólans komandi starfsár og helstu áherslur í starfi. Skólaárið hófst á foreldraviðtalsdegi. Þar gafst dýrmætt tækifæri til þess að miðla upplýsingum milli foreldra og kennara. Á skólaárinu voru einnig að lágmarki tvö viðtöl við alla foreldra, þó ekki á sérstökum foreldraviðtalsdögum heldur eftir að kennslu lauk eða í eyðum í stundatöflum kennara. Eins og gefur að skilja voru fundir, símtöl og tölvupóstsendingar tíðari hjá stórum hópi nemenda. Sérstakir viðtalstímar kennara voru ekki skráðir á töflu heldur var upplýsingagjöf og samráði við foreldra sinnt eins fljótt og hægt var. Gafst það fyrirkomulag afar vel. Rík áhersla var lögð á upplýsingastreymi til forráðamanna. Var það gert með vikulegum bréfum umsjónarkennara eða blogg færslum.

Foreldraheimsóknir

Fjölmargir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomu í byrjun skóladags. Þá voru nokkrir foreldrar sem voru með börnum sínum hluta skóladagsins, og margir tóku þátt í vettvangsferðum.

6. Skýrslur umsjónarkennara

Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk

Nemendur í 1.bekk voru 16 og í 2.bekk voru nemendur 12. Tveir nemendur í 1.bekk fluttu úr bænum og hættu því í skólanum. Umsjónarkennarar voru Ólöf Sigurðardóttir og Íris Björk Baldursdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Sesselja Þóra Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Kristín Guðbrandsdóttir sem kenndi listir, Hrafnhildur Sævarsdóttir og Samúel Ívar Árnason sem kenndu íþróttir, Kristín Steinarsdóttir sem kenndi tölvu og upplýsingamennt, Guðbjörg Grétarsdóttir sérkennari, Margrét Perla Kolka Leifsdóttir og Ólafur Schram sem kenndu tónmennt.

Kennslustundir

Nemendurnir fengu 20 kennslustundir (60 mín hver stund). Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð. Listir voru fastar á stundatöflu tvær klukkustundir á viku hjá 1.bekk en hjá 2.bekk bættist við ein stund í hönnun og smíði. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru í tvær klukkustundir. Sund var kennt á tveimur námskeiðum samtals 16 klukkustundir. Enska var einnig kennd í lotum, 1/2 kennslustund á dag í eina viku. Lotur í enskukennslunni voru tvær á hvorri önn, 4 yfir veturinn. Reynt var eftir megni að samþætta sérgreinarnar við viðfangsefnið og gekk það almennt mjög vel.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að börnunum liði vel í skólanum að þau fái jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að vekja jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á almenna skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var ríkur þáttur þennan vetur og mikið unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Bekkjárfundir voru haldnir vikulega. Mikil áhersla var lögð á lestrarnám og ritun. Hjá 2.bekk var aukin áhersla lögð á einfalda málfræði og nemendunum leiðbeint með stafsetningu. Reynt var að láta alla nemendurna lesa daglega í skólanum og mælst til þess að eins væri gert heima. Í stærðfræði var unnið með talnaskilning auk einfaldra reikniaðgerða. Nemendur í 1.bekk söfnuðu saman hlutum í smáhlutasafn sem notað var í ýmiskonar stærðfræðivinnu. Nemendur í 2.bekk unnu mikið með þrautalausnir og margföldun. Mikil áhersla var lögð á hlutbundna stærðfræði og leik í stærðfræði. Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti	Helstu áherslur í verkefninu
Skólabyrjun	kynnast skólaumhverfinu og þjálfra upp vinnubrögð
Hafið og fjaran	kynnast hafinu og lífríki þess. Sjórinn og fjaran við skólann voru skoðuð og farið í vettvangsferðir sem tengdust viðfangsefninu.
Heimilisvika	Verkefni sem tengjast heimilishaldi unnin í skóla og heima
Einn ég	Í verkefninu var lögð áhersla á sérstæði hvers einstaklings. Unnið var með líkamann á margvíslegan hátt. Einnig var unnið með fjölskylduna og mismunandi fjölskyldugerðir. Aðaláherslan í verkefninu var á umburðarlyndi.
Jól	Unnið var með jólavísur Jóhannesar úr Kötlum. Unnin voru fjölmörg mismunandi verkefni sem nemendur völdu sjálfir. Boðskapur jólanna og jólasagan var einnig tekið fyrir.
Veðrið	Í þemanu voru tekin fyrir eftirfarnadi viðfangsefni – árstíðir, sólaringur, ský, úrkoma, hiti og frost og veðurfréttir
Tilraunir og vísindi	framkvæmdar ýmsar einfaldar tilraunir í eðlis og efnafræði – vísindaleg vinnubrögð kynnt
Heimilisvika	Verkefni sem tengjast heimilishaldi unnin í skóla og heima
Margföldun	Verkefni þar sem margföldun var kynnt og útbúin myndræn verkefni í því samhengi. Ýmsir margföldunarleikir notaðir.
Ungar	Lífsferill fugls – fengin voru egg sem sett voru í útungunarfél. Ungarnir síðan settir í búr og þaðan fluttir út í hænsnakofa. Nemendur fylgdust með þyngd og þroska.
Vorið	Unnin ýmis verkefni í tengslum við náttúruna og fylgst með hvernig náttúran vaknar í vorinu. Fuglar voru líka skoðaðir. Þetta verkefni var aðalega unnið af 1.bekk
Góðgerðarhátíð	Haldin var veisla og tónleikar fyrir aðstandendur og ágóðinn gefin bágstöddum. Unnið af 2.bekk

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Fjölgreindakenningin var í hávegum höfð. Í upphafi og lok hvers dags hittist hvor umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf eða blogguðu um starfið hverju sinni. Skipulag og markmið þemavinnunnar var birt á foreldrasvæðum á mentor.is. Foreldrar fengu einnig send heim "Gera mitt besta" blað þar sem helstu markmið hvers þema voru tilgreind. Nemendur unnu nokkur heimaverkefni þar sem krafist var samvinnu fjölskyldunnar. Foreldrar tóku þátt og aðstoðuðu við skipulagningu á nokkrum uppákomum.

Ferðir

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var í Náttúrugripasafn Kópavogs, gróðursett í Sandahlíð, miðbær Reykjavíkur heimsóttur, Hellisgerði í Hafnarfirði, Nauthólsvík, Heiðmörk, hjólaferð, Húsdýragarðinn, skíðaferð, kirkjuferð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans. Vorferð var farin á Þingvelli, Nesjavelli og á Úlfliótsvatn.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 47 dagar.
Leyfisveitingar voru 17 dagar.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og nokkur hefðbundin skimunarpróf. Nemendur gerðu reglulega sjálfsmat. Könnun á líðan nemenda var lögð fyrir í tvígang. Námsmat var kynnt foreldrum þrívægis í vetur. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Ennfremur fengu nemendur gulldisk með myndum af sér í starfinu og með verkefnum sem unnin höfðu verið í tölvum. Einnig fóru nemendur heim með brot af því besta eða verkmöppu sem þau sjálf völdu efni í.

Námsbækur og gögn

Kátt er í Kynjadal
Eining 1-2-3-4
Viltu reyna 1-2-3
Komdu og skoðaðu hafið
Komdu og skoðaðu land og þjóð
Komdu og skoðaðu umhverfið
Pínulitla Ritrún
Vinnubók 1-2-3-4
Stig af stigi 1-2
Umhverfið
Náttúran og lífið
Skrift 1-2-3-4
Ýmsar lestrarbækur
Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Lengd þemalotanna riðlaðist all nokkuð þar sem efnið reyndist viðameira en áætlað hafði verið. Námsárangur var að jafnaði mjög góður út frá þeim markmiðum sem lagt var upp með. Þrír kennarar komu að

almennri kennslu í 2 bekk. Skapaði það nokkurt ójafnvægi og heildaryfirsýn yfir verkefni því ekki nógu markviss. Fyrir vikið náðist ekki nógu mikil samvinna á milli 1. og 2. bekkjar.

Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk

Nemendur í 3.-4.bekkar voru 40 fyrir áramót og 41 eftir áramót. Tveir nýjir nemendur byrjuðu í 3.bekk um áramót og einn úr 4.bekk hætti.

Umsjónarkennarar hópsins voru Berglind Þórisdóttir, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir og Edda Björg Sigurðardóttir sem einnig er smíðakennari skólans. Sesselja fór í barneignafri um áramót og tók þá Hrafnhildur Sigurðardóttir við hennar stöðu. Kristín Guðbrandsdóttir kenndi listir, Ólafur Schram kenndi tónmennt, Kristín Steinarsdóttir kenndi tölvu og upplýsingatækni, Hrafnhildur Sævarsdóttir og Samúel Ívar Árnason kenndu íþróttir og Guðbjörg Grétarsdóttir var sérkennari hópsins. Stella Hermannsdóttir talmeinafræðingur tók tvo nemendur í þjálfun í samráði við kennara.

Kennslustundir

Nemendur fengu 13 kennslustundir (60mín hver stund) á viku með umsjónarkennurum. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Stærðfræði og íslenska voru fastir tímar á stundatöflu, 2 klukkustundir á viku. Listir voru einnig fastar á stundatöflu tvær klukkustundir á viku. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru í tvær klukkustundir. Sund var kennt á tveimur námskeiðum samtals 18 klukkustundir. Tölvukennsla var föst á stundatöflu ein klukkustund á viku.

Helstu áherslur hópsins

Lögð var áhersla á að nemendur fengju jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að námsuhverfið næði að vekja hjá nemendum jákvæðan námsáhuga.

Í upphafi var mikil áhersla lögð á jákvæð samskipti á milli nemenda, samhug og samkennd ásamt almennri skólafærni. Nemendur sátu vikulega bekkjarfundi í allan vetur þar sem farið var yfir samskiptin í hópnum og hvernig æskilegt er að nemendur komi fram hver við annan. Nemendur voru spurðir þriggja spurninga á fundunum: Hefur mér verið strítt? Hef ég strítt einhverjum? Er málið leyst eða þarftu aðstoð fullorðinna? Með þessum hætti fengu allir tækifæri til að segja frá því sem þá hafði hennst og þeir sem gerðu eitthvað á hlut annarra voru látnir taka ábyrgð á hegðun sinni og framkomu.

Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var nokkuð einkennandi þáttur fyrir skólastarfið í vetur og var mikið unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Þó nokkur áhersla var lögð á lestrarnám, málfræði og stærðfræði. Skóladaðurinn hófst alltaf á hljóðlestrarstund og þannig var það tryggt að allir lásu á hverjum degi. Í heimanámi nemenda var lögð rík áhersla á nemendur læsu og var ætlast til að þeir læsu minnst 15 mínútur á dag. Í málfræði var unnið með námsþættina andheiti - samheiti, sérnöfn - samnöfn, eintöflu – fleirtölu, sagnorð og nafnorð. Í stærðfræði var unnið með talnaskilning, mælingar, ýmis rit, brot

og form. Kennsla í margföldun hófst að fullum krafti og nemendur 4.bekkjara unnu með deilingu. Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla.

Bemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Tré og plöntur	Að nemendur þekki plöntur í nánasta umhverfi og geti skráð mismunandi einkenni þeirra.
Vínátta	Efla samkennd hópsins.
Heimilisvika	Kenna nemendum um helstu heimilisstörf og gera þá að þátttakendum í heimilisstörfum.
Ísland, landið mitt	Kenna nemendum um land og þjóð.
Íslenska, málið mitt	Að vinna með markmið úr Aðalnámsskrá íslensku í gegnum leik og fjölbreytta verkefna vinnu. Lögð var áhersla á málfræði.
Reikningslist í mörgum myndum	Að vinna með markmið úr Aðalnámsskrá stærðfræði í gegnum leik og fjölbreytta verkefna vinnu. Lögð var áhersla á rúmfræði.
Páskarnir	Páskaboðskapurinn
Vísindi	Að nemendur kynnist vísindum og læri að framkvæma tilraunir.
Umferðaráttak	Að nemendur læru umferðarreglur og þjálfist í að fara eftir þeim. Að nemendur átti sig á eigin ábyrgð í umferðinni og að þeir átti sig á hættunni sem fylgir henni.
Pöddur	Að nemendur átti sig á hvaða lífverur lifa í næsta nágrenni skólans. Að þeir læri um og geti nefnt algeng smádyr.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám í öllu skólastarfinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku, að minnsta kosti 2 kennslustundir í senn. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám með gerð vikuáætlunar. Námsgreinar og efni sem tengdist gerð vikuáætlunar voru lestur, skrift, móðurmál, stærðfræði og önnur tilfallandi verkefni. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim. Fjölgreindakenning Gardners var í hávegum höfð við undirbúning lotanna og skipulagningu námsleiða nemenda.

Námsbækur og gögn

Litla Ritun
Ritun,

Ás,

Tvistur,

Pristur

Við stefnum á margföldun

Við stefnum á deilingu

Skrift 1 - 7

Hollt og gott f. 4.bekk

Lífsleikniefni úr ýmsum áttum

Umferðarefni frá Rauða Krossinum

Eining 1-2-3-4-5-6-7

Viltu reyna 1-2-3-4

Skrift 1-2-3-4-5-6-7

Ýmsar lestrarbækur

Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf um starfið í vikunni sem leið. Eftir áramót var bréfið birt á bloggi í stað þess að senda það í tölvupósti. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur og ýmis önnur mál. Margir foreldrar vildu auka heimanám barnanna og var ákveðið að heimanám yrði einu sinni í viku. Heimanámið var fjölbreytt t.d stærðfræði af ýmsum toga, sögugerð, vináttuspil og einu sinni gerðu nemendur tilraun heima með foreldum sínum í tengslum við vísindapema. Þeir sem óskuðu eftir því að fá vinnubækur með sér heim fengu það.

Ferðir

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var í gróðursetningarferð í Sandahlíð, bæjarferð í Garðabæ, Ráðhús Reykjavíkur, Hellisgerði, Jólaborpið, Mjólkursamsöluna, Morgunblaðið, Húsdýragarðinn, að Kópavogstjörn, Hjálparsveitskáta Garðabæ og svo var Slökkvilið Hafnafjarðar heimsótt. Einnig var farið í fjölmargar ferðir í nágrenni skólans.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 83.

Leyfisveitingar voru 68 dagar.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og 3 hraðlestrarpróf voru í vetur. Í hverju þema var bæði kennaramat og sjálfsmat nemenda.

Námsmat var kynnt foreldrum eftir jól með viðtölum og svo var námsmat afhent í sérstakri möppu í lok skólaársins. Ennfremur fengu nemendur 3. og 4.bekkjar afhentan geisladisk með myndum sem þeir höfðu sjálfir valið. Einnig fóru nemendur heim með brot af því besta af vinnu vetrarins í verkmöppu en innihald þeirrar möppu var efni sem nemendur höfðu sjálfir valið af vinnu vetrarins.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd stóðst mjög vel. Námsárangur nemendar var almennt góður og var það

metið út frá markmiðum hveurrar lotu og markmiðum aðalnámskrár sem lagt var upp með í haust.

Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk

Í upphafi vetrar voru 8 nemendur í 5. bekk og 31 nemandi í 6. bekk. Einn nemandi bættist í hópinn í 6. bekk í desember og voru því 40 nemendur við lok skólaárs. Umsjónakennarar hópsins voru Elfa Hrönn Friðriksdóttir og Margrét Tómasdóttir. Einnig vann Sigríður Gísladóttir, þroskaþjálfari náð með hópnum. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi íþróttir og sund fyrir áramót. Samúel Ívar Árnason íþróttakennari leysti hana af eftir ármót. Kristín Guðbrandsdóttir kenndi listir og Kristín Steinarsdóttir kenndi tölvu- og upplýsingatækni. Edda Björg Sigurðardóttir kenndi nemendum í 5. -6. bekk smíði og Margrét Perla Kolka Leifsdóttir og Ólafur Schram skiptu með sér tónmenntakennslu. Sérkennari var Guðbjörg Grétarsdóttir. Skólaliðarnir Helga Martinsdóttir (eftir þörfum) og Rafn Emilsson (6 klukkustundir á viku) unnu með hópnum, mest þó í stuðningi við einn nemanda. Skólaliðarnir komu inn í starfið þegar líða tók á veturinn.

Kennslustundir

Nemendur fengu 15 kennslustundir og 5 mín. (60 mín. hver stund) með umsjónarkennara. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Námsgreinarnar sem teknar voru til umfjöllunar í vetur voru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, tölvu- og upplýsingatækni, heimilisfræði og lífsleikni. Kristinfræði var ekki kennd í samþættingu heldur í kennslustundum. Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð. Listir voru fastar á stundatöflu tvær klukkustundir á viku. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru í tvær klukkustundir. Nemendum var skipt í þrjá hópa og var sund kennt á þremur námskeiðum samtals 13 klukkustundir. Tölvu- og upplýsingatækni var föst á stundatöflu ein klukkustund á viku. Enska var kennd eina klukkustund á viku sameiginlega fyrir báða árganga.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að byggja upp gott og heilbrigt námsumhverfi fyrir nemendur. Á fyrstu vikum vetrarins var lögð áhersla á að árgangarnir kynntust og þjálfuðust í að vinna saman að ýmsum verkefnum. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í að móta það skólasamfélag sem þeir voru hluti af og í kjölfarið var mikið unnið með samskipti, framkomu og samvinnu í hópnum. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Í einstaklingsmiðuðu námi er lykilatriði að fram fari meira nám en kennsla og var því mikil og stöðug áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda og að þeir beri ábyrgð á eigin vinnu. Einnig að skólinn sé vinnustaður nemenda og að þeir vinni eins mikið af sinni vinnu og hægt er á vinnustaðnum og nýti vinnutíma sinn sem best. Heimanám var fyrst og fremst í formi lestrar valbóka en samt sem áður voru ákveðin viðfangsefni í tengslum við þemun og þjálfun í stærðfræði og íslensku unnin heima.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Haustið Náttúrufræði, íslenska, stærðfræði og lífsleikni.	Að nemendur geri sér grein fyrir hvernig náttúran og samfélagið breytist á haustin og túlki upplifun sína á haustinu á margvíslegan hátt. Einnig að nemendur æfist í að vinna saman og sýni hvert öðru virðingu.
Snorri Sturluson Samfélagsfræði, tölvu- og upplýsingatækni og íslenska.	Að nemendur þekki lífshlaup og ritverk Snorra og kynnist sögu handritanna. Einnig að nemendur þjálfist í að hlusta á umræður og taka þátt í þeim.
Heimilisvika I Heimilisfræði, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni, listir og lífsleikni.	Auka þátttöku nemenda í störfum fjölskyldunnar. Styrkja sjálfsbjargarviðleitni og auka ábyrgð nemanda á nánasta umhverfi sínu. Fá þjálfun í að útbúa einfalda rétti.
Íslenska er málið mitt Íslenska.	Að nemendur þjálfist í að ná upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi. Nemendur þjálfist í grundvallaratriðum í málfræði og stafsetningu. Vinni greinargerð um stutta sögu.
Jólin Listir og hönnun, lífsleikni.	Að nemendur velji sér jólaverkefni og vinni í aldursblönduðum hópum.
Líf og leikur Lífsleikni, stærðfræði, listir og hönnun, leikræn tjáning, íslenska.	Að nemendur vinni með ólíkar tilfinningar, útbúi og skrifi í leiðarabók. Geri sér grein fyrir áhrifamætti auglýsinga og átti sig á að stærðfræði nýtist þeim í daglegu lífi.
Heimilisvika II Heimilisfræði, stærðfræði.	Að nemendur þjálfist að vinna eftir skriflegum uppskriftum. Að nemendur þjálfist í að nota mælitæki við matreiðslu.
Himingeimurinn Íslenska, náttúrufræði, stærðfræði, enska, tölvu- og upplýsingatækni, listir.	Að nemendur þekki stöðu og hreyfingu jarðarinnar í sólkerfinu. Geri sér grein fyrir stærð reikistjarna og fjarlægð þeirra frá sólu.
Alþingiskosningar Íslenska, samfélagsfræði.	Að nemendur átti sig á hvað lýðræðislegar kosningar eru. Kynnist því hvaða málefni eru mikilvæg fyrir landið okkar. Vinni saman að skapandi og ögrandi verkefnum.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám í öllu skólafarfinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem samræðuaðferðir, sýnikennslu, skoðunarferðir, gestafyrirlesara og heimsóknir, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu,

skriflega tjáningu, töflukennslu, lesið, spurt og spjallað, leikræna tjáningu og leiki. Í haust var lagt upp með að útikennslan væri í hverri viku, einn tíma í senn. Í einstaka tilfellum féll hún niður. Eins og áður segir var mikil áhersla lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Nemendur gerðu vikuáætlun í málfræði, stafsetningu, skrift og stærðfræði og unnu eftir þeirri áætlun í vinnustundum sem voru yfirleitt fimm klukkustundir á viku, þvert á þemavinnuna. Hvert þema var kennt í eina til fimm vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum. Þá var nemendum boðið að vinna einstaklingsverkefni sem fæli í sér að velja sér viðfangsefni, læra um það og kynna fyrir samnemendum. Vinna við verkefnið þurfti að vera að lágmarki tuttugu klukkustundir bæði heima og í skóla. Meiri hluti nemenda valdi að taka þátt í verkefninu og varð útkoman yfirleitt mjög góð. Fyrri hluta vetrar var nemendum (ásamt 7. bekk) skipt í 3ja til 4ra manna hópa í ensku og keyrð hringekja úr námsefni 5. og 6. og 7. bekkjar. Í febrúar var skipt um námsefni og meiri áhersla lögð á málfræði og lestur léttlestrarbóka.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Þar mætti telja í íslensku, Skruddu I og II, Skræða I og II. Mál til komið og Mál í mótun og Mál er miðill + vinnubækur. Skrift 5, 6 og 7. Rauðkápa og Blákápa og Ljóðspor og efni af skólavef. Einnig voru notaðar bækurnar Ás, Tvistur og Þristur. Í stærðfræði var notast við bækurnar Viltu reyna, Einingarbækurnar og Geislabækurnar. Stjörnubækurnar (aukaefni í stærðfræði) voru líka notaðar. Í ensku voru bækurnar Build up og Speak out notaðar og málfræðihefti eftir Barbro Carlsson og Lena Sjöholm. Gott og gagnlegt I og II í heimilisfræði.

Í þemunum var eftirtaldar námsbækur notaðar til hliðsjónar: Auðvitað 2, Snorra Saga, Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum, Ég er bara ég og ýmis konar efni af vef og ljósrit.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu reglulega fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veittu upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Sú heimavinna sem nemendur unnu var oftast hugsuð sem samvinna nemenda og foreldra. Foreldrar kvittuðu fyrir heimalestri nemenda sem var föst heimavinna allan veturinn. Í heimilisviku unnu nemendur ýmis verkefni á heimilinu sem foreldrar höfðu eftirlit með og mátu frammistöðu nemenda. Þá var einstaklingsverkefnið unnið að ¾ hluta heima og undir leiðsögn og með hjálp foreldra. Foreldrafulltrúar nemendahópsins stóðu fyrir spilakvöldi, nemendur hittust í Bjarkarhúsinu og fengu aðgang að tækjum, vídeókvöldi, keiluförð og bekkjarkvöldi.

Ferðir

Í vetur var farið í margar vettvangsferðir og voru þær flestar í tengslum við það þema sem hópurinn var að vinna í hverju sinni. Umhverfi skólans var nýtt í náminu og m.a. farið í fjöruferðir við skólann, gönguferðir í Gálgahraun og í Sjáländshverfinu.

Nemendur fóru tvisvar í Hellisgerði, annað skiptið í haustlitaferð og hitt í tengslum við heimsókn á Byggðasafn Hafnarfjarðar. Einnig var farið í gróðursetningaferð í bæjargarð Garðabæjar (hraunið við Hraunholtslæk). Nemendur fóru í Hagkaup á Garðtorgi í tengslum við heimilsviku. Farið var í vettvangsferðir á Sögusafnið í Perlunni, í Kringluna í tengslum við lífsleikniverkefni, Þjóðmenningarhúsið, ferð í tengslum við dag íslenskrar tungu, jólaferð í miðbæ Reykjavíkur, leikhúsfærð í Hofstaðaskóla, kosningaskrifstofur allra framboða fyrir alþingiskosningar heimsóttar. Einnig var farið í skíðaferð, á skauta í Laugardal, í gróðursetningaferð í Guðmundarlund og í vor fór um við í hjólaferð í Nauthólsvík. Vorferð var farin á Þingvelli, Nesjavelli og á Úlfjótuvatn.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 221.

Leyfisveitingar voru 181 dagar.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Einnig mátu nemendur eigin vinnu og afurð sem og samnemenda sinna. Tekið var upp á því eftir áramót að nemendur skyldu meta vinnu sína, hegðun og frammistöðu mánaðarlega í samvinnu við umsjónarkennara og foreldra. Í heimilsviku tóku foreldrar þátt í mati á vinnu nemenda. Kannanir voru lagðar fyrir í íslensku, stærðfræði og ensku í janúar og maí. Námsmat var kynnt foreldrum eftir jóla og aftur um vorið. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt vel. Fyrrihluta vetrar voru samskipti nemenda og framkoma fyrirferðamikil og tímafrek viðfangsefni en framfarir urðu líka miklar þegar leið á veturinn. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd stóðst oftast. Námsárangur nemenda var almennt góður og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru 9 í vetur. Umsjónarkennari var Ólafur Schram en hann var í feðraorlofi fram að áramótum og því var Helgi Grímsson skólastjóri umsjónakennari hópsins fram að áramótum. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Kristín Guðbrandsdóttir sem kenndi listir, Hrafnhildur Sævarsdóttir og Samúel Ívar Árnason sem kenndu íþróttir og sund, Margrét Perla Kolka Leifsdóttir sem kenndi dönsku allan veturinn og tónmennt fyrir áramót, Edda Björg Sigurðardóttir sem kenndi hönnun og smíði. Auk þess kenndi Ólafur hópnum tónmennt eftir áramót. Guðbjörg Grétarsdóttir sérkennari kenndi einstaklingum úr hópnum sérkennslu ýmist einstaklingslega eða í tveggja til fjögurra manna hópum. Tímar í tölvu- og upplýsingatækni voru ekki á stundatöflu bekkjarins en Kristín Steinarsdóttir aðstoðaði við þau verkefni sem nemendur unnu á tölvur í skólanum.

Kennslustundir

Nemendur fengu 18, 4 kennslustundir (miðað við 40 mínútna kennslustundir) með umsjónarkennara á viku. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Námsgreinarnar sem teknar voru til umfjöllunar í vetur voru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði, enska, tónmennt og lífsleikni. Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Listir voru fastar á stundatöflu tvær klukkustundir á viku, smíði tvær klukkustundir, tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru tvær klukkustundir en sund kennt í lotum. Enska var kennd klukkustund á viku fyrir áramót en eftir áramót var hún kennd í klukkustund sumar vikur en þegar það átti við var hún fléttað inn í þemun og ekki kennd sér.

Helstu áherslur hópsins

Vegna mikillar breiddar í nemendahópnum var mikil áhersla lögð á að námið væri aðlagað að getu, þörfum og vinnuhraða hver og eins. Mikil áhersla var lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra. Mikið var unnið með samskipti í hópnum, að styrkja einstaklinginn og rétt allra til að fá að njóta sín og líða vel á sínum vinnustað. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennaranum þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Að hausti var gerður samningur um heimavinnu. Í samstarfi við foreldra ákváðu nemendur hversu löngum tíma þær ætluðu að verja til heimavinnu og til hvaða verkefna. Auka heimalestrar var heimavinna hjá flestum 2-3 klukkustundir á viku og var henni að mestu varið til þjálfunaratriða í íslensku og stærðfræði. Eftir áramót var breytt um stíl og heimavinnuáætlanir snerust meira að mælingu verkefna í stað fasts tíma (nemendur vildu ná „akkorði“).

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Líf og umhverfi	

Veðrið	Hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á veður og veðurfar, hvernig veður hefur áhrif á daglegt líf.
Ísland og miðaldir	Öðlist skilning á stöðu Íslands í heiminum á tímanum frá siðaskiptum til upphafs seinustu aldar
Heimilisvika 1	kynnast helstu heimilisstörfunum og að nemendur verði þátttakendum í þeim.
Efni og eðli	Kynnast frumeindum og sameindum og læri um sérkenni efna
Jólavika	Nemendur tóku þátt í fjölbreyttum valverkefnum sem tengjast jólum og jólahaldi
Þjóðsögur	Kynnast þjóðsögum, einkennum þeirra og vinni með þær á fjölbreyttan hátt.
Heimilisvika 2	kynnast helstu heimilisstörfunum og að nemendur verði þátttakendum í þeim.
Mannslíkaminn	Kynnast mannslíkamanum, líffærakerfi hans, vörnum hans og þeim breytingum sem verða á honum.
Frumkristni	Kynnist því samfélagi sem kristin trú spratt upp úr, og þeim atburðum sem leiddu til stofnun kirkjunnar og hvernig hún breiddist út.
Evrópa	Kynnist álfunni sinni og fræðist um landafræði og sögu hennar.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju, og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám í öllu skólastarfinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Hvert þema var kennt í eina til fimm vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum. Á vorönn var nemendum boðið að vinna einstaklingsverkefni sem fæli í sér að velja sér viðfangsefni, læra um það og kynna fyrir samnemendum. Vinna við verkefnið þurfti að vera að lágmarki tuttugu klukkustundir bæði heima og í skóla. Meiri hluti nemenda valdi að taka þátt í verkefninu og varð útkoman yfirleitt mjög góð.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar Mál er miðill, Grænkápa, Ljóðspor og Skrift 7 auk efnis af Skólavefnum, vef Námsgagnastofnunnar o.fl. námsvefjum. Í Stærðfræði notuðu nemendur Geisla 3 grunnbók, og verkefnabækurnar Geisla 3A- og B, einnig stjörnuþækurnar og efni af Skólavefnum og vef Námsgagnastofnunar. Í ensku var notuð bókin Build up, ýmsar léttlestrarbækur og valdir kaflar úr bókinni The Usborne Internet – linked Encyclopedia of World History. Í þemum voru eftirtaldar bækur notaðar: Ein grjóthruða í hafinu, Auðvitað I, II og III, Evrópa-álfan okkar, Upprisan og

lífið, Ljós heimsins, Líkami mannsins, Þjóðsagna safn Jóns Árnasonar auk fleiri þjóðsagnasafna.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftast fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Sú heimavinna sem nemendur unnu var oftast hugsuð sem samvinna nemenda og foreldra. Foreldrar kvittuðu fyrir heimalestri nemenda sem var föst heimavinna allan veturinn. Í heimilisvikunum unnu nemendur ýmis verkefni á heimilinu sem foreldrar höfðu eftirlit með og mátu frammistöðu nemenda. Þá var einstaklingsverkefnið unnið að $\frac{3}{4}$ hluta heima og undir leiðsögn og með hjálp foreldra.

Ferðir

Í vetur var farið í margar vettvangsferðir og voru þær flestar í tengslum við það þema sem hópurnir var að vinna í hverju sinni. Umhverfi skólans var nýtt í náminu og m.a. farið í heimsóknir í Vídalínskirkju, Garðalund og Hofstaðaskóla. Þá voru nokkrar kajak ferðir farnar frá skólanum, sú lengsta út á Bessastaðanes. Farið var í vettvangsferðir á Veðurstofu Íslands, Árbæjarsafn, í IKEA, Hagkaup, Þjóðmenningarhúsið og á Kjarvalstaði. Þá var einnig farið í skíðaferð, kynnisferð um Nesjavelli, heimsókn á Úlfjótssvatn og gönguferð um Þingvelli.

Hópurinn fór í tvær útilegur í skátaskálann Lækjarbotna. Önnur ferðin var tveggja daga en hin síðari þriggja daga. Markmið ferðanna var að styrkja samkennd í hópnum, auka sjálfstæði þeirra og áræði. Einnig var lögð rík áhersla á að vinna að markmiðum heimilisfræðinnar og þannig sá nemendum um alla matseld sem var sameiginleg og þrif á húsinu. Í seinni ferðinni var m.a. farið í Raufarhólshelli.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 27

Leyfisveitingar voru 5 dagar

Námsmat

Nemendur 7. bekkjar þreyttu samræmt próf og var árangur að mestu í samræmi við væntingar.

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Einnig mátu nemendur eigin vinnu og afurð sem og samnemenda sinna. Í heimilisvikunum tóku foreldrar þátt í mati á vinnu nemenda. Kannanir voru lagðar fyrir í þeim greinum sem kenndar voru þvert á þemun í janúar og maí. Námsmat var kynnt foreldrum eftir jóla. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum.

Námsárangur nemendar var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Þá þurfti einnig að finnstilla ýmis atriði sem vörðuðu samskipti á heimasvæði og í matsal. Nokkur tími í október fór í undirbúning vegna samræmdra prófa og reyndist það nauðsynlegt.

Ágætlega tókst að halda utan um þemun og tímalengd stóðst oftast en einu þema var sleppt vegna tímaskorts. Þá kom í ljós að ekki er ráðlegt að skipta þema í kringum samræmt próf því erfitt reyndist að ná upp dampi.

Þessi 9 nemenda hópur var fyrsti útskriftarárgangur skólans og má segja að þau hafi vaxið mjög sem einstaklingar og hópur á skólaárinu.

7. Skýrslur list og verkgreinakennara

Skýrsla íþróttakennara

1. bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslunni eru að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er löðg áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Einnig er lögð ríka áhersla á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Í efri bekkjunum er áhersla á að nemendur séu það sjálfstæðir og meðvitaðir um hvað er hægt að gera sér til hreyfings að þeir geti sjálfir stundað þá hreyfingu sem þeir vilja, hvort sem er í íþróttafélagi eða einir og sér. Mikil áhersla er á samvinnu og aðstoða og hvetja féлага sína áfram.

Tími

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember var eingöngu um útikennslu að ræða annars voru nemendur inni í hreyfirýminu.

Viðfangsefni

Það var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun og þrautabrautir. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur. Boccia, krikket, kóngaleikinn og frisbeegolf voru vinsælir leikir síðasta haust. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og skotbolti, brennó og kýló höfðu nemendur mjög gaman af. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og langstökk var farið í og þar voru nemendur í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar, hinn sívinsæli Tarzan leikur og svo fengu nemendur stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Brekkurnar í kringum skólann notaðar fyrir sleðaferðir. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr næsta skólaár.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum- líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvaþjálfun þar sem húsnæðið býður svolítið upp á þá kennsluaðferð og svo voru þrautabrautir.

Einnig tók ég mið af því hvernig nemendur komu undirbúnir til að byrja í skóla.

Tenging við lotur

Ekkert var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en það væri sniðugt að gera eitthvað af því á næsta ári. Ég tengdi íslensku og stærðfræði inn í íþróttirnar. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Geisladiskar sem til voru voru mikið spilaðir.

Matsaðferðir

Í janúar voru nemendur metnir, þ.e. áhugi, virkni, hegðun, færni og samvinnu og einnig skrifuð stutt umsögn um hvern og einn.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 1. bekk var álitid að það þyrfti að færa kennsluna inn yfir vetrartímann og var það gert. Það reyndist hárrétt ákvörðun.

2. – 4. bekkur

Markmið

Markmið kennslunnar er að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er lögð áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Einnig er lögð rík áhersla á er að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Í efri bekkjunum er áhersla á að nemendur séu það sjálfstæðir og meðvitaðir um hvað er hægt að gera sér til hreyfings að þeir geti sjálfir stundað þá hreyfingu sem þeir vilja, hvort sem er í íþróttafélagi eða einir og sér. Mikil áhersla er á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagi sína áfram.

Annar bekkur fylgdi að miklu leyti skipulagi þriðja og fjórða bekkjar þar sem þeirra geta er það mikil að þau höfðu betur til þess skipulags en fyrsta bekkjar skipulaginu.

Tími

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember var eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur annan tímann inni í hreyfirýminu með sínum umsjónarhópi og hinn tími vikunnar var kenndur úti (2. bekkur var báða tímana inni yfir veturinn).

Viðfangsefni

Það var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun og þrautabrautir. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur. Við vorum ekkert í skólagolfi og vil ég leggja meiri áherslu á það næsta skólaár. Boccia, krikket, kóngaleikinn og frisbeegolf voru vinsælir leikir síðasta haust. Ég fór í hjólaferð með nemendur síðasta haust og var sú ferð mjög skemmtileg. Boltaiþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og skotbolti, brennó og kúló höfðu nemendur mjög gaman af. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og langstökk var farið í og þar voru nemendur í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar, hinn sívinsæli Tarzan leikur og svo fengu nemendur stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Brekkurnar í kringum skólann notaðar fyrir sleðaferðir. Við fórum í haust á hjólabrettapallana við skólann sem er ágætis tilbreyting. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum- líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvabjálfun þar sem húsnæðið býður svolítið upp á þá kennsluaðferð og svo voru þrautabrautir.

Tenging við lotur

Ég bjó til innirátaleik í tengslum við jólaþemað. Það má vera meiri tengin við loturnar næsta vetur.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Geisladiskar sem til voru voru mikið notaðir.

Matsaðferðir

Í janúar voru nemendur metnir þ.e. áhugi, virkni, hegðun, færni og samvinnu og svo var skrifuð stutt umsögn um hvern og einn. Það var mjög gaman að sjá þá nemendur sem þurftu að bæta sig (frá foreldrafundum í nóvember), bæta sig og taka tillit til þess sem þau þurftu að breyta/bæta (að mati kennara).

Vettvangsferðir

Farið var í hjólaferð.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 2.,3. og 4. var kennslan aðlöguð að útiverunni. Það gæti verið gaman að vinna með smíðakennara og smíða kofa næsta vor og jafnvel fara yfir hjólin þeirra og fá kannski lögregluna til að koma og leiðbeina nemendum. Í framhaldinu af því væri sniðugt að fara í hjólatúr.

5-7 bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslunni eru að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er lögð áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Einnig er lögð rík áherslu á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurninn gerir eða hvað honum finnst. Í efri bekkjunum er áhersla á að nemendur séu það sjálfstæðir og meðvitaðir um hvað er hægt að gera sér til hreyfings að þeir geti sjálfir stundað þá hreyfingu sem þeir vilja, hvort sem er í íþróttafélagi eða einir og sér. Mikil áhersla er á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagi sína áfram.

Tími

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember var eingöngu um útikennslu að ræða.

Viðfangsefni

Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur. Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Boccia, krikket, kóngaleikinn og frisbeegolf voru vinsælir leikir síðasta haust. Farið var í hjólaferð með hópinn kynjaskiptan í haust og tókst sú ferð mjög vel. Boltaíþróttir, litlir boltaleikir eins og skotbolti, brennó og kýló

höfðu nemendur mjög gaman af. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og langstökk var farið í og þar voru nemendur í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir (kortaratleikir, teningarateleikir), frjálsir tímar og svo fengu nemendur stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Við fórum í haust á hjólabrettapallana við skólann sem er ágætis tilbreyting. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus en það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum- líkams- og heilsurækt og tókst að ná þeim að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvaþjálfun þar sem húsnæðið bauð mikið upp á það og svo voru þrautabrautir.

Tenging við lotur

Það má vera miklu meiri tenging við loturnar á næsta ári.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni.

Matsaðferðir

Í september var gerð líðankönnun hjá nemendum og þar kom fram að nemendum líður mjög vel í íþróttatímum sem er mjög ánægjulegt.

Vettvangsferðir

Farið var í hjólaferð.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 5., 6. og 7. bekk aðlagaði ég kennsluna að útiverunni. Það gæti verið gaman að vinna með smíðakennara og smíða kofa næsta vor og jafnvel fara yfir hjólin þeirra og fá kannski lögregluna til að koma og leiðbeina nemendum. Í framhaldinu af því væri sniðugt að fara í hjólatúr.

Ábendingar um kennslutæki, áhöld vinnuaðstöðu nem, kennara svo og skólalóðin

Það þarf síma inn í hreyfirýmið.

Útikennslan var frábær og nemendur voru ekki að kvarta undan aðstöðunni enda er hún mjög góð að mínu viti. Hún hentar íþróttakennslu Sjálandsskóla mjög vel.

Sundkennsla

1. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Markmiðið er líka að kenna þeim á búningaþstöðu en mikilvægt væri að foreldrar geri það svo hægt sé að nota sundtímana meira ofan í lauginni.

Samræmda sundstigið er eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 1. bekk.

- staðið í botni í grynri hluta laugar og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.
- flotið á bringu eða baki með eða án hjálparkækja
- gengið með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.
- bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálparkækja.

Tími

Það voru tvær sundlotur, hvor um sig stóð yfir í 3 vikur og fóru nemendur þrisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma. Nemendur 1. bekkjar fóru að hausti til og að vori til þegar hlýtt var í veðri.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, fjórar sunnaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Á fyrri námskeiðinu var hópnum skipt í tvennt undir stjórn umsjónakennara í grunnri laug í vatnsaðlögun og leikjum. Hinn hópurinn var þá með íþróttakennaranum að læra sunnaðferðirnar. Hvor stöð var í 20 mínútur. Með þessu móti voru nemendur á fullu allan tímann og engin bið eftir því að einhverjir væru búnir að synda. Hópaskiptingin fór eftir getu nemendanna.

Það var alltaf einn ofan í með þeim, sundkennari var á bakkanum og kennari ofan í.

Matsaðferðir

Eftir fyrri námskeiðið var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. farið með nemendum á sundnámskeið eða oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var líka bent á að hafa samband ef spurningar vöknuðu. Einnig var blað sent heim með upplýsingum um hvað gert var í tímum.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Nauðsynlegt að hafa umsjónakennara með þessum aldri og stórkostlegt að hafa kennara ofan í vatninu. Við verðum að halda því áfram upp á árangursríkari kennslu.

2. – 4. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 2. bekk.

marglyttuflot með því að rétta úr sér.

10 metra bringusund með eða án hjálpartækja

10 metra skólabaksunds fótatök með eða án hjálpartækja

spyrnt frá bakka og rennt með andlitið í kafi, að lágmarki 2,5 metra

hoppað af bakka í laug

Markmiðin fyrir 3. bekk.

12 m bringusund

12 m skólabaksund með eða án hjálpartækja

6 m skriðsunds fótatök með andlit í kafi og arma teygða fram

6 m baksunds fótatök með eða án hjálpartækja

Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.

Markmiðin fyrir 4. bekk

25 m bringusund

15 m skólabaksund

12 m skriðsund með eða án hjálpartækja

12 m baksund með eða án hjálpartækja

Flugsunds fótatök með eða án hjálpartækja

Stunga úr kropstöðu

Tími

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í 3 vikur og fóru nemendur þrisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, sundaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Á námskeiðinu var hópnum skipt í tvennt undir stjórn umsjónakennara í grunnri laug í vatnsaðlögun og leikjum. Hinn hópurinn var þá með íþróttakennaranum að læra sundaðferðirnar. Hvor stöð var í 20 mínútur. Með þessu móti voru nemendur á fullu allan tímann og engin bið eftir því að einhverjir væru búnir að synda. Hópaskiptingin fór eftir getu nemendanna.

2. bekkur synt þversum í dýpri lauginni, nokkrir nemendur í 3. bekk syntu þvert en aðrir í 3. og 4. bekk syntu 25m í einu.

Matsaðferðir

Fyrir námskeiðið sendi ég heim blað til foreldra þar sem kom fram hvað við gerum í tímunum og hvað nemendur þyrftu að geta að vori. Eftir námskeiðið var svo sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem

foreldrar geta gert t.d. farið með nemendur á sundnámskeið eða oftár í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var líka bent á að hafa samband ef spurningar vöknuðu.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Þetta var mjög einstaklingsmiðuð kennsla þar sem skólaliði aðstoðaði mjög mikið. Nauðsynlegt að hafa umsjónakennara með þessum aldri til að ná hámarksárangri.

5.-6. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 6. bekk.

200m bringusund
25m bringusund (35 sek)
50m skólabaksund
25m skriðsund
25m baksund
Marvaði
8m kafsund

Markmiðin fyrir 5. bekk.

75 m bringusund
25 m skriðsund m. fitum
25 m skólabaksund
12 m baksund
Marvaði í 20-30 sek
10 m flugsundsfótat. m hjálpart.
Stunga af bakka
Kafa eftir hlut 1-2m dýpi eftir 5m sund

Tími

Þau voru eina sundlotu sem stóð yfir í 4 vikur og fóru nemendur tvisvar í viku í 40 mínútna sundtíma og einu sinni í viku í 80 mínútna sundtíma. Nemendum var skipt í þrjá 14-16 manna hópa, í sumum hópum voru fleiri en í öðrum færri.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lög á sundfærni.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum var skipt á 3-4 brautir í lauginni eftir verkefnum. Raðað var á brautir eftir getu. Farið var mjög vel í allar sundaðferðirnar og var hópurinn einstaklega duglegur. Nemendur voru misfljótir að framkvæma þær æfingar sem lágu fyrir þannig að þeir fljótustu fengu tímaseðla sem þau syntu eftir þegar þau höfðu lokið þeim æfingum

sem kennarinn var með. Með þessu móti tókst að sinna vel þeim sem þurftu virkilega aðstoð en hinir fengu engu að síður eftirtekt, hrós, hvatningu og síðast en ekki síst nóg að gera.

Matsaðferðir

Nemendur fengu við upphaf námskeiðis blað með því sem tekið var fyrir í hverjum tíma. Eftir námskeiðið fengu nemendur skírteini A4 með umsögn og svo var merkt við hvort þeir hefðu náð ákveðnum markmiðum (sundstigi

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Það voru allir nemendur sem náðu sundstigunum og stóðu nemendur sig ótrúlega vel og voru mjög áhugasamir. Nemendur tóku miklum framförum á þessu námskeiði.

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

7. bekkur

Markmið

Markmiðin fyrir 7. bekk.

300 metra bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mínútum.

50 metra skólabaksund, stílsund.

15 metra björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsátök).

8 metra kafsund, stílsund.

Val nemenda:

50 metra bringusund á tíma

25 metra skriðsund á tíma

Tími

Nemendur voru einu sinni í viku fyrir áramót í 40 mínútur í senn.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lög á sundfærni.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum var skipt á 3-4 brautir í lauginni eftir verkefnum. Ég raðaði á brautir eftir getu. Farið var mjög vel í allar sundaðferðirnar. Nemendur voru þó misfljótir að framkvæma þær æfingar sem lágu fyrir þannig að þeir fljótustu fengu tímaseðla sem þau syntu eftir þegar þau höfðu lokið þeim æfingum sem kennarinn var með. Með þessu móti tókst að sinna vel þeim sem voru virkilega að leggja sig fram en tíminn nýttist því miður ekki eins vel til sundkennslu fyrir þá sem ekki voru tilbúnir til að gera það sem lagt var fyrir.

Matsaðferðir

Nemendur fengu við upphaf námskeiðis blað með því sem tekið var fyrir í hverjum tíma. Eftir námskeiðið fengu nemendur skírteini með umsögn og svo var merkt við hvort þeir hefðu náð ákveðnum markmiðum (sundstigi)

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Því miður voru nokkrir nemendur sem ekki náðu sundstiginu þar sem þeir mættu það illa að ekki var hægt að meta þá. Eins og mér finnst sniðugt að vera með sundið í lotum þá er líka gaman að fá bekk einu sinni í viku yfir lengri tíma. Í lotu kennslu sér maður að vísu meiri framfarir og nemendur fá tækifæri til að bæta sig þar sem námsmat fer fram eftir fyrri lotu með leiðbeiningum um úrbætur.

Ábendingar um kennslutæki.

Það verður frábært að fá sundlaug við skólann. Mér fannst vanta fleiri skemmtileg leikföng fyrir yngri nemendur sérstaklega. Skólinn keypti köfunardót og vonandi verður hægt að bæta einhverju við það fyrir næsta vetur. Nauðsynlegt er að hafa hópana ekki of stóra. Einnig er frábært í 1.-4. bekk að hafa tvo kennara, grunnurinn er svo mikilvægur fyrir framhaldið hjá nemendum. Flott að hafa 1.-2. bekk í sundi þegar hlýtt er. Mestu skiptir þó að hóparnir séu ekki of fjölmennir bæði öryggissins vegna og eins upp á framfarir nemenda.

Skýrsla í textílmennt og handmennt

1. bekkur

Í listum í 1. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Unnið var samhliða eftir þrepamarkmiðum 1. bekkjar í textílmennt og myndmennt.

Nemendur komu tvisvar í viku, klukkutíma í senn í listir. Allur gangur var á því hvort báðar námsgreinarnar voru í gangi í einu eða hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmennt. Ef margt var í gangi í einu þá var nemendum skipt niður í þrjá hópa og hringekja notuð til að halda utan um skipulagið. Reynt var að skipta tímafjölda jafnt milli námsgreina yfir árið.

Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar þar sem þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. textíl- eða myndmennt.

Í vetur unnu nemendur í 1. bekk eftirfarandi verkefni í listum:

- Möppu fyrir verkefni.
- Sjálfsmýnd.
- Grunnform kynnt - skoðað hvað hægt er að gera úr þeim.
- Náttúruleg form kynnt – borin saman við grunnformin – mynd unnin úr rifrildum.
- Einþrykk unnið á plexigler og prentað.
- Límptrykk – unnið á pappa og prentað.

- Leir – nemendur leiruðu slöngur og glerjuðu.
- Útilistir – umhverfi skólans teiknað.
- Litafræði – farið yfir litahringinn og einfaldar litablöndur gerðar – mest unnið með 6 lita hringinn ásamt því hvernig brúnn verður til. Vatnslitaverkefni unnið.
- Skissað eftir leiðbeiningum úr bók.
- Lítill myndarammi úr klósettrúllu ásamt lítilli sjálfsmýnd.
- Servíettubrot.
- Útsaumur – þræðispor. Nemendur hönnuðu fisk á blað, yfirfærðu yfir á stramma og saumuðu í hann þræðispor.
- Púði – nemendur unnu fiska með þræðispori sem þeir skreyttu framhlið púðans með – saumað saman með tunguspori, rúllupylsuspori eða þræðispori - einstaklingsmiðað.
- Vefnaður.
- Teiknað á grófan striga með tautússslitum – vefnaður notaður í bók á „furðuveru“. Úr þessu verður gert veggteppi fyrir skólann.
- Læra að hnýta saman tvo bandspotta – færnin notuð við vefnað.
- Læra að þræða nál.
- Læra að klippa út snjókorn.
- Læra að klippa út harmonikukarla.
- Þrjón – flestir prófuðu að þrjóna.
- Saumavél – flestir prófuðu að sauma tvinnalaust á blað.
- Klippipróf – fínhreyfingar æfðar.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara. Í vetur voru tvö samvinnuverkefni í 1. bekk:

- Í heimilisviku lærðu nemendur servíettubrot og var afraksturinn notaður á uppskeruhátíð 1. og 2. bekkjar.
- Reynt var að vinna verkefni í samvinnu við Bókasafnið í Garðabæ. Sökum tímaskorts í lokin féll verkefnið um sjálft sig. Verkefnið var framhald af samstafi skólans við Bókasafn Garðabæjar. Nemendur áttu að skreyta bókasafnspoka sem gefnir verða tveggja ára börnum í Garðabæ. Reynt verður að ljúka við verkið í haust.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, vinnusemi og umgengni um efni og áhöld.

2. bekkur

Í listum í 2. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Unnið var með þrepamarkmið 1. og 2. bekkjar þar sem þessi árgangur var í samkenndu á síðasta skólaári. Þá var horft til þess að þrepamarkmið þessara tveggja árganga væru tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu tvisvar í viku, klukkutíma í senn í listir. Allur gangur var á hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmenn á viku eða tveir tímar af annarri hvorri greininni en skipting tímanna yfir árið var jöfn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar þar sem þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. textíl- eða myndmennt.

Í vetur unnu nemendur í 2. bekk eftirfarandi verkefni í listum:

- Möppu fyrir verkefni.
- Sjálfsmýnd.
- Einþrykk unnið á plexigler og prentað.
- Límþrykk – unnið á pappa og prentað.
- Leir – nemendur leiruðu slöngur og glerjuðu.
- Útilistir – umhverfi skólans teiknað.
- Litafræði – farið yfir litahringinn og einfaldar litablöndur gerðar – mest unnið með 6 lita hringinn ásamt því hvernig brúnn verður til.
- Skissað eftir leiðbeiningum úr bók.
- Servíettubrot.
- Lítill myndarammi úr klósettrúllu ásamt lítilli sjálfsmýnd.
- Unnið með náttúruleg form í tengslum við þemað – *Hafið* – mynd gerð úr rifrildum
- Skrautfiskar unnir úr endurvinnanalegum efnum – tengt þemanu um *Hafið*.
- Leir – nemendur lærðu um gerð fingrapotta og glerjuðu.
- Jólagjafir.
- Krosssaumur. Nemendur hönnuðu sinn eigin fisk sem síðan var saumaður með krosssaumi í grófan java. Að því loknu var fiskurinn notaður framan á púða sem nemendur saumuðu saman í saumavél.
- Að þræða nál – finni nálar en í 1. bekk, grenni þráður.
- Klippipróf – fínhyfingar æfðar.
- Mynd á bókapoka - samvinnuverkefni þar sem krakkarnir skreyttu poka með mynd sem straujuð var á. Pokarnir voru gefnir tveggja ára börnum í Garðabæ.
- Þrjón – flestir prófuðu að þrjóna – frh. Úr 1. bekk.
- Saumavél - ýmsar æfingar gerðar í pappír – með og án tvinna, saumað í léreft, púði saumaður saman.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara. Eftirfarandi samvinnuverkefni voru unnin í 2. bekk:

- Í heimilisviku lærðu nemendur servíettubrot og var afraksturinn notaður á uppskeruhátíð 1. og 2. bekkjar.
- Unnið var verkefni í samvinnu við Bókasafnið í Garðabæ. Nemendur skreyttu bókasafnspoka sem gefnir verða tveggja ára börnum í Garðabæ. Verkefnið er framhald af samstafi skólans við Bókasafn Garðabæjar frá því á síðasta skólaári.
- Fiskar unnir úr endurvinnanlegu efni og í krosssaumi.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru sjálfsmat, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, hugmyndaugði og hönnun, umgengni, færni miðað við aldur, iðni og afköst ásamt vandvirkni.

3. – 4. bekkur

Í listum í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkennsla var í 3. og 4. bekk og unnið var með þrepamarkmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu tvisvar í viku, klukkutíma í senn í listir. Allur gangur var á hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmenn á viku eða tveir tímar af annarri hvorri greininni en skipting tímanna yfir árið var jöfn. Hringekjuformið var notað þegar ný færni var kynnt inn. Þá var sami hópurinn bæði í textíl- og myndmennt á sama tíma.

Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en að þeim loknum fylgdu stundum frjálsir tímar í báðum greinum þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. textíl- eða myndmennt. Mikið var unnið með mynstur í 3.-4. bekk í vetur.

Í vetur unnu nemendur í 3. og 4. bekk eftirfarandi verkefni í textíl- og myndmennt:

- Möppu fyrir verkefni.
- Sjálfsmynd.
- Formin í umhverfinu voru skoðuð og út frá þeim talað um grunnform og náttúruleg form.
- Klippipróf – fínhrøyfingar æfðar.
- Leirmótun - farið var í gerð rúlluaðferðina.
- Leirmunir glerjaðir.
- Útilistir – umhverfi skólans teiknað.
- Skissað eftir leiðbeiningum úr bók.
- Servíettubrot.
- Kartöfluprykk.
- Fingraprykk.
- Pappírsvefnaður.
- Spegilmynstur.
- Krosssaumur - Nemendur hönnuðu sitt eigið krosssaumsmynstur, saumuðu það og perluðu. Margir gerður púða úr verkefninu sínu. Hann var saumaður saman í saumavél.
- Saumavélaæfingar á blöð.
- Lestarverkefnið – nemendur lærðu að tituprjóna tvö stykki saman, staðsetja lítinn efnisbút á stærri fleti, að festa tölu og að sauma frjálst á saumavél.
- Litafræði – 6 lita hringurinn rifjaður upp.
með 6 lita hringinn ásamt því hvernig brúnn verður til.

- Í frjálsum tímum var vinsælast var að þrjóna, sauma í saumavél, leira frjálst og skissa.

Nemendur voru flestir duglegir að velja sér fjölbreytt verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara.

- Unnin var harmonikubók í tengslum við þemað *Íslenska- málið mitt*.
- Mynstur – unnið í tengslum við mynsturþema. Unnin voru spegilmynstur, krosssaumsmynstur, fingrabrykk og pappírsvefnaður í tengslum við þemað.
- Kartöflubrykk – unnið í *Trjápemanu*.
- Jólagjöf – lyklakippa unnin í samvinnu við smíðina og bekkjarkennara.
- Í heimilisviku lærðu nemendur servíettubrot og fóru með heim.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans ásamt saumavélaæfingum af vef námsgagnastofnunar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru sjálfsmat, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, hugmyndaugði og hönnun, umgengni, færni miðað við aldur, iðni og afköst ásamt vandvirkni.

5. – 6. bekkur

Í listum í 5. – 6. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkennsla var í 5. og 6. bekk og var unnið með þrepamarkmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Nemendur komu tvisvar í viku, klukkutíma í senn í listir. Allur gangur var á hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmennt á viku eða tveir tímaraf annarri hvorri greininni en skipting tímanna var yfir árið var jöfn.

Textílmennt

Fyrirkomulag tímanna var þannig háttað að í textílmennt völdu nemendur sér sjálfir verkefni og unnu þau á sínum eigin hraða. Við val á verkefnum voru nemendur beðnir um að finna sér verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt. Farið var fram á að nemendur veldu sér verkefni við hæfi - þar sem þeir teldu að þeir lærðu eitthvað nýtt. Ekki hentaði öllum nemendum að velja sér verkefni sjálfir og verður fyrirkomulagið tekið til endurskoðunar næsta haust.

Myndmennt

Í myndmennt voru ákveðin skylduverkefni sem allir unnu en að þeim loknum var oft frjáls sköpun. Þegar nemendur lærðu eitthvað nýtt og spennandi var reynt að hafa frjálsan tíma stuttu seinna þannig að þeir gætu prófað þær hugmyndir sem kviknuðu.

Bækur til að skissa eftir voru keyptar og vöktu þær mikla lukku hjá báðum kynjum.

Í vetur unnu nemendur í 5. og 6. bekk eftirfarandi verkefni í myndmennt:

- Möppu fyrir verkefni.
- Mósaík í pappír
- Mósaík í gler – platti.
- Leir – plötuaðferð.
- Leirmunir glerjaðir.
- Servíettubrot.
- Útilistir – umhverfi skólans teiknað.
- Pappírsvefnaður.
- Skissað eftir fyrirmynd úr bók.
- Andlitsteikning með blýanti.
- Andlitsteikning með vaxlitum.
- Þæfing – haustmynd.
- Bókagerð – harmonikubók unnin utan um verkefni á heimasvæði.
- Origami – farið var í pappírshrot af ýmsum toga.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara.

- Þæfing – haustmynd þæfð. Verkefnið var hluti af þema um *Haustið*.
- Mósaíkplatti – unnið í samvinnu við smíðakennara. Plattinn var sagaður út í smíði og listilega skreyttur með glerflísunum í listatímum.
- Lífsleikniþema – nemendur bjuggu til harmonikubækur utan um verkefni sín í lífsleikniþemanu.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt saumavélaæfingum af vef námsgagnastofnunar, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, þrjónabækur, myndmennt 1 og 2, leirlistabækur og skissubækur.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru sjálfsmat, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, hugmyndaugði og hönnun, umgengni, færni miðað við aldur, iðni og afköst ásamt vandvirkni.

7. bekkur

Í listum í 7. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Nemendur komu tvisvar í viku, klukkutíma í senn í listir. Allur gangur var á hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmennt á viku eða tveir tímar af annarri hvorri greininni en skipting tímanna var yfir árið var jöfn.

Textílmennt

Fyrirkomulag tímanna var þannig háttað að í textílmennt völdu nemendur sér sjálfir verkefni, fyrir utan eitt verkefni, og unnu þau á sínum eigin hraða. Við val á verkefnum voru nemendur beðnir um að finna sér verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt.

Farið var fram á að nemendur veldu sér verkefni við hæfi - þar sem þeir teldu að þeir lærðu eitthvað nýtt. Ekki hentaði öllum nemendum að velja sér verkefni sjálfir og verður fyrirkomulagið tekið til endurskoðunar næsta haust. Skylduverkefni vetrarins var púðaver – taubrykk á léreft.

Myndmennt

Í myndmennt voru ákveðin skylduverkefni sem allir unnu en að þeim loknum var oft frjáls sköpun. Þegar nemendur lærðu eitthvað nýtt og spennandi var reynt að hafa frjálsan tíma stuttu seinna þannig að þeir gætu prófað þær hugmyndir sem kviknuðu. Bækur til að skissa eftir voru keyptar og vöktu þær mikla lukku, sérstaklega hjá strákonum.

Í vetur unnu nemendur í 7. bekk eftirfarandi verkefni í myndmennt:

- Möppu fyrir verkefni.
- Abstrakt list kynnt.
- Abstrakt málverk.
- Bogin lína - brotin lína. Nemendur kanna möguleika línunnar og áhrif hennar á myndflöt.
- Leir – plötuaðferð.
- Leirmunir glerjaðir.
- Servíettubrot.
- Útilistir – umhverfi skólans teiknað.
- Skissað eftir fyrirmynd úr bók.
- Andlitsteikning með vaxlitum.
- Hreyfimyndagerð.
- Bókagerð – harmonikubók unnin utan um verkefni á heimasvæði.
- Origami – farið var í pappírsmót af ýmsum toga.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara.

- Hreyfimyndagerð unnin í samvinnu í *Þjóðsögubema* með bekkjarkennara og tónmenntakennara.

Vettvangsferðir

Gerð var tilraun til að fara í vettvangsferð í Hafnarborg í Hafnarfirði. Ætlunin var að fara að skoða grafíklistaverk eftir Dröfn Friðfinnsdóttur en því miður misstum við af strætó og þar með sýningunni því þetta var síðasti sýningardagur.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost skólans fyrir list ásamt saumavélaæfingum af vef námsgagnastofnunar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru sjálfsmat, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, hugmyndaugði og hönnun, umgengni, færni miðað við aldur, iðni og afköst ásamt vandvirkni.

Skýrsla tónmenntakennara

Tími

Tónmennt var kennd 8 klst. á viku. Þar af var 1. – 4. bekk var kennd ein klst. hverjum hóp. 5. – 6. bekk var skippt í tvo hópa og fékk hvor hópur 1 klst. 7. bekkur fékk eina klst. á viku. Að auki voru tvær klst. á viku í “fljótandi” tónmennt en þeir tímar voru nýttir í þemavinnu með öllum aldurshópum og í framhaldi af upptökum og verkefnavinnu sem unnin var í föstum tónmenntatímum.

Kennarar

Fyrir áramót kenndi Margrét Perla Kolka Leifsdóttir tónmennt en eftir áramót var hún í höndum Ólafs Schram.

Kennslan í 1. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn.
- Taktur. Unnið hefur verið með fjórskiptan takt í gegnum hlustun, tónfræði og þeirra eigin hljóðfæraleik.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið tónlist við sögu og tekið upp.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa lært um mun á laglínuhljóðfærum og takthljóðfærum auk hljóðfæraflokkana: ásláttar-, tréblásturs-, málmblasturs- og strengjahljóðfæri. Þá hafa þeir unnið mikið með og leikið á skólahljóðfærin bæði takt- og laglínuhljóðfæri.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt.
- Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:
 - styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)
 - langa og stutta tóna
 - tónhæð (háir og lágir tónar)
 - óhefðbundna nótnaskrift
 - dúr og moll
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma.

Kennslan í 2. bekk

Viðfangsefni vetrarinnss voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Þá voru æfð og tekin upp nokkur lög.
- Taktur. Unnið hefur verið með þrí- og fjórskiptan takt í gegnum hlustun, tónfræði og þeirra eigin hljóðfæraleik.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa lært um hljóðfæraflokkana: ásláttar-, tréblásturs-, málmblásturs- og strengjahljóðfæri. Þá hafa þeir unnið mikið með og leikið á skólahljóðfærin bæði takt- og laglínuhljóðfæri. Nemendur léku stutt tónverk eftir óhefðbundinni nótnaskrift.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt.
- Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:
 - styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)
 - langa og stutta tóna
 - tónhæð (háir og lágir tónar)
 - óhefðbundna nótnaskrift
 - dúr og moll
 - form laga (A og B kaflar)
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma. Í lok vetrar var lagt sjálfsmat fyrir nemendur þar sem þeir mátu eigin stöðu út frá markmiðum vetrarins.

Kennslan í 3. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Þá voru æfð og tekin upp nokkur lög í samstarfi við umsjónarkennara.
- Taktur. Unnið hefur verið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið unnið með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri.
- Spuni. Nemendur hafa spunið á sílafóna yfir undirspil og hefur spuni þeirra verið tekinn upp reglulega og framfarir metnar.
- Tónsköpun.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. Sérstök áhersla var lögð á tónlist eftir W.A. Mozart.
- Tólistarsaga. Nemendur kynntust tónskáldinu Wolfgang Amadesu Mozart, lífi hans og tónlist.
- Tónfræði. Unnið var með:
 - styrkleika (piano – forte, vaxandi styrkur-minnkandi styrkur)
 - ritun og lestur algengustu nótnagilda
 - hraða (hratt – hægt)
 - tónhæð (háir og lágir tónar)
 - óhefðbundna nótnaskrift
 - þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma. Í lok vetrar var lagt sjálfsmat fyrir nemendur þar sem þeir mátu eigin stöðu út frá markmiðum vetrarins.

Kennslan í 4. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Þá voru æfð og tekin upp nokkur lög í samstarfi við umsjónarkennara.
- Taktur. Unnið hefur verið takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri.
- Spuni. Nemendur hafa spunið á sílafóna yfir undirspil og hefur spuni þeirra verið tekinn upp reglulega og framfarir metnar.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið tónlist eftir mismunandi fyrirmælum og með fjölbreyttum aðferðum. M.a. samið rondo, samið stutt stef og skrifað nótur þeirra á nótnastrengi sem var að lokum fært inn í nótnaskriftarforrit og hlustað á afraksturinn.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt.
- Tólistarsaga. Nemendur kynntust tónskáldinu Beethoven, lífi hans og tónlist.
- Tónfræði. Unnið var með:
 - styrkleika (piano – forte, fortissimo – pianissimo, vaxandi styrkur- minnkandi styrkur)
 - ritun og lestur algengustu nótnagilda
 - hraða (hratt – hægt)
 - tónhæð (háir og lágir tónar)
 - óhefðbundna nótnaskrift
 - þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga
 - form laga
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma. Í lok vetrar var lagt sjálfsmat fyrir nemendur þar sem þeir mátu eigin stöðu út frá markmiðum vetrarins.

Kennslan í 5. og 6. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Þá voru æfð og tekin upp nokkur lög í samstarfi við umsjónarkennara.
- Taktur. Unnið hefur verið takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á. Spunnið hefur verið yfir canon formið og blúsformið. Spuninn hefur verið tekinn upp og notaður við mat á frammistöðu og framförum nemenda.
- Sköpun. Nemendur bjuggu til í hópum eigin tónstiga í tengslum við námsefnið: *Það er gaman að hlusta á framandi tónlist*. Tónstigin var svo notaður til að semja eigið lag sem var svo flutt fyrir bekkinn.
- Hlustun/tónlistarsaga. Við höfum fræðst um nokkrar tegundir tónlistar þar sem hlustun, söngur, tónlistarsaga og þeirra eigin hljóðfæraleikur blandaðist saman. Við unnum sérstaklega með heimstónlist í tengslum við námsefnið *Það er gaman að hlusta á framandi tónlist*.
- Hljóðfæri. Nemendur léku undirleik á hljóðfæri í ýmsum sönglögum og í ýmsum tónlistarstílum. Að vori tóku nemendur upp söng og eigin hljóðfæraleik í reggae stíl.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum vetrarins og sérstaklega tónsköpun á tölvur hefur verið unnið með frumpætti tónlistar, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun. Þá bjuggu nemendur til eigin tónstiga og notuðu hann til að semja stutt lag og flytja fyrir hópinn.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með upptökuforritið Garage band og tekið upp eigin tónlist, söng og hljóðfæraleik.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það er gaman að hlusta á framandi tónlist*.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma. Í lok vetrar var lagt sjálfsmat fyrir nemendur þar sem þeir mátu eigin stöðu út frá markmiðum vetrarins.

Kennslan í 7. bekk

Viðfangsefni vetrarinn voru eftirfarandi.

Eftir áramót var tónmennt að mestu kennd út frá kvikmyndatónlist. Unnið var með frumþætti tónlistar út frá kvikmyndatónlist og í tengslum við hana unnu nemendur með eftir farandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Saga kvikmyndatónlistar á 20. öld kennd. Kvikmyndatónskáldin John Williams, Ennio Morricone og Hilmar Örn Hilmarsson.
- Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.
- Spuni. Nemendur hafa spunið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á. Spunið hefur verið yfir canon formið og blúsformið. Spuninn hefur verið tekinn upp og notaður við mat á frammistöðu og framförum nemenda.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið eigin tónlist við teiknimyndir sem þeir unnu í samvinnu bekkjarkennara, tölvukennara og listakennara. Einnig sömdu nemendur og tóku upp tónlist við stuttmyndir.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp.

Samvinnuverkefni

Í tengslum við þjóðsögupema gerðu nemendur teiknimyndir sem þeir settu inn í tölvu og sömdu svo tónlist, tóku upp og settu við myndirnar. Verkefnið var unnið í samvinnu við listakennara og tölvukennara auk umsjónakennara sem jafnframt er tónmenntakennarinn.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist*.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma. Í lok vetrar var lagt sjálfsmat fyrir nemendur þar sem þeir mátu eigin stöðu út frá markmiðum vetrarins.

Skýrsla í hönnun og smíði

2. bekkur

Í smíði í 2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár, hönnun og smíði. Mið var tekið af áfangamarkmiðum við lok 4. bekkjar. Lögð var áhersla á öryggisatriði smíðastofunnar, umgengnisreglur, handverksþekkingu og handverksfærni. Hópurinn samnóð af 12 nemendum.

Nemendur komu einu sinni í viku, klukkutíma í senn í smíði.

Í vetur unnu nemendur í 2. bekk eftirfarandi verkefni í listum:

- „Skórin minn”, skór sem nemendur gátu þjálfað sig við að reima
- Frjálst verkefni úr afgangum
- Gifsputtar
- Reglustríka 1 metri
- Lyklakippa
- Jólátré
- „Húsið mitt”, snagi
- Fuglahús

Samvinnuverkefni

- Viðfangsefnið reglustríka tengdust stærðfræðikennslu hjá bekkjarkennara.
- Fuglahúsið tengdist þema um landnámsþænsni.

Námsgögn og námsefni

Námshögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofunni ásamt verkefni sem kennari útbjó um öryggisatriði og heiti verkfæra.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru hugmyndaugði og hönnun, umgengni, verkfærni, iðni/afköst og vandvirkni.

3. – 4. bekkur

Í smíði 3.-4. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár, hönnun og smíði. Samkennsla var í 3.-4. bekk og mið tekið af áfangamarkmiðum við lok 4. bekkjar. Lögð var áhersla á öryggisatriði smíðastofunnar, umgengnisreglur, handverksþekkingu og handverksfærni. Hóparnir voru 13 – 16 manna. Nemendur Sjálandsskóla voru 41 og Alþjóskólans 4.

Nemendur komu einu sinni í viku, klukkutíma í senn í smíði.

Í vetur unnu nemendur í 3. og 4. bekk eftirfarandi verkefni í smíði

- Lyklakippa úr birki
- Krítartafla – hönnuð og smíðuð
- Lyklakippa úr plexigleri og trékúlum. Jólagjöf til foreldra
- Jólverkefni valfrjálst
 - jólatré
 - jólasveinn
 - servíettustatíf
- Standandi púsl
- Milla
- Brennipennaverkefni
- Valfrjálst verkefni
 - Grafa
 - Bátur
 - snagar fyrir teygjur og skartgripi
 - skjöldur

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni í smíði tengdust smíði leikmuna í leikriti sem nemendur settu upp og jólagjöf til foreldra sem var lyklakippa unnin úr plexigleri og trékúlum.

- Leikmunir
- Lyklakippa – jólagjöf til foreldra

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofunni ásamt verkefni sem kennari útbjó um öryggisatriði og heiti verkfæra.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru hugmyndaugði og hönnun, umgengni, verkfærni, iðni/afköst og vandvirkni.

5. – 6. bekkur

Í smíði 5.-6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár, hönnun og smíði. Samkennsla var í 5.-6. bekk og mið tekið af áfangamarkmiðum við lok 7. bekkjar. Lögð var áhersla á öryggisatriði smíðastofunnar, umgengnisreglur,

handverksþekkingu, handverksfærni og hönnun. Hóparnir voru 14 – 15 manna. Nemendur Sjálandsskóla voru 39 og Alþjóðskólans 2.

Nemendur komu einu sinni í viku, klukkutíma í senn í smíði.

Í vetur unnu nemendur í 5. og 6. bekk eftirfarandi verkefni í smíði:

- Bókamerki
- Lyklakippa úr birki
- Kρίtartafla „allt á sínum stað“
- Formaðir hlutir úr plexigleri - jólagjöf til foreldra
- Jólatri
- Mosaikplatti
- Brennipennaverkefni
- Ljósaseríuverkefni – samkeppni milli nemenda
- Frjáls verkefni – milla, bátur, grafa, standandi púsl

Samvinnuverkefni

Eitt verkefni var unnið í samvinnu við listatíma og eitt í samvinnu við tölvu og upplýsingatækni. Nemendur hönnuðu og smíðuðu platta úr krossvið sem þeir síðan lökkuðu. Plattinn var flísalagður í listum og loks fúaður. Í ljósaseríuverkefni útbjuggu nemendur skýrslu í upplýsinga og tölvutækni sem var hluti af skilum á verkefninu.

- Mosaikplatti
- Skýrsla um ljósaverkefni

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofunni ásamt verkefni sem kennari útbjó um öryggisatriði og heiti verkfæra, bækur með hugmyndum um smíðahluti, lampabók og veraldarvefurinn.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu bækur til að fá hugmyndir að verkefnum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru hugmyndaugði og hönnun, umgengni, verkfærni, iðni/afköst og vandvirkni.

7. bekkur

Í smíði hjá 7. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár, hönnun og smíði og tekið mið af áfangamarkmiðum við lok 7. bekkjar. Lögð var áhersla á öryggisatriði smíðastofunnar, umgengnisreglur, handverksþekkingu, handverksfærni og hönnun. Hópurinn samanstóð af 13 nemendum. Nemendur Sjálandsskóla voru 9 og Alþjóðskólans 4.

Nemendur komu tvisvar sinnum í viku, klukkutíma í senn í smíði. Haldið var eitt námskeið utan skólatíma fyrir þá sem vildu í skartgripagerð.

Í vetur unnu nemendur í 7.bekk eftirfarandi verkefni í smíði:

- Bókamerki
- Lyklakippa úr birki
- Rafknúinn kassi – tengt heimilisviku
- Formaðir hlutir úr plexigleri - jólagjöf til foreldra
- Jólasvein
- Skilti á hurð - brennipennaverkefni
- Valfrjáls verkefni:
 - Skartgripagerð
 - Brennipennaverkefni
 - Kistill
 - Milla
 - Rafknúinn bíll

Samvinnuverkefni

Eitt verkefni var unnið í samvinnu bekkjakennara og tölvu og upplýsingatækni og tengdist þemanu „heimilisvika“. Nemendur hönnuðu og smíðuðu kassa sem var rafknúinn. Í tölvutíma áttu nemendur að útbúa miða með heimilsverkum sem inna þarf af hendi. Hann límdist ofan á geisladisk sem komið var fyrir ofan á kassanum. Ör snerist ef ýtt var á rofa og staðnæmdist við e-h heimilisverkanna.

- Rafknúinn kassi

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofunni ásamt verkefni sem kennari útbjó um öryggisatriði og heiti verkfæra, bækur með hugmyndum um smíðahluti og veraldarvefurinn.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu bækur til að fá hugmyndir að verkefnum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru hugmyndaugði og hönnun, umgengni, verkfærni, iðni/afköst og vandvirkni.

8. Skýrsla sérkennara

Sérkennari í 80% starfi og þroskaþjálfari fyrir einn nemanda í 100% starfi.

Umsóknir

Nemendur sækja um sérkennslu á sérstöku eyðublaði skólans en niðurstöur skimunar í lestri, og stærðfræði leiða líka til aðgerða.

Skimun og kennslufyrirkomulag

Skólárið 2006 -2007 byrjaði með lestrarprófi / skimun í september yfir allan skólann. Niðurstöður síðan nýttar til að byggja lestrarkennsluna á. Kennslan fór ýmist fram inni í bekk hjá umsjónarkennara eða í minni hópum í umsjón sérkennara, reynt var að hlusta á nemendur sem ekki höfðu náð lágmarki tvisvar í viku. Athugun á árangri fór síðan fram í desember og vorið 2007.

Stærðfræði- og íslenskukannanir í skólastarfinu dreifðust yfir skólaárið og brugðist var við með sérkennslu ef frávik voru mikil.

Nemendur í 2. til 7. bekk fengu sérkennslu í lestri, íslensku og stærðfræði, en í 1. bekk var veitt ráðgjöf. Þrjú nemendur með lestrarörðugleika í 2. bekk fengu 2x30 mín. á viku. 7. bekkur fékk 2x30 mínútur, en 3.-4. og 5.-6 fengu jafnmarga tíma hvor 5,5 klst. Sérkennslan fór fram ýmist inni í bekk, í námskeiðshópum eða í litlum hópi og sér. Heimanámið var mikilvæg og samvinnan við heimilið, bestur árangur náðist þar sem fundað var vikulega stutt og hnitmiðað á netinu eða í síma.

Greiningar

Læsi 1 -3 var lagt fyrir. Greinandi teikniþróf Tove Krogh lagt fyrir í byrjun nóvember og sannaði gildi sitt þó gamalt væri. Unnið var að því að gera könnunarmöppuna í lestri enn þá betri og bæta við lesskilningsprófum. Ingibjörg Símonardóttir lagði fyrir lesskimunarprófið Les fyrir 1. og 2. bekk í maí.

Leitast var við að finna orsakir erfiðleika nemenda með málþroska- og lestrargreiningum. Sérkennari lagði lestrargreiningu GRP10 og Aston Index fyrir sjö nemendur, málþroskagreiningu TOLD2I og P fyrir fjóra nemendur. Auk þess komu sálfræðingur og talmeinafræðingur líka að greiningum nemenda.

Lestrargreiningarnar sérkennara skiptust þannig á bekkina:

- 7. bekkur – 2 nemendur
- 6. bekkur – 2 nemendur
- 5. bekkur – 1 nemandi
- 4. bekkur – 2 nemendur

Málþroskagreiningar sérkennara með TOLD2I og P skiptust þannig á bekkina:

- 4. bekkur – 1 nemandi
- 2. bekkur – 3 nemendur

Ákveðið var í vetur að hafa **lágmarksviðmið** í raddlestri eftirfarandi:

- 2. bekkur 4,0 þ.e. 80 atkvæði á mínútu
- 3. bekkur 5.6. þ.e. 125 atkvæði á mínútu
- 4. bekkur 7,0 þ.e. 170 atkvæði á mínútu
- 5. bekkur 8,0 þ.e. 200 atkvæði á mínútu
- 6. bekkur 9,0 þ.e. 230 atkvæði á mínútu.

Í skóla með nýjar áherslur er tenging sérkennslunnar við annað nám í stöðugri þróun. Horfur næsta vetur eru nokkuð góðar. Í byrjun skólaárs er skimun í lestri og einnig í stærðfræði. Síðan er fylgt eftir með þjálfun og ráðgjöf. Hver nemandi sem kemur í sérkennslu fær námsáætlun, en ef frávik eru mikil þarf að gera einstaklingsáætlun með umsjónarkennara og foreldrum. Markmiðið er að hver

nemandi fái tækifæri til að þrskast og vera með í fjölbreytilegu skólastarfi Sjálandsskóla.

9. Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu – og upplýsingatækni

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatæknina í kennslu eins og tíðkast í öðrum grunnskólum bæjarins og umsjón með heimasíðu. Vegna minni nemendafjölda í Sjálandsskóla tók kennsluráðgjafi einnig að sér kennslu (10 kennslustundir á viku) ásamt því að byggja upp bókasafn skólans. Kennsluráðgjafi hefur því yfirumsjón með upplýsingamiðstöð skólans. Kennsluráðgjafi tók einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, vettvangsferðum, sérstökum þemadögum (jól, íslenska, umhverfis, öskudagur ofl.).

Kennslan

Nemendur í 2.-6. bekk koma vikulega allan veturinn í tölvustofu í kennslustund hjá kennsluráðgjafa í eina klukkustund í senn. Þannig voru að jafnaði 8 klst. á viku þar sem var föst kennsla á tölvupalli. Umsjónarkennari 1. bekkjar kom reglulega með nemendur á tölvupall og vann ég nokkuð með þeim í útfærslu á ýmsum verkefnum. Kennarar sendu einnig hópa á tölvupall sem fengu aðstoð eftir þörfum í tenglum við ýmis verkefni. Oft var tölvupallurinn þétt setinn allan daginn. 7. bekkur sem telur 9 nemendur nýttu sér tölvurnar mjög mikið í sinni vinnu flesta daga. Alþjóðaskólinn nýtti tölvurnar einnig mjög mikið í sinni kennslu, elsti hópurinn jafnvel daglega.

Kennsluráðgjöf

Kennsluráðgjafi fylgist með þeim sem eru í gangi hjá hverjum hópi og er vakandi fyrir möguleikum tölvu- og upplýsingatækninnar þar inni. Þá voru fundnar til heimasíður með efni sem tengdist þemunum og gert aðgengilegt fyrir nemendur. Kennsluráðgjafi aðstoðaði nýja kennara að nýta sér fartölvurnar og kynnti þeim tölvukerfi skólans. Kennsluráðgjafi aðstoðar síðan kennara eftir þörfum með minni tæknileg vandamál. Almenn er kennarahópurinn nokkuð sjálfstæður hvað varðar tölvunotkun. Kennsluráðgjafi aðstoðaði sérkennara og þrskapjálfa við sérhæfð verkefni sem þeir voru að vinna að. Mikilvægt er að veita nemendum með námsörðugleika eða verulegar sérþarfir greiðan aðgang að tölvunotkun í tengslum við sitt nám. Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum, námsefni sem nýtist í tölvuveri eða fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Kennsluráðgjafi fundaði reglulega með hinum kennsluráðgjöfum grunnskólanna í Garðabæ. Þar fór mikill tími í skoðun á kennsluforritum og námsefni vegna sameiginlegra innkaupa fyrir alla skólana.

Kennsluráðgjafi sendi einnig til foreldra og kennara umfjöllun um öryggi á netinu og hvað bæri að varast þegar börn væru að leika eða vinna á netinu.

Tölvuver

Tölvuver Sjálandsskóla telur 24 tölvur. Skipulag tölvustofunnar er sérstaklega skemmtilegt, það er uppröðun í 4 “eyjar”. Nemendur hafa nægt pláss við hverja tölvu

ásamt því að fleiri nemendur geta setið saman við vinnu. Samskipti við tölvuvinnu eru því mjög hentug bæði ef setið er saman við eina tölvu og eins þar sem nemendur geta setið andspænis hvor öðrum. Fjöldi tölva gerir okkur mögulegt að vera jafnvel með tvo hópa samtímis þegar ekki eru beinar innlagnir. Þrátt fyrir að kennsla sé í gangi geta litlir hópar auðveldlega komist að.

4 tölvur voru inn á heimasvæði nemenda. Þær nýttust mjög vel þar. Huga þarf að fleirum tölvum á heimasvæðum sem í vetur voru tvö.

Kennsluráðgjafi fylgist með því að tölvur í tölvustofu og jaðartæki í tölvustofu og á heimasvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann varðandi vandamál varðandi tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningum og lagfæringum. Útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda stofunni í horfinu og koma til móts við þá þætti sem verið er að vinna að með nemendahópnum hverju sinni.

Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónustu og kemur þegar á þarf að halda. Hann brást alltaf vel við en það gat tekið langan tíma að fá úrlausn mála. Mun meira þurft að leita til tæknimanns nú í vetur en í fyrra. Þar kemur til bæði að fleiri nemendur eru á svæðinu og fleiri kennarar með fartölvur. Það hefur mun meiri tími farið í það í vetur að finna út úr vandamálum er upp koma með tölvur kennara og nemenda. Þá hefur tölvukerfið oft verið mjög hægt sérstaklega núna síðustu mánuði, prentaravandamál eru tíð og tenging við server/sameign næst ekki.

Staðsetning tjalds fyrir skjávarpa er ekki heppileg þar sem birta er mjög mikil frá stórum glugga og endurkasti frá sjónum.

Vinnuaðstaða

Kennsluráðgjafi hefur vinnuaðstöðu á tölvupalli. Með því móti er auðvelt að grípa inni ef aðstoðar er þörf hjá kennurum og nemendum. Nú í vetur er tölvupallurinn nýttur mun meira en fyrsta árið og þess vegna er töluverður erill á tölvupalli. Þar kemur til bæði fleiri nemendur og hins vegar Alþjóðaskólinn. Erfitt getur verið að skapa sér frið til vinnu við þessar aðstæður. Eftir hádegi nýtir skólaselið sér tölvupallinn a.m.k. einu sinni í viku.

Myndasöfn

Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig mjög duglegir í því sambandi og hefur hver árgangur eða teymi myndavél til umráða. Kennarar sáu einnig flestir um að koma myndum inn á sameign. Myndirnar eru síðan notaðar til tengja heimilin við starfið með því að setja út á heimasíðuna. Þá hafa börnin fengið að velja sér myndir í tengslum við sögugerð og frásögn. Í lok skólaársins völdu síðan allir nemendur sér myndir til að setja á geisladisk sem þeir fengu með sér heim. Mjög mikilvægt er að hafa gott skipulag á myndasafninu og skoða þyrfti etv. einhver forrit sem aðstoða við það.

Heimasíða

Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans <http://www.sjalandsskoli.is>, Markvisst hefur verið sett út mikið af lýsandi myndum af skólastarfinu og fréttum af starfinu ásamt þeim praktísku upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi á hverjum

tíma. Við höfum einnig áhuga á að geta sett út sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og stafrænu formi. Vísir af því er kominn en það er tónlistarefni sem tónmenntakennari vann með nemendum og hreyfimyndir og myndasýningar sem kennsluráðgjafi vann með nemendum.

Kennslurráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ hafa um nokkurt skeið verið að skoða vefumsjónarkerfi til að halda utan um vefi skólanna. Sífelld meiri kröfur eru um að hafa sem mestar upplýsingar á heimasíðu skólanna og er það vel því þetta er frábær tenging við heimilin. Heilmikil vinna felst í því að halda úti virkri heimasíðu og mikilvægt er að fleiri aðilar innan skólans geti komið að henni. Aðgengilegt vefumsjónarkerfi væri því eitthvað sem þyrfti að horfa til fyrr en seinna. Innan skólans er áhugi fyrir hendi að setja upp sérstakar síður fyrir hvern umsjónarhóp þannig að kennarar gætu sett inn glænýjar upplýsingar á hverjum tíma. Umsjónarkennarar 2. bekkjar og 3. - 4. bekkjar prófuðu sig áfram með að halda úti bloggi til að gera grein fyrir starfinu í umsjónarhópunum. Þær settu þangað upplýsingar vikulega ásamt því að senda skilaboð með tölvupósti. Tölvupósturinn virðist ennþá vera meira lesinn en bloggið.

Bókasafn

Í maí í fyrra var ráðinn bókasafnsfræðinemi til að tengja nýjar bækur, plasta og sjá um safnið. Hún tók síðan að sér hlutastarf í vetur og sá að mestu um bókasafnið. Nemendur hafa lært á útlánakerfi skólasafnsins og sjá nemendur sjálfir um útlán og skil. Ég stýrði vinnunni á bókasafninu og hafði hönd í bagga með umsjón og faglega aðstoð. Bókasafnið hefur stækkað mikið og nú er brýnt að fá skólasafnskennara til að það nýtist sem best. Margir nemendur færðu skólanum bækur að gjöf og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir það.

Kennsluráðgjafi sá um öll innkaup í samráði við starfsmann á safni ásamt því að panta allar námsbækur frá Námsgagnastofnun.

Kennslufyrirkomulag

Kennslan í tölvustofu og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni þar miðast að öllu leyti við það að verið sé að kenna þeim á verkfæri/forrit sem geta nýst í tengslum við annað nám þeirra. Þá var rík áhersla lögð á að nemendur væru að vinna með opin forrit sem gerðu þeim kleift að fara ólíkar leiðir, unnið væri með efni sem tengdist þeirra eigin raunveruleika eða nýttist beint við úrvinnslu þeirra eigin gagna. Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru hafðar til hliðsjónar en þar sem skipulag kennslunnar er annað hér voru þær almennt ekki nýttar beint. Þar sem ég kenndi sjálf tímana gat ég prófað margt sem almennur kennari hefði kannski ekki farið af stað með en fyrir liggja lýsingar á sumu af þessu efni sem hefur nýst í kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ. Ég reyndi að vera vakandi fyrir því hvað umsjónarkennarar voru að vinna að í ýmsum greinum/þemum og finna tengsl við tölvu- og upplýsingatæknina þar sem við átti. Samvinna var við umsjónarkennara um afmörkuð verkefni. Öll vinnan miðaðist að sjálfsögðu við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni.

1. bekkur

Umsjónarkennari 1. bekkjar sá um tölvukennsluna hjá 1. bekk. Þau komu að jafnaði 1 klukkustund í viku eftir áramót. Kennsluráðgjafi aðstoðaði við undirbúning tímanna og kenndi stundum með umsjónarkennara.

Nemendur lærðu á teikniforritið Kidpix, talsettu myndir og bjuggu til sameiginlega sýningu. Einnig nýttu þau Clicker5 í tengslum við ritun. Þá nýttu þau nokkur kennsluforrit í lestri og stærðfræði þar sem við átti.

2. bekkur

Kennsluráðgjafi sá um kennsluna hjá 2. bekk. Nemendur komu í tölvustofu 1 klst. á viku. Aðaláherslan var á vinnu með ritvinnsluna Word og sögugerð, teikniforritið Kidpix, frásagnir í því og myndasýningar sem unnar voru í samvinnu. Nemendur útbjuggu einnig sameiginlegar sýningar í Powerpoint þar sem nýttar voru myndir úr skólafarfinu t.d um fiskana sem þau veiddu úti sjó. Forritið Clicker5 var nýtt í ritun í tengslum við umfjöllun um veðrið, og netið til að skoða veðurspá. Þá voru ýmis kennsluforrit og vefsíður nýttar þar sem við átti.

3. - 4. bekkur

Nemendur í 3.-4. bekk komu 1 klst. í viku, þrjú hópar hver um sig með 12-14 nemendur. Unnið var með teikni og margmiðlunarforritið Kidpix. Ítarlega var farið í öryggisreglur og samskipti á netinu. Vefurinn mbl.is var notaður í tengslum við þema um fréttir. Excel í tengslum við heimilsfræðiviku og gerð skoðanakannana og hæð nemenda. Frjálsa alfræðisafnið Wikipedia þegar skoðuð voru mannanöfn á Íslandi. Nemendur notuðu forritið Photostory 3 til að útbúa myndasýningar um komu hænuunganna í skólann. Sýningarnar voru talsettar og tónlist valin. Sýningarnar má finna á heimasíðu skólans. Flestir unnu einstaklingslega en nokkrir unnu saman. Farið var í mikilvægi þess að skipulegga vel heimasvæði sitt með því að útbúa skipulega möppur fyrir gögnin sín. Snemma í haust nýttum við okkur vef frá BBC um margæsir þar sem verið var að fylgjast með ferðum þeirra frá Írlandi á varpstöðvar í Kanada. Nemendur völdu sér gæs og gerðu grein fyrir ferðum hennar og nýttu Word til þess. Þarna var verið að fylgjast með einhverju sem var að gerast hér og nú. Margæsir hafa einnig viðkomu á Álftanesi á leið sinni og í fjörunni hjá okkur þannig að okkur er málið skylt. Þjálfun í fingrasetningu og vélritun var reglulega með aðstoð Ritfinns. Í tengslum við heimilisfræðiviku nýttu nemendur Powerpoint í litlum hópum þar sem þeir fjölluðu um fæðuhringurinn. Einnig nýttu þau Powerpoint í kynningu á hljóðfæri í tónmennt.

5.-6. bekkur

Mikil áhersla var lögð á að fara yfir öryggisreglur á netinu og samskipti á netinu. Stuðst var við námsefni frá saft.is Farið var ítarlega í leitarvélur á netinu. Fyrst í haust lærðu þau að nota Google Earth þar sem þau fundu stað sem þau höfðu heimsótt um sumarið, lærðu að vista myndina og taka síðan inn í Word þar sem þau skrifuðu ferðasögu. Þessi verkefni voru hengd hér uppá vegg og vöktu mikla athygli. Allir nemendur fengu netfang og lærðu að nýta það. Nemendur lærðu að nota myndvinnsluforrit sem átti eftir að nýtast þeim vel síðar. Þau lærðu að nota Moviemaker með kyrrmyndum og bjuggu til sýningu útfrá myndefni skólans. Nemendur notuðu Photostory 3 myndaforritið til að gera frásögn um skólafarið í vetur. Áhersla var lögð á að þau kynnu að skipuleggja heimasvæðið sitt og halda gögnum til haga. Þau völdu sér myndir úr myndasafni skólans í vor og lærðu að brenna á disk sem þau fengu heim með sér. Excel var notað í tengslum við

heimilisfræðiviku. Farið var yfir möguleikana hjá mbl.is og hvernig sækja má efni þaðan. Nemendur unnu í Publisher slagorð um líðan sem hanga í loftinu á heimasvæði. Úrklippa úr ensku dagblaði vakti athygli okkar er fjallaði um allan þann innflutning til Evrópu frá Kína til að við getum haldið jóla. Það var uppspretta fyrir ýmis verkefni þar sem nemendur nýttu sér ordabok.is, google Earth og Word og leitarvél. Nemendur kynntu upphaldssíðurnar sínar fyrir kennara og nemendum. Í samvinnu við smíðakennara var útbúin verklýsing á lampa sem nemendur hönnuðu í smíði. Þá þurfti að taka mynd af lampanum sínum, taka myndina inn í Word og skrifa verklýsingu skv. fyrirmælum smíðakennara. Þjálfun í fingrasetningu og vélritun var reglulega með aðstoð Ritfinns.

Á listadögum var starfrækt fréttastofa. Hún hafði það hlutverk að segja fréttir af starfinu hjá hinum hópunum. Í því sambandi voru tekin upp viðtöl með myndbandstökuvél, myndir teknar og frásagnir skrifaðar. Flest var þetta birt á vef skólans og á bloggsíðu sem við settum upp í tengslum við þessa vinnu. Mjög áhugavert verkefni en tímafrekt.

Námsmat

Nú í vor fengu síðan nemendur í 3.-6. bekk aðgang að myndasafni skólans. Þau völdu sér myndir úr skólastarfinu til eignar sem þau settu á geisladisk. Sumir nemendur völdu sér líka stafræn verkefni og settu á diskinn til eignar. Þessir diskar eru gulldiskar nemenda, sýnishorn af vinnu nemenda, námi og starfi í vetur. Huga þarf að því að umsjónarkennari taki saman einhverjar aðalmyndir sem allir ættu að fá þannig að þeir sem vinna hægt fái a.m.k. gott sýnishorn.

Foreldrar og nemendur fengu sent heim í vetur greinargott yfirlit yfir kennsluna í tölvu- og upplýsingatækni ásamt námsmati. Ég lagði fyrir nemendur sjálfsmat eftir ákveðnar lotur. Þar var bæði verið að meta færnimarkmið og vinnusemi. Ég lagði einnig mat á ákveðin verkefni nemenda útfra námsmatsblöðum sem við erum að þróa hér við skólann. Við munum halda áfram að þróa námsmatið.

Mat

Það hefur verið mjög áhugavert að halda áfram að þróa starf kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni við Sjálandsskóla í vetur. Margt hefur komist til framkvæmda og mörg spennandi verkefni eru framundan. Kennsluáætlanir eru og verða stöðugt í þróun og endurskoðun með hliðsjón af starfinu á hverjum tíma. Með breyttu skipulagi á stundaskrá næsta vetur er hugsanlegt að enn meira samstarf geti orðið á milli kennsluráðgjafa og umsjónarkennara. Það er mikilvægt að þróa það enn frekar.

Aðstaða á tölvupalli hefur góð en það sem helst þyrfti að bæta er að skjávarpi í tölvustofu nýtist illa þar sem birta er svo mikil á svæðinu. Þá hefur tölvukerfið á köflum verið þungt í vöfum. Mikilvægt er að umsjónarhópar hafi meiri aðgang að tölvum á heimasvæðum. Þá er brýnt með stækkandi skóla að aðgengi að tæknimanni verði jafnara og meira.

Kristín Steinarsdóttir júní 2007

10. Skýrsla dönskukennara

Níu nemendur í 7.bekk skólans auk þriggja nemenda frá Alþjóðaskólanum fengu dönskukennslu í 50 klukkustundir á þessu skólaári. Kennslustundin var í 60 mínútur - tvisvar í viku á haustönn (32 klukkustundir) og einu sinni í viku á vorönn (18 klukkustundir).

Markmið

- **Hlustun** – skilningur – orðaforði

Skilja heiti og einstök orð, skilja einfalt mál um efni sem tengist daglegu lífi, skilja einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar hjá kennara, skilja aðalatriði í samtölum.

- **Lestur** – skilningur - orðaforði

Geta lesið og skilið stuttan texta með algengum orðum, geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta á léttu máli. Hafi hraðlesið eina stutta léttlestrarbók/og eða eina léttu smásögu. Hafi notað byjendaorðabækur og myndaorðabækur.

- **Talað mál** – framburður – orðaforði - stafróf

Geti sagt frá tilteknu efni með aðstoð orðtengslamynda eða minnispunkta. Sagt frá efni sem nemandinn þekkir. Geti líkt eftir framburði. Geti myndað einfaldar setningar og svarað einföldum spurningum. Geti heilsað og kvatt og þakkað fyrir sig. Geti notað grunnorðaforða á eigin forsendum í nýju samhengi.

- **Ritun** – orðaforði – stafsetning

Geti skrifað stuttan texta. Skrifað stuttar aðalsetningar þannig að röng stafsetning valdi ekki misskilningi. Hafi notað byrjendaorðabækur og myndaorðabækur.

Framburður: stafrófið – sérstaklega hv-hj-ø-å, r, persónufornöfn og tölurnar 0-100

Orðaforði: Sjálfan sig, umhverfi sitt og reynsluheim

Skilningur: Efnisflokkar sem unnið hefur verið með í starfinu

Þekking: Menning, siðir og þjóðfélagshættir í Danmörku

Málfræði: Grunnreglur – Nafnorða: hvorugkyn/samkyn, ákveðinn/óákveðinn greinir, eintala/fleiritala. Lýsingarorða: Eintala/fleiritala, óákveðinn/ákveðinn háttur lýsingarorða. Sagnorða: Nafnháttur, boðháttur, nútíð, þátíð, lýsingarháttur þátíðar, reglulegar/óreglulegar sagnir.

Skipulag kennslunnar

Vinna á haustönn miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á og kynna danska menningu og siði. Á vorönn bættist við málfræðikennsla og lestur smásögu.

Kennsluefni

Klar parat A og B bækur (Lesbók og vinnubók) og hlustunarefni. Málfræðiæfingar af Skólavefnum, smásögur eftir Janne Hejgaard, danskar bíómyndir.

Verkefni

Helstu verkefni á haustönn voru gerð persónulegrar orðabókar (glósubókar), persónulegrar skrappbókar (minningabókar) með myndum og texta á dönsku sem hver nemandi gerði fyrir sjálfan sig. Þema voru a) ég sjálf/ur, b) heimilið mitt, c) fjölskyldan mín, d) vinir mínir, e) áhugamálin mín, f) átrúnaðargoð og uppáhalds tónlistarfólk/leikarar, plakatagerð um Dani og Danmörku (land og þjóð, frægt fólk, skemmtilegir staðir), stundartaflan á dönsku (heimaverkefni).

Helstu verkefni vorannar voru árstíðar- og mánaðarplakat, málfræðihefti (nafnorð, lýsingarorð, sagnorð), skrifa bréf (um sjálfan sig) til danskra jafnaldra, lesa smásögu og skila verkefni úr smásögunni, undirbúa skriflegt og munnlegt próf.

Námsmat

Nemendur skiluðu skriflegu lokaprófi (rammi frá kennara, efnistöð þekkt frá vinnu vetrarins, undirbúið heima), lásu síðan upp texta að eigin vali (rammi frá kennara, undirbúið heima) fyrir kennara og samnemendur. Við mat á skriflegu prófi var horft til lengdar textans, réttar málfræði og stafsetningar, orðaforða og frumleika og skemmtanagildis. Við mat á munnlegu prófi var réttur framburður eða tilraun til bera orðin fram með dönskum framburði metinn, sem og réttur framburður á tölum. Viðleitni og vandvirkni var einnig metin til stiga.

Námsmat á vorönn var þrískipt. 1) Mat á einstaka námsþáttum (orðaforði, framburður, stafsetning, málfræði, tölustafir), 2) Umsögn (þátttaka í tímum og verkefnum, styrkleikar og veikleikar í dönskunáminu), 3) Einkunnir: Smásöguverkefni (vægi 10%), Skriflegt próf (vægi 30%), munnlegt próf (vægi 30%), vetrareinkunn (30% - byggð á verkefnavinnu og þátttöku í tímum).

11. Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu

Morgunsöngur

Morgunsöngur hefur verið í allan vetur. Sungin hafa verið tvö lög á hverjum morgni og reynt að hafa söngskrána fjölbreytta og að lögin höfði til sem stærst hluta nemenda. Þá hafa lög markvisst verið kennd í tónmennt til að fjölga lögum sem nemendur þekkja og geta sungið vel. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi og þekki nokkur íslensk þjóðlög, lög við texta þjóðkunnra ljóðskálda, lög úr teiknimyndum og barnaleikritum, þjóðlög nokkurra annarra þjóða, ný og gömul barnalög og ný og gömul íslensk sönglög og dægurlög.

Reynt var að tengja morgunsönginn þeim þemum sem voru í gangi hverju sinni. Fyrri hluta vetrar var tónmenntakennari skólans í feðraorlofi og því voru geisladiskar með undirleik notaðir í morgunsöngnum fram að áramótum.

Í vetur fengum við nokkra góða gesti í heimsókn í morgunsöng. Örn Árnason, Björn Thoroddsen, Ásgeir Óskarsson og Gunnar Hrafnsson heimsóttu okkur í apríl með dagskrá byggðri á íslenska þjóðlaginu *Ljosið kemur langt og mjótt*. Í nóvember kom Diddú ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur og fluttu þær fjölbreytta dagskrá. Í desember Ómar Ragnarsson og flutt nokkur lög.

Gróðursetningardagur í Sandahlíð

Sjálandsskóli fékk úthlutað landsvæði til ræktunar hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar. Svæðið er í suðaustanverðri Sandahlíð nálægt Guðmundarlundi. Farið var með allan nemendahópinn föstudaginn 1. september í plöntunar og útivistarferð. Nemendahópnum var tvískipt í vinnu. Á meðan annar hópurinn plantaði birkiplöntum umdir stjórn starfsfólks Garðyrkjudeildar Garðabæjar var hinn hópurinn við leiki í Guðmundarlundi. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og svo var frjáls leikur á svæðinu. Dagurinn tókst mjög vel enda var veður gott og allir í sólskinsskapi.

1. des. Fullveldisdagurinn

Fullveldisdagurinn hófst með því að nemendur í 7. bekk fluttu dagskrá var samansett af ýmsum fróðleik um fullveldishátíðina 1918, aðdraganda hennar og líf og starf Íslendinga á þeim tíma. Um leið og textinn var glærusýning sýnd með ljósmyndum frá fullveldishátíðinni, frostavetrinum mikla og af húsum og lífsháttum Íslendinga. Að lokum voru sungin tvö þjóðernislög. Nemendur Sjálandsskóla sem stunda nám í Tónlistarskóla Garðabæjar léku á lúðra Að því loknu fór hver hópur nemenda til síns umsjónarkennara. Dagskráin gekk mjög vel.

Jóladagskrá

Ákveðið var að hafa jólaþemadaga 5. og 6. desember þar sem í boði voru fjölbreytt verkefni. Eftir reynsluna frá fyrsta árinu var talið mikilvægt að hafa þessa þemadaga snemma í desember þannig að umsjónarhópar væru meira saman með umsjónarkennara í rólegheitum síðustu dagana fyrir jól.

Jólasöngbók skólans var tekin fram í byrjun desember og byrjað var að syngja eftir henni. Jólatrið var sett upp um viku fyrir jólaskemmtun en var skreytt með jólaskrauti sem útbúið var af nemendum ári áður.

Á þemadögum var unnið í aldursblönduðum hópum að verkefnum sem nemendur höfðu valið sér. Í boði voru 10 mismunandi verkefni. Nemendur númeruðu frá 1 uppí 6 það sem þau helst kusu og fengu 4 verkefni. Í boði var:

1. **Smákökubakstur** – bakaðar tvær tegundir, súkkulaðibitakökur og piparkökur.
2. **Konfektgerð** – útbúnar voru kókoskúlur og marshmallowskökur, flatt út og skorið með piparkökumótum, málað og skreytt með glassúr.
3. **Laufabrauð** – Nemendur teiknuðu upp munstur á blað og skáru það svo út í útflattar laufabrauðskökur. Þær voru síðan steiktar síðar um daginn. Of langur tími áætlaður fyrir þetta verkefni. Þarf að hafa fleira í boði.
4. **Kertagerð** - nemendur steiptu kerti. Mjög skemmtilegt verkefni. Athuga þarf að hlífa gólfi betur því vaxið virtist smitast út um allt þrátt fyrir góða vörn.
5. **Gluggaskreyting** – Nemendur klipptu út myndir í svartan pappír og límdu silkipappír á bakvið
6. **Jólaspil** – nemendur spiluðu ýmis spil
7. **Jólakort** – Nemendur bjuggu til kort af ýmsum gerðum úr pappír
8. **Jólainnpökkun** - Nemendur skreyttu jólapappír og margir pökkuðu inn jólagjöfum sem þeir höfðu gert í listum og smíði. Einnig komu nokkrir með gjafir að heiman.
9. **Jólaborðskraut** – Búnir voru til litlir jólakransar og stafir sem útbúnir voru á pappahring/staf og vafið utan um með pípuhreinsurum. Skreytt með silfurkúlum og slaufum.
10. **Jóla ljósker** – sultukrúkkur sem fengnar voru gefins frá Ora og pappír límdur á, vír vafinn ofaná krúkkuna þannig að hægt var að halda á ljóskerinu.

Mikilvægt að hafa samræmi milli hópa hvort allur baksturinn sé fyrir jólaskemmtunina eða hvort hluti af afrakstrinum fari heim. Krakkarnir vilja gjarnan fá eitthvað heim. Tímalengdin var fín í sumum hópum en í öðrum ekki. Skoða þarf þetta vel fyrir næstu törn.

Jólagjöfin

- 1.-2. bekkur vann pappamassaskálar sem heppnuðust ágætlega. Svolítið mikið mál þar sem skálarnar þurftu langan tíma til að þorna og lítill tími gafst þá til að leyfa þeim að skreyta þær eftir. Einnig unnu 1. bekkingar leirslöngur í listum.
- 3.-4. bekkur útbjó lyklakippu úr plasti í smíði og máluð í listum.
- 5.-6. bekkur smíðaði muni í smíði úr plexigleri sem var hitað og formað í ofni. Einnig útbjuggu þau leirkrúsir í listum og jólasokk á heimasvæði.
7. bekkur smíðaði jólasvein úr MDF eftir gefinni forskrift.

Jól í skókassa.

Nemendur í 2. bekk útbjuggu jólapakka og kveðju til fátækra barna í Úkraínu. Þetta er verkefni á vegum KFUM og KFUK.

15. desember.

7.bekkur fór í gistiferð í Lækjarbotna í lok vikunnar. Í ferðinni var æft jólaleikritið, farið í gönguferðir, rennt sér í snjónum, haldin hæfileikakeppni, spilað og farið í næturleik sem endaði með varðeld og grillaðum sykurpúðum. Krakkarnir sáu sjálfir um matseld enda var veislumatur í hverja máltíð. Ólafur Schram umsjónarkennari í feðraorlofi var sérstakur heiðursgestur í hátíðarkvöldverði. Frábær ferð með frábærum krökkum

19. desember

Kirkjuferð í Garðakirkju kl. 11. Frábær ferð þar sem Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti okkur.

Þegar komið var heim í skóla var hangikjötsveisla.

20. desember – litlu jólin

Dagskráin var frá 9 – 11:30

- 1. Jólaskemmtun** Nemendur í 5. bekk fluttu helgileik. Nemendur í 7. bekk sýndu leikrit er fjallaði um tilgang jólanna og jólagjafir. Nemendur í 1. bekk sungu fyrir okkur og nemendur í 2. bekk fluttu leikritið Prinsessan á bauninni. Frábær skemmtun. Nemendur í 3.-4. bekk spiluðu á selló, fiðlu og trompet. Nemendur í 5.-6. bekk fluttu ýmis atriði.
- 2. Jólabball** á skólasafni (Helgi í forsöng, Ólafur spilar undir). Nemendur tóku vel undir. Nokkrir foreldrar komu með. Flottir jólasveinar kíktu í heimsókn.
- 3. Bekkjarstund með umsjónarkennara.** Við enduðum síðasta skóladaginn á notalegri stund inn á heimasvæði. Þar var spjallað og leikið og nemendur borðuðu fínu smákökurnar sem þau höfðu bakað. Einnig var kveikt á kertunum sem þau höfðu steipt í jólaþemanu. Mikilvægt að skapa rólegheit. Nokkur truflun t.d. milli 1.bekkjar og 3.4.bekkjar þar sem ekki var samræmi í dagskrá. Þarf að skoða nánar.

Notalegur og flottur hádegismatur starfsfólks var þann 20. desember. Mjög góður matur og hugguleg stund.

Öskudagur

Á öskudegi var hluta úr degi brugðið út frá hefðbundnu skólastarfi. Nemendur máttu koma í öskudagsbúningi í skólann og starfsmenn voru einnig uppáklæddir í tilefni dagsins. Að loknum frímínútum var skemmtun í hreyfirými og var stigin og sýndur dans. Síðan röðuðu nemendur sér upp í limbó og gátu síðan slegið Köttinn úr “tunnunni” frammi í matsal. Var tunnan spónaplötukassi sem Sigú útbjó og kötturinn lítið tuskudýr sem nemandinn fékk til eignar.

Klukkan 13:30 opnaði draugahús í kjallaranum sem nokkrir nemendur 5.-6. bekkjar höfðu sett upp með aðstoða skólastjóra og umsjónarmanns. Á sama tíma opnuðu 6 “verslanir” í skólanum þar sem nemendur gátu sungið söngva sína og fengið sælgæti að launum fyrir góðan söng. Sælgætið höfðu foreldrar gefið í skólann. Dagurinn tókst afar vel og voru börn og foreldrar ánægð með þessa nýbreytni í skólastarfi.

Eftirfarandi orðsending var send til fyrirtækja, stofnana og verslana í Garðabæ.

Skólastarf í flestum grunnskólum Garðabæjar verður með hefðbundnum hætti á öskudag fram til kl. 14. Þau fyrirtæki og verslanir sem hafa hugsað sér að gefa

börnum góðgæti fyrir góðan flutning á skemmti- og söngatriðum eru vinsamlegast beðin um að biðja með það fram yfir kl. 14:15 á öskudag.

Og undir þetta bréf skrifuðu allir skólastjórar grunnskóla í Garðabæ. Mörg fyrirtæki brugðust vel við þessari orðsendingu en flest allir nemendur Sjálandsskóla komu þó að tónum kofanum þegar að dagskrá í Sjálandsskóla lauk.

Listadagar

Listadagar í Sjálandsskóla voru haldnir 14.-16.mars. Þema daganna var *furðuverur* Nemendur tóku virkan þátt í listadögum með fjölbreyttum verkefnum. Nemendur völdu sér viðfangsefni til að vinna að þessa tvo daga í aldursblönduðum hópum. Afraksturinn munu nemendur kynna í stiganum eftir hádegi á föstudaginn. Nánari fréttir af starfi nemenda mun fréttastofa nemenda í skólanum kynna m.a.

Föstudaginn 16. mars var sýninga á afrakstri listadaganna. Ópið hús var frá kl. 13-14:15 og voru allir velkomnir. Góð mæting var hjá foreldrum sem sýndu afrakstrinum mikinn áhuga.

Íþróttadagur

24 maí var haldin íþróttadagur. Nemendur völdu sér viðfangsefni fyrir daginn. Í boði var að fara í hjólaferð í Kópavoginn, ævintýraferð í Elliðaárdal, minigolf, hellaskoðun í Heiðmörk, kajaksiglingu, fjörleika á heimavelli og fótbolta. Viðfangsefnin voru aldursskipt þannig að kajaksigling og hellaferð í Heiðmörk var aðeins í boði fyrir eldri nemendur. Nemendur skemmtu sér hið besta þrátt fyrir að kalt hafi verið í veðri.

Útilegan og vorhátíðin

4.- 5. júní var útivistardagur og innilega í Sjálandsskóla. Með yfirumsjón fóru Helgi Grímsson skólastjóri og Ólöf Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri. Allir kennarar skólans og aðrir starfsmenn tóku síðan þátt í frekari skipulagningu. Foreldrafélagið sá um skipulagningu á matartilbúningi. Fyrirhugað hafði verið að fara með nemendur á Esjuna þennan dag en sökum veðurs var ákveðið að heimsækja Þingvelli, Nesjavelli og Úlfjótuvatn.

Dagskráin var eftirfarandi:

Mánudagur 4. júní

Nemendur komu með farangur í skólann, sunginn morgunsöngur og stutt umsjón með umsjónarkennara. Nemendum var skipt í yngri og eldri og ákveðið var að fara sitthvorn hringinn þannig að hóparnir hittust ekki yfir daginn. Eldri nemendur skólans fóru fyrst á Þingvelli, þaðan á Úlfjótuvatn og enduðu á Nesjavöllum. Yngri nemendur byrjuðu á Úlfjótuvatni fóru þaðan yfir á Nesjavelli og enduðu í gönguferð á Þingvöllum.

Komið var tilbaka um miðjan dag og þar beið síðdegishressing eftir nemendum.

Að henni lokinni tók við dótadagur og frjáls tími til undirbúnings kvöldvöku.

Kvöldverður var í umsjón foreldrafélagsins og fengu börnin grillaðar pylsur og franskar kartöflur. Um kvöldið var sameiginleg kvöldvaka þar sem nemendur og kennarar skemmtu hvort öðru með heimatilbúnum skemmtatriðum.

Yngri nemendur áttu að vera komin í ró um klukkan 22:00 en eldri nemendur máttu vaka til miðnættis. Þá átti að vera komin ró og ljósin voru slökkt.

Þriðjudagur 5. júní

Klukkan 8 voru ljósin kveikt og nemendur tóku til við að ganga frá og fá sér að borða morgunverð sem foreldrafélagið sá um. Eftir það fóru nemendur ásamt sínum umsjónarkennara í dagsferðir af ýmsum toga.

1. bekkur – sundferð
2. bekkur – heimsókn til umsjónarkennara
- 3.-4. bekkur – heimsókn til slökkviliðs Hafnarfjarðar og komið við í ísbúð
- 5.-6. bekkur – heimsókn á Kjarvalsstaði og hádegisverður á American Style
7. bekkur - kajaksigling

Árgangarnir komu á misjöfnum tíma tilbaka en boðið var upp á samlokur og ávexti í hádegismat. Eftir það var frágangur allt til loka skóladags.

Umsjónarkennarar og skólastjórar gistu ásamt nemendum í skólanum. Nokkur fjöldi foreldra mætti á kvöldvökuna og var það mjög skemmtilegt. Foreldrafélagið sá alfarið um matartilbúning þennan sólahring og var þar vel að verki staðið. Innilegan gekk vel og var skemmtilegur endir á skólastarfinu. Margir nemendur sigruðust á heimþrá og öryggisleysi. Mikilvægt að tryggja góða mönnun og huga að skýrari vaktaskiptum milli starfsfólks og nýta mannaflann sem best. Ljóst er að innilegan er viðburður í skólastarfi Sjálandsskóla sem kominn er til að vera.

Kaldsjávarbúr - fjaran

Sett var upp 2000 lítra kaldsjávarbúr í anddyri skólans með aðstoð frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og styrk frá Marel. Sjó og lífverur fengum við úr FHG.

Umsjónarmaður skólans fór tvisvar til þrisvar í viku niður í fjöru í frímínútum með þá nemendur sem það vildu, fræddi þau um lífríkið og stjórnaði veiðum. Aflinn fór alla jafna upp í búrið, mest marflær, sprettfiskar, skeljar og krabbar en einnig silungar. Skipti þessi þáttur skólastarfsins marga nemendur afar miklu máli. Einnig var fjaran nýtt af tómstundaheimili og kennurum og í nokkur skipti var farið með 5.-7. bekk í sjóferð á kanó. Var fjaran og lífríki hennar því snar þáttur í skólastarfinu.

12. Ytri tengsl

Gestir

Fjölmargir gestir komu í vetur og kynntu sér starfsemi skólans og bygginguna. M.a.:

Kennarar úr Melaskóla

Kennarar úr Myllubakkaskóla

Kennarar úr Seljaskóla

Kennarar úr Hjallaskóla

Kennarar úr Álftanesskóla

Kennarar úr Háteigsskóla

Skólastjórar í Reykjavík og starfsfólk fræðslumiðstöðar

Starfsfólk fræðslumiðstöðvar Akureyrar

Nemendur í tómstundafræði HÍ

Nemendur í tómstundafræði KHÍ

Nemendur í B.ed. námi við Háskólann á Akureyri

Danskur arkitektahópur

Enskur arkitektahópur

Arkitektahópur vegna vinnu við skóla í Mosfellsbæ

Síðan unnið með 8 kennaranemum við lokaritgerð

Fjölmargir kennarar, foreldrar og aðrir sem vildu kynna sér starfsemi skólans.

Tengsl við aðra grunnskóla, leikskóla, atvinnulíf, íþrótt- og æskulýðsfélög, kirkju og frjáls félagasamtök

Sjáländsskóli átti margháttað samstarf við aðila innan Garðabæjar að þróun skólstarfs.

- Skólastjórnendur og kennarar 1./2. bekkjar átti í samstarfi við leikskóla í bænum vegna "brúum bilið" verkefnisins.
- Kennsluráðgjafi í upplýsinga -og tæknimennt vann að þróun upplýsinga- og tæknimenntar í samstarfi við kennsluráðgjafa í öðrum grunnskólum Garðabæjar.
- Skólastjórnendur áttu reglulega fundi með skólastjórum í Garðabæ og sátu fundi grunnskólafulltrúa.
- Sjáländsskóli hélt helgistund í Garðakirkju í samstarfi við sóknarprest og tómstundaheimilið fór í heimsókn í safnaðarheimilið í vetrarleyfi. Þá tók skólastjóri þátt í störfum æskulýðsnefndar kirkjunnar.
- Nemendur í tónlistarskóla Garðabæjar héldu tónleika í Sjáländsskóla.
- Nemendur skólans sungu fyrir gesti og gangandi á degi íslenskrar tungu, m.a. á Garðatorgi, í Ikea, í Ásgarði og Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.
- Nemendur skólans gerðu verð og vörukönnun í Hagkaup í heimilisviku. Einnig fóru nemendur skólans í fjölmargar vettvangsferðir í nágrenni skólans allt skólaárið.
- Skólinn átti í samstarfi við fjölmargar bæjarstofnanir t.d. starfsfólk stofnana ÍTG, áhaldahús, garðyrkjudeild og bæjarskrifstofur vegna undirbúning og framkvæmd skólstarfsins.
- Þá átti skólastjóri og umsjónarmaður mikil samskipti við Fasteign vegna skólabýggingarinnar. Varð þetta samstarf til þess að Sjáländsskóli náði betur að starfa að markmiðum sínum og stuðlaði að auknum gæðum skólstarfs.

Tengsl við menntamálaráðuneytið og aðrar ríkisstofnanir

Skólinn sótti um undanþágu frá viðmiðunarstundaskrár vegna hliðrunar á stundatöflu. Fékkst samþykki fyrir því. Fulltrúar ráðuneytis komu í heimsókn og kynntu sér starfs skólans. Þá fékk skólinn þróunarstyrk vegna verkefnisins "Hver er sinnar gæfu smiður". (sjá fylgiskjal III)

Tengsl við stéttar- og fagfélög starfsfólks

Nokkur gangur komst í viðræður um vinnutímaskilgreiningu kennara samkvæmt grein 2.1.2. og bókunar 5. í kjarasamningi FG og LN á vordögum. Voru allir kennarar skólans tilbúnir að stíga skrefið samkvæmt tillögu að samkomulagi sem skólastjóri útbjó í samráði við trúnaðarmenn. Þessi drög er nú í úrvinnslu hjá Garðabæ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skólastjóri og trúnaðarmenn leituðu í nokkur skipti eftir upplýsingum til stéttarféлага starfsfólks vegna ákvæða í kjarasamningi bæði símleiðis og í tölvupósti. Lögð var áhersla á að trúnaðarmenn gætu sinnt upplýsingaskyldu sinni til félagsmanna og einnig fengu þeir allar upplýsingar um málefni einstakra starfsmanna ef svo bar undir. Lítil samskipti voru við fagfélög starfsfólks.

13. Skýrsla tómsundaheimilisins

Starfsmenn og helstu verkvið þeirra

Umsjónarmaður var **Margrét Perla Kolka Leifsdóttir**. Starfsvið var skráning barna, skipulagning starfsins, samskipti við foreldra, innkaup, tímaskráning og samskipti við innheimtudeild Garðabæjar, samstarf við aðra starfsmenn skólans auk almennrar gæslu.

Fastir starfsmenn voru **Þórunn Jónsdóttir** (allur veturinn) og **Kristján Páll Kolka Leifsson** (nóvember – júní) sem sáu um almenna gæslu úti og inni og umsjón með ýmsum verkefnum.

Aðrir starfsmenn í hlutastarfi voru **Sanne Kathrine Larsen**, danskur kennari sem vann í októbermánuði, **Lilja Dröfn Bjarnadóttir**, nemi í FG sem hluti af samstarfi FG og Sjáländsskóla – *tengsl lífs og náms*. Einnig hafa skólaliðar skólans aðstoðað við afleysingar og við matarundirbúning.

Fjöldi og aldur barna

Tómsundaheimilið stendur til börnum í 1.-4. bekk til boða. Fjöldi skráðra barna var á bilinu 37 – 43. Opið var frá 14:15 – 17:15.

7% barna voru skráð í 1-10 tíma á mánuði, 14% barna í 11-20 tíma, 7% barna í 21-30 tíma, 30% barna í 31-40 tíma, 14% barna í 41-50, 28% barna í 51-60 tíma. Eftir 16:00 voru að meðaltali 40% barna eftir. 30% barnanna voru skráð til 17:00 eða lengur. Talsverður munur var á viðveru barna í lok haust og vorannar þegar mörg fóru fyrr heim og fengu sjálf að fara heim þegar birta tók af degi.

93% barna í 1. bekk voru skráð í tómsundaheimilið á tímabilinu, 92% barna í 2. bekk, 49% barna í 3.-4. bekk. Talsverður kynjamunur er á skráningu stúlkna og drengja í 3.-4. bekk þar sem mikill meirihluti skráðra barna eru drengir. Sem dæmi voru engar stúlkur úr 3. bekk skráðar eftir áramót og aðeins 3 stúlkur úr 4. bekk skráðar á skólaárinu.

Tómsundaheimilið bauð upp á skráningu í jóla-, vetrar og páskafríi, auk skipulagsdaga kennara. Mjög fá börn voru skráð í jóla og vetrarfríi og ekkert barn í páskafríi. Almennt var lítil sem engin skráning á skipulagsdögum kennara. Starfsemi tómsundaheimilisins var flutt í Mýrina í jólafríi þar sem starfsemin var sameinuð tómsundaheimilum Flata- og Hofstaðaskóla.

Húsnæði

Tómsundaheimilið hefur aðsetur á íþróttasvæði skólans, búningsherbergjum og nýtir sér grænt eldhús þar á svæðinu. Einnig nýtir tómsundaheimilið önnur svæði skólans, svo sem útisvæði, tölvupall, önnur eldhús og matarsvæði nemenda.

Viðfangsefni vetrarins

Frjáls leikur

Uppistaðan í leikjum barnanna var frjáls leikur á svæði tómsundaheimilisins, svo sem í lego, kubbum eða playmo, fótbolta eða öðrum boltaleikjum, fündri, hlutverkaleikjum í herbergjum og á útisvæði.

Verkefni

Ýmis verkefni voru í boði í viku hverri, flest valfrjáls en í einhverjum þeirra þó skylduþátttaka. Dæmi um þetta eru þemaverkefni á hrekkjavöku, jólum, páskum og vori. Önnur eru bakstur (bakað var meðaltali einu sinni í viku), ýmis fönðurverkefni, ratleikur og tölvutímar.

Námskeið

Þrenn námskeið voru haldin yfir veturinn. Sveinn Gauti Einarsson kenndi skák einu sinni í viku allan veturinn. Jóhann Breiðfjörð hélt legónámskeið fyrir 7 ára og eldri í nóvember. Sigrún Birna Blómsterberg hélt dansnámskeið fyrir 1. – 7. bekk á vorönn.

Síðdegishressing

Sem nýjung í starfi tómsundaheimilisins (hugsað var sem tilraunaverkefni) á þessu skólaári var að bjóða upp á síðdegishressingu. Foreldrar borguðu sérstaklega fyrir hressinguna og reiknaður var lágmarkskostnaður 90 kr á dag. Þessi upphæð miðast við hráefniskostnað, ekki vinnukostnað enda var upphaflega hugmyndin sú að börnin myndu hjálpast að við að undirbúa matinn fyrir hópinn. Stefnt var að hafa hressinguna sem hollasta og að uppistaðan væri ávextir og grænmeti.

Reynslan sýndi að mikill áhugi og þörf var fyrir þessa þjónustu. Foreldrar voru almennt mjög ánægðir með að börnin fengju hollan og ferskan mat en ekki nesti sem væri búið að bíða í töskunni allan daginn. Börnin voru mjög ánægð með matinn og þetta varð fastur punktur í dagskrá dagsins. Þetta var yfirleitt eini tími dagsins þar sem öllum var safnað saman og hægt var að spjalla við hópinn í heild sinni. Þegar leið á haustið bættist við smurt brauð þar sem að ávextirnir og grænmetið var ekki nógu seðjandi. Í upphafi var ljóst að ákveðinn hópur barna sýndi mikinn áhuga á að taka þátt í að undirbúa matinn á meðan annar hópur þvertók fyrir að hætta leik til að hjálpa til. Tekið var það ráð að gera verðlaunakerfi þar sem “duglegir hjálparar” fengu stjórnun í hvert skipti sem að þeir unnu eitthvað fyrir hópinn. Fimm stjórnur var svo hægt að nýta í auka tölvutíma eða leik með talstöðvar en tíu stjórnur í íspinna. Þrátt fyrir þetta fór viljugum hjálparkokkum fækkandi á vorönn þar sem þau börn sem duglegust voru í þessu voru mörg hver hætt í tómsundarheimilinu eða voru sjaldnar.

Innkaup miðuðust bæði við framboð í Fjarðarkaupum og óskum barnanna, auk hollustugildis. Af ávöxtum voru epli (rauð, gul, græn), appelsínur, mandarínur, bananar, plómur, melónur (ýmsar tegundir), ananas (dós og ferskur) og vínber oftast keypt. Vinsælasta grænmetið voru gúrkur, kokteiltómatar, smágulrætur og papríkur (gular, rauðar og appelsínugular). Samlokubrauð var oftast keypt en einnig pítubrauð (fyrir smápizzur) og pylsubrauð (hitað með osti og pizzusósu). Ef ekki var bakað í vikunni þá var oftast eitthvað sérstakt keypt fyrir einn dag vikunnar svo sem kanelnúðar, kleinur, litlir kleinuhringir og fleira í þeim dúr. Alltaf var tvennskonar álegg á brauð í boði. Vinsælast var ostabrauð með pizzusósu sem að grillað var í ofni, þar á eftir var bananar langvinsælast. Annað álegg var ostur, skinka, malakoff, kjúklingaskinka, spægipylsa, og túnfisksalat.

Samstarf

Skólinn: Tómsundaheimilið samnýtir aðstöðu skólans og hefur notið aðstoðar skólaliða og annarra starfsmanna. Engir kennarar skólans hafa starfað við eða aðstoðað tómsundaheimilið.

Fjölbraut í Garðabæ: Sú hugmynd kom fram á haustmánuðum (vegna mikillar mannekleu) að koma á samstarfi við Fjölbrautaskóla bæjarins. Eftir viðræður við

fulltrúa skólans (uppeldis og sálfræðikennarar) var verkefnið Tengsl lífs og náms sett í gang. Hópar nemenda sem voru í sálfræðiáföngum komu og skoðuðu skólann og hittu nemendur tómstundaheimilisins. Í boði var að vinna í 20 stundir á tómstundaheimilinu sem einskona vettvangsnám og skila inn skýrslu. Auk launa fengu nemendur FG einingar fyrir vinnuna. Aðeins einn nemandi lauk nægjanlegum vinnufjölda til að fá einingar fyrir.

Samskipti við foreldra

Samskipti við foreldra gengu mjög vel í vetur og tjáðu foreldrar nær undantekningalaust ánægju sína með tómstundaheimilið. Eina gagnrýnin sem barst snérist að eftirliti á útisvæði og einnig kom fram ósk frá foreldrum eins nemanda um að hann væri meira úti við. Reynt var að koma á móts við þessar óskir eftir fremsta megni.

Foreldrum var boðið að koma á hátíð í lok haust- og vorannar. Jólahátíðin var haldin um miðjan desember og bökuðu starfsmenn og nemendur vöfflur og hituðu kakó handa sér og foreldrum sínum. Einnig höfðu nemendurnir bakað smákökur svo vikum skipti fyrir hátíðina. Vorhátíðin var haldin bæði úti og inni. Úti var bál þar sem brauð og sykurpúðar voru hitaðir yfir eldi og grillaðar pylsur. Foreldrar komu með drykkjarföng sjálf. Inni fengu þau súkkulaðiköku sem börnin höfðu bakað og umsjónarmaður þakkaði börnum, foreldrum og samstarfsfólki fyrir veturinn, kvaddi þau og tilkynnti um væntanlegar breytingar á starfseminni næsta vetur.

Lokaorð

Starfsemi vetrarins gekk mjög vel en var í stöðugri mótun. Talsvert meira álag var á börnum og starfsmönnum á haustönn en vorönnin. Fjölgun í nemendafjölda kallar á breytingar á skipulagi bæði á stundaskrá og vinnusvæðum. Eins þarf að halda áfram að þróa skipulag síðdegshressingar.

Talsverð vinna fylgir skipulagningu utanaðkomandi námskeiða en það gefur þeim börnum sem eru í mikilli vistun möguleika á fjölbreyttara tómstundastarfi. Stefnt verður að auka úrval þessara námskeiða á næstkomandi starfsári.

Langflestir nemendur tómstundaheimilisins óskuðu eftir að fá að leika sér “í friði” í frjálsum leik þótt þeir tækju þátt í einstaka verkefni. Eftir langan vinnudag í skólanum, þar sem unnið er að verkefnum, er ákveðin hvíld í frjálsa leiknum. Mikilvægt er að byggja upp safn tómstundaheimilisins af leikföngum og tryggja svæði þar sem tækifæri er til að vera í boltaleikjum, hlutverkaleikjum og föndri. Eins að aðskilin séu svæði þar sem hægt er að ærslast og vera í rólegheitum þar sem þarfir barnanna eru mismunandi. Íþróttasvæði, búningsklefar og eldhús á svæði tómstundaheimilisins þola aðeins um 20-25 börn í einu og þess vegna er mikilvægt að hafa fleiri svæði næsta vetur. Það kallar aftur á móti á aukningu í starfsmannafjölda.

Garðabær, júní 2007

Margrét Perla Kolka Leifsdóttir

14. Samtitekt og mat á árangri skólastarfsins

Annað starfsárið í Sjálandsskóla var farsælt. Skólinn náði tilætluðum árangri í starfi sínu og vel það. Flest öll markmið sem stefnt var að samkvæmt skólaskýrslu 2005-

2006 náðust á árinu. Stigin voru mörg skref í þróun skólstarfs á árinu, ber þar helst að nefna:

1. Þróa enn frekar einstaklingsmiðun þ.m.t. einstaklingsáætlanir, einstaklingsverkefni, heimavinnu og hópastarf.
2. Styrkja námsmat í einstaklingsmiðuðu námi og auka árangur nemenda
3. Auka enn frekar vægi list- og verkgreina með kennslu í smíðum.
4. Hefja kennslu í ensku strax frá 1. bekk í samstarfi við Alþjóðaskólann
5. Hefja kennslu í notkun kajaka
6. Efla upplýsingastreymi til foreldra
7. Starfsfólk kynnist framkvæmd einstaklingsmiðaðs skólstarfs í skólum hérlendis og erlendis.
8. Vinna markvisst að framgangi skólustefnu Garðabæjar
9. Stuðla að auknum gæðum skólamáltíða

Markmið fyrir næsta skólaár

Á næsta skólaári er að því stefnt að:

1. Auka vellíðan nemenda og leita á markvissan hátt eftir viðhorfum nemenda til skólstarfsins Þróa áætlun um viðbrögð við námserfiðleikum.
2. Endurskoða og móta áætlun skólans um viðbrögð við námserfiðleikum nemenda og nemendum með ólíkan skólabakgrunn.
3. Efla og viðhalda áherslu skólans í útikennslu og hreyfingu.
4. Endurmeta enskukennslu skólans og samstarf um þá kennslu við Alþjóðaskólann.
5. Efla nýsköpunarkennslu í skólanum
6. Efla og móta markvissa þjálfun í tjáningu
7. Vinna að undirbúningi starfs á unglingastig.
8. Móta fleiri verkefni sem miða að því nemendur taki virkan hátt í mótun samfélags og umhverfis
9. Skerpa umhverfisstefnu skólans og festa sorpflokkun í sessi
10. Vinna markvisst að framgangi skólustefnu Garðabæjar

15. Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2006 - 2007


Nafn skóla:

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 D	1 F	1 S	1 M	1 F	1 Fúlvéldagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 S Þámasunndagur	1 D Verkhjódagurinn	1 F
2 M	2 L	2 M	2 F	2 F	2 L	2 D	2 F	2 F	2 M	2 M	2 L
3 F	3 S	3 D	3 F	3 F	3 S	3 M Skóladagurur	3 L	3 L	3 D	3 F	3 S
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 M	4 F Skóladagurur	4 S	4 S	4 M	4 F	4 M
5 L	5 D	5 F	5 S	5 D	5 D	5 F	5 M	5 M	5 F Skóladagurinn	5 L	5 D
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 M	6 S	6 D	6 D	6 F Þórðsdagurinn lengi	6 S	6 M Skóladagurur
7 M Þórdagur verkunarmann	7 F	7 L	7 D	7 F	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F Skóladagurur
8 D	8 F	8 S	8 M	8 F	8 F	8 M	8 F	8 F	8 S Þakadagurur	8 D	8 F Skóladagurur
9 M	9 L	9 M	9 F	9 F	9 L	9 D	9 F	9 F	9 M Annar í þekum	9 M	9 L
10 F	10 S	10 D	10 F	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 D	10 F	10 S
11 F Símenntun	11 M	11 M	11 L	11 M	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M Skóladagurur
12 L	12 D	12 F	12 S	12 D	12 D	12 F Skóladagurur	12 M	12 M	12 F	12 L	12 D
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 S	13 L	13 D	13 D	13 F	13 M	13 S
14 M Símenntun	14 F	14 L	14 D	14 F	14 F	14 S	14 M Veðarleyfi	14 M	14 L	14 M	14 F
15 D Skóladagurur	15 F	15 S	15 M	15 F	15 F	15 M	15 F Veðarleyfi	15 F	15 S	15 D	15 F
16 M Skóladagurur	16 L	16 M	16 F	16 F	16 L	16 D	16 F Veðarleyfi	16 F	16 M	16 M	16 L
17 F Skóladagurur	17 S	17 D	17 F	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 D	17 F Úperðspríngardagurur	17 S Þúlvéldagurinn
18 F Skóladagurur	18 M	18 M	18 L	18 M	18 M	18 F	18 S Korudagurur	18 S	18 M	18 F	18 M
19 L	19 D	19 F Samr. íal	19 S	19 S	19 D	19 F Þórðsdagurur	19 M Þólludagurur	19 M	19 F Sumardagurinn fyrsti	19 L	19 D
20 S	20 M	20 F Samr. Stað	20 M	20 M	20 M Jóskvinnstíni	20 L	20 D Sprengdagurur	20 D	20 F	20 S	20 M
21 M Skóladagurur	21 F	21 L Þynni veðardagurur	21 D	21 F	21 F	21 S	21 M Óskudagurur	21 M	21 L	21 M	21 F
22 D Skólaeiningviðtöl	22 F	22 S	22 M	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 S	22 D	22 F
23 M	23 L	23 M Skóladagurur	23 F	23 F	23 L	23 D	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L
24 F	24 S	24 D Þrófaldagurur	24 F	24 F	24 S Aftangadagur jóla	24 M	24 L	24 L	24 D	24 F	24 S
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 M Xmasdagurur	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 M
26 L	26 D	26 F	26 S	26 D	26 D Annar í jólum	26 F	26 M	26 M	26 F	26 L	26 D
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 D	27 D	27 F Hvítasunnudagurur	27 M	27 S
28 M	28 F	28 L	28 D	28 F	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M Annar í hvítasunnu	28 F
29 D	29 F	29 S	29 M	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 S	29 D	29 F
30 M	30 L	30 M	30 F	30 F	30 L	30 D	30 F	30 M	30 M	30 M	30 L
31 F		31 D			31 S Samráðsdagurur	31 M		31 L		31 F	

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Fylgiskjal 2

Skipurit Sjálandsskóla skólaárið 2006 - 2007



Fylgiskjal 3



„Hver er sinnar gæfu smiður“

Þróunarverkefni í Sjálandsskóla

Skólaárið 2006-2007

Kenninúmer: 20062-TR10G-597-1

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Inngangur	4
1. Teymisvinna, samkenndsla og skipulag skólafstofu í opnu rými	13
2. Sögugerð í Kidpix sem liður í þemanámi	20
3. Líf og leikur – þemavinna í 5.-6. bekk	28
4. Líf og leikur – útfærsla á þemanu fyrir barn með sérstakar þarfir	32
5. Einstaklingsbundin heimavinna sem byggir á samvinnu nemenda og forráðamanna í 1. og 2. bekk.	35
6. Einstaklingsbundin heimavinna nemenda í 7. bekk	48
Lokaorð	51

Útdráttur

Sjálundsskóli tók til starfa haustið 2005. Í Sjálundsskóla er lögð á einstaklingsmiðað nám, hópastarf og fjölbreytta kennsluhætti. Í verkefninu er lögð áhersla á að auka enn frekar ábyrgðartilfinningu og sjálfsvitund nemenda á námi og gera vinnu þeirra markvissari. Viðfangsefnið var fyrst og fremst nálgast frá þrem sjónarhornum: Gera áætlanavinnu nemenda markvissari, auka gæði í hópastarfi og þróa leiðir í samstarfi við foreldra og nemendur um áherslur á einstaklingsmiðaðrar heimavinnu. Kennarahópar beindu sjónum að ólíkum þáttum þessa þróunarverkefnis og gerðu sérstaka skýrslukafla um þá.

Inngangur

Markmið þessa þróunarverkefnis er að:

- Nemendur læri að setja sér ögrandi námsmarkmið
- Nemendur kunni að nýta sér samanlagða reynslu og þekkingu í námshópi til þess að auka gæði náms
- Nemendur tileinki sér vinnubrögð sem undirstrika mikilvægi skólans sem vinnustaðar og heimilis sem uppsprettu nýrra tækifæra í námi.

Helstu áherslur voru:

a) Einstaklingsverkefni. Þróa einstaklingsverkefni sem byggja á vinnubrögðum sem ættuð eru frá New Country School í Bandaríkjunum. Verkefnið felur í sér að nemandinn velur sér viðfangsefni, úrlausnaraðferðir og afurð. Engu að síður þarf nemandinn að gera sér grein fyrir þýðingu verkefnis, þætta saman í því áherslur í mismunandi greinum námskrár, skilgreina heimildir, verklag og tímaáætlun.

b) Áætlunarvinna. Í áætlunarvinnu læra nemendur að áætla sér verkefni fyrir tiltekinn tímafjölda á viku út frá markmiðum sem ákveðin eru í samráði kennara og nemenda.

c) Hópastarf í þemum. Nemendur læra að nýta sér samanlagða reynslu og þekkingu í námshópi til þess að auka gæði verkefna og stuðla að auknu námi og vinnu allra í hópnum.

c) Einstaklingsmiðuð heimavinna. Vinna þar sem heimilið og fjölskyldan sem uppspretta reynslu og menntunar er höfð að leiðarljósi. Við viljum þróa samband einstaklingsmiðaðrar skólavinnu og heimavinnu enn frekar: 1. Færa einstaklingsverkefnið (sjá a) að hluta til heim til nemenda. 2. Þróa leiðir til þess að færa vinnu við hluta af markmiðum heimilisfræði inn á heimilin og auka þannig ábyrgðartilfinningu, reynslu og þekkingu nemenda á heimilisstörfum og rekstri eigin heimilis. 3. Skilgreina verkefni í samstarfi við foreldra sem undirstrika heimilið og fjölskyldu sem uppsprettu nýrrar þekkingar og reynslu.

Framgangur verkefnisins

Skólaárið 2006-2007 bættust margir nýjir kennarar í kennarhóp Sjálandsskóla. Í upphafi skólaárs var lögð höfuð áhersla á að samhæfa, kynna og kenna þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í Sjálandsskóla, s.s. fjölbreyttir kennsluhættir, lýðræðisleg vinnubrögð og einstaklingsmiðað nám. Því tókst ekki að koma þróunarverkefninu á þann rekspól á áramótum sem til stóð og því mun meiri áhersla var á þróunarverkefnið á vorönn. Í samráði við ráðgjafa okkar var ákveðið að brjóta verkefnið upp og láta samstarfshópa velja sér þróunarverkefni sem hæfðu þeirra daglega veruleika – þó innan þess ramma sem heildarþróunarverkefnið gaf (hver er sinnar gæfu smiður)

Sumarið 2006 var Lilja M. Jónsdóttir, lektor við KHÍ ráðin sem ráðgjafi við verkefnið. Að hausti var skipuð verkefnisstjórn en hana skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og fulltrúi kennara.

Á skipulags- og símenntunardögum í ágúst var verkefnið kynnt fyrir kennurum, fjallað um einstaklingsmiðað skólastarf og hvernig hægt er að enn frekar ábyrgðartilfinningu og sjálfsvitund nemenda á námi og gera vinnu þeirra markvissari. Hluti af þessum undirbúningi var 2 daga námskeið um einstaklingsmiðað nám og sveigjanlega kennsluhætti.

Kennarar unnu að framkvæmd einstakra þátta þróunarverkefnisins samhliða kennslu og almennum undirbúningi kennslu og skólastarfs á haustönn.

Mánudaginn 23. október fóru kennarar í heils dags vettvangsferð í Sunnulækjarskóla til þess að kynna sér áherslur skólans í þemakennslu og einstaklingsmiðuðu námi.

Dagana 11.-12. nóvember fóru kennarar í endurmats- og áætlunarferð að Sólheimum í Grímsnesi. Á dagskrá var m.a. staða okkar gagnvart þróunarverkefninu.

3. janúar var hálf dags námskeið um þemakennslu og umræður um framkvæmd þemakennslu í Sjálandsskóla.

Ráðgjafi okkar koma tvisvar í skólann á vorönn og leiðbeindi kennurum um framkvæmd þróunarverkefnisins.

Í maí var uppskeruhátíð þar sem kennarar kynntu hverjir fyrir öðrum niðurstöður einstakra hópa og settu saman sína kafla í lokaskýrslu.

Framkvæmt einstakra liða verkefnisins

Einstaklingsverkefni

Nemendur 5.-7. bekkjar gátu valið að vinna að einstaklingsverkefnum í apríl og maí samkvæmt ákveðnu verkferli (sjá fylgiskjal 1). Nemendur völdu sér viðfangsefni sem þeir vildu kynna sér nánar. Nemendur tilgreindu rannsóknarspurningar, völdu sér heimildir, gerðu sér verkáætlun (verkefnið átti að taka 20-30 klst.), unnu síðan að verkefninu og kynntu niðurstöður sínar fyrir samnemendum, starfsfólki og foreldrum. Að endingu lögðu nemendur mat á hvernig til hefði tekist.

Ætlast var til að verkefnið væri unnið að mestu í heimavinnu en einnig gátu nemendur notfært sér áætlunartíma í vinnu að einstaklingsverkefni. Rúmur helmingur nemenda valdi að vinna einstaklingsverkefni og lögðu flest þeirra afar mikinn metnað í vinnuna. Allnokkrir unnu verkefnið að mestu í skólanum og þarf að skerpa betur á þætti heimilanna í þessari heimavinnu á næsta skólaári. Einnig er mikilvægt að einstaklingsverkefnin séu fyrir í gangi á skólaárinu og jafnvel er heppilegt að nemendur vinni tvö einstaklingsverkefni á skólaárinu, eitt fyrir áramót og annað eftir áramót.

Áætlunartímar

Hluti af námi nemenda Sjálandsskóla er að áætla vinnu á tilgreinum tímum yfir vikuna (áætlunartímar). Unnið var að þessum hluta í 3.-7. bekk. Í 3.-4. bekk var lögð áhersla á að leggja inn rétt vinnubrögð og var áætlunarvinna í gangi

2 mánuði á haustönn og einn mánuð á vorönn. Nemendur gerðu áætlun fyrir fjóra klukkutíma á viku á þessum tímabilum í vinnu í íslensku og stærðfræði. Nemendum gekk misjafnlega vel að gera raunhæfa vinnuáætlun og eins að sýna sjálfstæði og ögun í vinnu. Þó var afar góð reynsla af þessari vinnu og nemendum fór vel fram á milli tímabilana. Á næsta skólaári verður þessi áætlunarvinna gerð í samstarfi við heimilin.

Í 5.-7. bekk gerðu nemendur áætlun fyrir 5 klukkutíma vinnu á viku að jafnaði. Umsjónarkennarar fóru vikulega yfir áætlanir nemenda og mátu hversu vel nemendur stóðust áætlanir. Áætlanir nemenda snerust fyrst og fremst að vinnu í íslensku og stærðfræði en einnig í ensku. Nemendur voru misdugleg að áætla sér og mörgum reyndist erfitt að áætla eigin vinnu svona langt fram í tímann og skipuleggja sig. Margir vildu bara vinna - en ekki gera áætlun. Flestir áætluðu sér góðan skammt og stóðust eigin áætlanir. Ef áætlun stóðst ekki og nemendur nýttu tímann í skólanum illa til vinnu voru í undantekningartilvikum verkefnin send heim með nemendum. Reyndist það mikilvægt „spark í rassinn“.

Hópastarf

Í allan vetur hafa nemendur 1.-7. bekkjar unnið mikið í hópum í kringum þemu. Í þessari skýrslu er í kafla 1-4 greint frá vinnu kennara að þessum þætti þróunarverkefnisins.

Einstaklingsbundin heimavinna

Heimavinna nemenda var á þessu skólaári einstaklingsbundin, þ.e. vinnan var sniðin að þörfum hvers og eins nemenda og oftast áætluð og unnin í góðu samstarfi við foreldra. Megin áhersla var lögð á heimalestur. Til þess var ætlast að nemendur læsu heima í 20 mínútur á dag 6 daga vikunnar og að auki unni nemendur að margvíslegum verkefnum, flest tengd íslensku og stærðfræði. Tveir kennarahópar völdu að þróa þennan þátt skólstarfsins betur (sjá kafla 5-6). Þá voru tvær heimilisvikur í skólanum en á þeim vikum unnu nemendur að fjölbreyttum verkefnum á heimilinum sínum og verkefnin í skólanum snerust um heimili og heimilishald (sjá fylgiskjal 2 a,b, og c sem eru þau gögn sem fylgdu heimilisviku 7. bekkjar).

Í næstu köflum er sérstaklega fjalla um þau afmörkuðu svið þróunarverkefnisins sem einstakir starfsmenn og starfsmannahópar unnu að á tímabilinu. Fylgiskjöl eru látin fylgja hverjum og einum kafla.

Einstaklingsverkefni

Nafn nemanda: _____ Dags:

Heiti verkefnisins: _____

1. Grundvallarspurningar

Skrifaðu niður tvær mikilvægar spurningar sem þú vilt svara í verkefninu þínu.

2. Mikilvægi

Af hverju viltu fást við þetta verkefni?

3. Heimildir

Skrifaðu niður að minnsta kosti þrjár mismunandi heimildir (skriflegar eða munnlegar titill/höfundur) sem þú ætlar að nota í verkefninu. Að minnsta kosti ein heimildin verður að vera heimildamaður sem er sérfræðingur á því sviði sem verkefnið fjallar um.

4. Verkskipulag

Hvaða viðfangsefni þarft þú að takast á við til þess að ljúka verkefninu? (Mundu að uppskeruhátíðin er föstudaginn 7. apríl)

Viðfangsefni

Áætluð lok

5. Stuðningur í skóla

Aðstoð hvaða kennara og starfsmanna skólans þarftu til þess að geta lokið verkefninu?

Nafn

Verksvið

6. Skýrsla

- **Dagbók**
 - A) Hvenær vinna við verkefnið fór fram og í hversu langan tíma.
 - B) Hvenær viðfangsefnum var lokið
- **Heimildaskrá**
- **Spurningalisti fyrir sérfræðing og niðurstöður viðtals**
- **Mat á verkefninu**

Lýsing í orðum vinnuferlinu og hvað þú lærðir við að takast á við það. Hvað gekk vel og hvað hefðir þú vilja gera öðru vísi? Hvaða áhrif hafði verkefnið á þig sem nemandu, fjölskyldumeðlim og/eða Garðbæing). Matið á að vera um það bil ein síða.
- **Afurð**

Til dæmis ritgerð, kynning, veggspjald, líkan, hlutur, leikrit, dans, söngur ofl.

7. Samþykktir

Ég er þess fullviss að ég geti lokið þessu verkefni og þeim viðfangsefnum sem til er ætlast.

Nafn Dagsetning

Ég undirritaður umsjónarkennari er sammála því að nemandinn geti lokið þessu verkefni og þeim viðfangsefnum sem til er ætlast.

Nafn Dagsetning

Ég undirritað foreldri/forráðamaður er sammála því að barnið mitt geti lokið þessu verkefni og þeim viðfangsefnum sem til er ætlast.

Nafn Dagsetning

Heimilisvika - foreldrabréf

Ágætu foreldrar

Samkvæmt grunnskólalögum er það hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Í fyrrgreindum lögum segir í kaflanum um námsskrá og kennsluskipan að í öllu skólastarfi skuli lögð áhersla á að búan bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Kennarar Sjálandsskóla eru að skipuleggja þemavinnu fyrir nemendur með það að markmiði að:

- Auka þátttöku barna í störfum fjölskyldunnar
- Efla ábyrgðarkennd barna gagnvart nánasta umhverfi sínu
- Styrkja sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitni barna
- Auka virðingu nemenda fyrir heimilisstörfum

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar vinna nemendur í skólanum að verkefnum sem varða heimilishald. Hins vegar eru það meðfylgjandi verkefni sem snúast eingöngu um heimilisstörf og eru þau unnin á heimilum nemenda. Við förum þess á leit við foreldra að þeir styðji skólann og nemendur í þessu verkefni með því að leiðbeina þeim við úrlausn verkefnanna, fylgjast með því að nemendur vinni verkefnið og meti vinnuframlag þeirra. Það er mikilvægt að börnin fái enga sérstaka umbun fyrir að vinna þessi störf umfram það sem sjálfsagt er þegar börn eru annars vegar (athygli, hvatningu og hrós)

Meðfylgjandi er blað sem á að hjálpa nemendum að meta störf nemenda. Þemavikan stendur 25. til 31. október, en nemendur geta unnið að verkefnum frá 21. til 31. október. Matsblaði á að skila til umsjónarkennara föstudaginn 3. nóvember.

Með fyrirfram þökk fyrir gott samstarf:

Helgi Grímsson

Heimilisvika - matsblað

Nafn nemanda _____

Skylduverkefni

Foreldrar gefi staðfestingu fyrir verklokum með kvittun

Númer	Kvittun	Númer	Kvittun	Númer	Kvittun	Númer	Kvittun

Valverkefni

Foreldrar gefi staðfestingu fyrir verklokum með kvittun

Númer	Kvittun	Númer	Kvittun	Númer	Kvittun	Númer	Kvittun

Mat á frammistöðu nemandans

- Leysti verkefnin af alvöru og samviskusemi
- Leysti flest verkefnin af alvöru og samviskusemi
- Tók verkefnin ekki alvarlega og var kærulaus

- Fór eftir athugasemdum og leiðbeiningum foreldra
- Fór ekki alltaf eftir athugasemdum og leiðbeiningum foreldra
- Fór sjaldan eftir athugasemdum og leiðbeiningum foreldra

Athugasemdir

Undirskrift

Matsblaði á að skila til umsjónarkennara föstudaginn 3. nóvember

Heimilisvika, verkefni nemenda 7. bekkjar

Einstaklingsverkefni

Veldu 2 verkefni, A, B eða C.

A. Matur – fyrr og nú

Viðtal við 2 á aldrinum 60 – 80 ára.

Viðtal við 2 á aldrinum 40 – 60 ára

Viðtal við 2 á aldrinum 20-40 ára

Spurðu hvern einstakling um eftirtalin 8 atriði:

1. Hvað var algengur morgunmatur þegar þú varast að alast upp?
2. Hvaða tvær hversdagsmáltíðir þótti þér gott að fá sem unglingur?
3. Hvaða tvær hversdagsmáltíðir þótti þér ekki gott að fá sem unglingur?
4. Nefndu tvo veislurétti sem þú manst eftir sem unglingur?
5. Hvaða bita milli mála (snarl) þótti þér gott að fá sem unglingur?
6. Hvað voru algeng sætindi sem þér þótti gott að fá?
7. Hvaða drykkjum var neytt með máltíðum?
8. Á hvaða tímum dags voru máltíðir?

B. Velja húsgögn í eigið herbergi með vettvangsferð í IKEA á mánudegi og tæki úr B.T. eða ELKO með skoðun á heimasíðu.

C. Hvað kosta ég í heilt ár? Gera heilsárs yfirlit yfir kostnað sem fylgir eigin lífsstíl (föt, tómstundir, afþreying, tæki og búnaður, sími, ofl.)

Hópverkefni

Innkaup í búð og matseld

Kaupa hráefni í máltíð þar sem verður að sjóða, steikja og baka og hráefnið í henni verður að koma úr öllum hlutum fæðuhringsins (3 manna hópar) og má ekki kosta meira en 1000 kr. Kaupa í máltíðina á miðvikudegi og elda á föstudegi.

Heimaverkefni

Skylduverkefni

1. Velja föt á sig alla vikuna í samræmi við veðurfar.
2. Flokka samkvæmt fatamerkingum, þvo, þurrka og ganga frá öllum fatnaði sem þú notar á þrem dögum.
3. Þvo og þurrka ullarvettling eða ullarsokka
4. Laga til í herberginu þínu, þríf það (hreinsa gólf, þurrka af hillum, myndum, hurðum, borðum, skápum og ýmsum smáhlutum) og hafa það hreint og snyrtilegt í fimm daga
5. Laga til og þrifa baðherbergi (s.s. salernisskál, vaskur, vaskborð, sturtubotn/baðkar)
6. Útbúa eigið skólanesti alla skóladaga.

7. Gera innkaupalista, kaupa inn, sjá um matreiðslu og reiða fram mat fyrir alla fjölskylduna í heilan dag (laugardagur eða sunnudagur), vaska upp, þurrka af borðum, sópa gólf og ganga frá sorpi eftir allar máltíðirnar. Geti notað allar mæliskeiðarnar, dl-mál og lítramál og geti mælt 1/4 og 3/4
8. Steikja egg, linsjóða egg og búa til og steikja eggjahræru
9. Baka köku eða brauð samkvæmt uppskrift að eigin vali (ekki nota tilbúið efni s.s. Betty Crocker)
10. Skoða alla matvöru í kælikáp og meta hvort varan sé neysluhæf og hvað hún þoli langa varðveislu í ískáp til viðbótar.
11. Ræða við foreldra um helstu slyshættur á heimilum (eldavél, heitt vatn, áhöld og tæki, niðursuðudósir, hættuleg efni, rafmagnsinnstungur, laus teppi) og hvernig megi koma í veg fyrir slys.
12. Vökva plönturnar á heimilinu.

Valverkefni (veldu 12)

1. Borga reikning í heimabanka og í banka
2. Flokka sorp á heimilinu heila viku, ganga frá almennu sorpi í sorptunnu en koma öðru á endurvinnslustöð.
3. Fylgjast með notkun heits vatns og rafmagns á heimilinu á hverjum degi alla vikuna.
4. Ganga frá matvöru eftir stórinnskaup
5. Þvo rúður að innan (u.þ.b. 15 m²)
6. Hengja upp mynd, velja staðsetningu setja festingu í vegg og stilla af myndina
7. Festa tölu á flík og gera við saumsprettu
8. Skipta um sængurver og viðra sængur.
9. Losa kertavax úr kertastjökum (4-5), fægja málma (t.d. silfur) og hreinsa ýmsa hluti í hillum.
10. Hreinsa síur í viftu, þvottavél, þurrkara og uppþvottavél
11. Hreinsa vaskaskáp, hnífaparaskúffu og brýna hníf.
12. Hreinsa og burstu leðurskó
13. Þrifa bakarofn og eldavél
14. Þrifa gólf (sópa og skúra eða ryksuga) á forstofu, gangi og/eða í stofu (u.þ.b. 20m²)
15. Velja, máta og kaupa á sig flík
16. Sjóða vatn hraðsuðukatli, búa til heitt kakó og þeyta rjóma í handhrærivél
17. Raða í uppþvottavél, setja þvottaefni í vélina og velja viðeigandi þvottakerfi
18. Skipa um 5 perur á heimilinu (halogenperu, flúorperu og/eða glóperu)
19. Umpotta eina plöntu, vökva allar plöntur á heimilinu og fjarlægja gulnuð/visnuð blöð.
20. Smyrja keðju á reiðhjól, pumpa í reiðhjóladekk stilla bremsur og gíra.
21. Setja í rúðuvökva í bíl. Laga til í bíl, þurrka af ryk og ryksuga hann.
22. Stilla inn sjónvarpsrás á sjónvarpi. Setja myndband í myndbandstæki, spila myndbandið, hraðspóla fram og til baka, setja

- á kyrrmynd og slökkva. Setja mynddisk í dvd spilara velja kafla í myndinni til áhorfs og velja íslenskan texta
23. Senda SMS skilaboð, setja inneign á GSM síma, hlaða símann og setja símanúmer Sjáländsskóla í símaskrána
 24. Tengja skjá, lyklaborð og mús við tölvu
 25. Skipta um bleyju, svæfa, næra, baða og þurrka ungt barn.
 26. Prófa reykskynjara og slökkvitæki. Þekkja rétt viðbrögð við eldsvoða á heimilinu og æfa þau.

Berglind Þórisdóttir, Edda Björg Sigurðardóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir.


1. Teymisvinna, samkenndsla, skipulag og skólafnan í opnu rými.

Í þessum kafla þróunarvinnunnar fjöllum um hvernig skipulag, samstarf, teymis- og þemavinnu okkar var háttáð í vetur í samkenndslu hjá 3.-4. bekk. Oft erum við búnar að demba okkur í djúpu laugina, tekist misvel eins og gengur en teljum að teymisvinnan og skipulagið hafi gert kenndsluna og starf okkar innihaldsríkara og betra. Í upphafi útskýrum við hvernig samstarfi okkar er háttáð, hvernig við skipuleggjum skólafnana, kenndsluna, þemun og hvernig teymisvinnan hefur gengið.

Skípulag stofunnar

Kennd er í opnu rými og eru nemendur í 1.- 4. bekk saman á svæði á fyrstu hæð skólans. Rýminu er skipt niður í tvö megin svæði þ.e., nemendur í 1. og 2. bekk og nemendur í 3. og 4. bekk. Við höfum gert nokkrar tilraunir og færð

húsgögn fram og til baka til að finna heppilegast fyrirkomulagið. Í upphafi vetrar skiptum við öllum nemendum á borð óháð umsjónarhópnum sem þau tilheyrðu, aldri eða kyni. Reynt var að raða nemendum, m.t.t. hverja við töldum að ættu vel saman. Þetta fyrirkomulag leiddi til þess að við vorum allar að sinna öllum og okkur fannst við missa sjónar á umsjónar-nemendum okkar.



Um áramótin gerðum við nokkrar breytingar á skipulagi starfsins, sem við teljum að hafi heppnast vel. Ein af þeim breytingum var að endurraða svæðinu þannig að hver umsjónarhópur fékk sitt afmarkaða svæði nálægt sínum umsjónarkrók. (Sjá mynd 1). Svæðin urðu þá þrjú minni sem afmörkuð eru með færanlegum, léttum skápum. Borð, stólar og sæti í umsjónarkróknum eru merkt hverjum nemanda. Með breytingunni teljum við að nokkur kúvending hafi orðið á skólafnaninu og bekkjarandanum. Nemendur urðu yfirvegaðri og auðveldara var að fylgjast með og sinna hverjum og einum betur.

Skipulag kennslunnar

Kennsla í Sjálandsskóla hefst með morgunsöng kl. 8:25 og lýkur 14:15 á daginn. Allir dagar hefjast og enda á því að umsjónarhópurinn fer í 10 mínútna umsjónartíma með sínum umsjónarkennara. Nemendum í 3. og 4. bekk er blandað saman í umsjónarhópa sem eru 3 með 10 – 14 börnum, alls 41 nemandi. Í list- og verkgreinum er umsjónarhópunum blandað saman ýmist í tvo eða þrjá hópa eftir fagi. Því eru tvisvar í hverri viku einn hópur inn á vinnusvæði í vinnustund á meðan hinir tveir eru í list- og verkgreinum. Allir kennararnir, þrír í teyminu, eru á svæðinu 6 kennslustundir í viku, þá eru hóparnir oftast í vinnu með sínum umsjónarkennara á sínu svæði. Aðrar kennslustundir eru þeir í blönduðum hópum. Þegar líða tók á veturinn reyndist okkur snúð að hafa skipulagðar innlagnir í stærðfræði þar sem hóparnir voru svo aldurs og getublandaðir. Við breyttum því, tvískiptu hópunum í list- og verkgreinum um áramót og skiptum þeim eftir árgöngum. Þá fastsettum við stærðfræðitíma í stundatöflu fyrir þá hópa sem voru á vinnusvæði. Þetta gafst vel og reyndist auðveldara að leggja inn hjá nemendum, t.d. í *Einingu*. Nokkrir aðrir fastir námsþættir eru í stundatöflunni. Allir dagar hefjast á 15 mínútna hljóðlestrarstund þar sem kennari hlustar á nemendur, a.m.k. þrisvar í viku. Mánudagar voru notaðir til útikennslu og á föstudögum var hringekja ákveðinn liður.

Kennarafundir eru á hverjum þriðjudegi frá 14:30 – 16:00. Í ágúst skipulögðum við þemun sem við ætluðum að taka fyrir til áramóta og gerðum áætlun um lengd þeirra. Fljótlega fastsettum við fundartíma teymisins á fimmtudögum í viku hverri. Þessir fundir voru notaðir til að skipuleggja vikuna framundan sameiginlega og sem hugstormunarfundir fyrir skipulag þemavinnunnar. Í upphafi fór mikill tími í þessa sameiginlegu skipulagsfundi þannig að við ákváðum að breyta samvinnunni þannig að fundirnir væru hugsaðir sem skipulagsfundir um námsþætti komandi viku. Við skiptumst síðan á í þriðju hverju viku að skipuleggja kennsluna út frá niðurstöðum skipulagsfundarins, ásamt því að skrifa fréttabréf til foreldra sem við sendum heim á hverjum mánudegi. Þegar mikið var framundan og þessir fundartímar dugðu ekki á skólatíma héldum við í nokkur skipti, s.k. „msn” fundi á kvöldin þar sem við sendum gögn og hugmyndir á milli okkar og ræddum leiðir til að nálgast markmiðin. Hver kennari gerir því vikuáætlun þriðju hverju viku. Við notum ákveðið eyðublað „vikuáætlun” (sjá mynd 2), sem við fyllum inn í og sendum hver annarri í pósti. Þar kemur einnig fram neðanmáls verkaskipting, s.s. panta tölvutíma, útbúa verkefni, útikennslu, vettvangsheimsóknir, o.fl. Öll verkefni, námsmat, kannanir og kennsluefni útbúum við sjálfar. Náms efni og kennslugögn er stuðst við þegar við á. Í íslensku og stærfræði notum hefðbundnar kennslubækur auk efnis sem við gerum sjálfar.

Mánaðardagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:25-8:30	Morgunsöngur	Morgunsöngur	Morgunsöngur	Morgunsöngur	Morgunsöngur
8:30-8:40	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
Lota 1 8:40-9:40	Berglind og Hrafnildur Skíðaferð Varaplan hljóðlestur - Skrift	Allar Guðbjörg Hljóðlestur - klára súlur og brot verkefni úr þemabók ef tími*2	Berglind ListirA -TölvurB -HeimaC Klára þemabók sem eiga eftir verkefni aðrir fara í sögugerð*3	Berglind Próf í stæþema* 4	Allar Hringekja: Sjálfsmat úr þema*5
9:40-9:55					
9:55-10:15					
Lota 2 10:15-11:15	Allar	Tönn 2 Íþróttir 1	Hrafnildur Guðbjörg ListirB -TölvurC -HeimaA (Heimasvæði - Klára þemabók sem eiga eftir verkefni aðrir fara í sögugerð*3	Berglind Guðbjörg Próf stæþema*4	Allar Hringekja:
Lota 3 11:15-12:15	Allar Útivist Gönguferð ??	Berglind og Hrafnildur Íþróttir 2 Hópur 1 : Leiklist - Skípta í tvo hópa *1	Hrafnildur Guðbjörg ListirC -TölvurA -HeimaB (Heimasvæði - Klára þemabók sem eiga eftir verkefni aðrir fara í sögugerð*3	Berglind Próf úr stæþema*4	Íþróttir 2 Tónmennt 1
12:15-12:35					
12:35-13:05					
Lota 4 13:05-14:05	Berglind og Hrafnildur Verkefni í þemabók Klára óunnið	Berglind og Hrafnildur Guðbjörg Ritun og skrift	Allar Guðbjörg Hljóðlestur - Eining	Allar Guðbjörg Bekktjarsfundur , spjallstund og lesa draugar	Berglind Íþróttir 1 Hópur 2 : Leiklist - *1 sbr. þri
14:05-14:15	Umsjón Lesna draugar	Umsjón Lesna draugar	Umsjón Lesna draugar	Umsjón Lesna draugar	Umsjón Lesna draugar
14:30	Undirbúningur Verkefni fyrir þemab	Undirbúningur Kennarafundur	Undirbúningur	Undirbúningur	Undirbúningur
Forfall					

Rauða letrið í hverjum ramma segir til um hvaða kennari/ar eru á vinnusvæði,

* vísar til verkaskiptingar í

Ath! 1) Berglind - finna verkefni í leikrænni tjáningu 2) Láta klára þemabækur. Hrafnildur gera dæmablað aukaverkefni úr þemavinnu 3) Þeir sem búnir eru með þemabók gera sögu um skíðaferðina á mánudag 4) Edda gerir próf í stæþema 2. geturstig 5) Hringekjan hefst á sjálfsmatið *5 Berglind útbýr sjálfsmatið úr þemavinnu ca 1/2 tja Stafsetning - Edda Framsögn - Hrafnildur Verkefni í íslensku - Berglind	Til minnis
---	-------------------

athugasemdarreitnum

Verkaskipting umsónarkennara

Skipulag þemavinnunnar

Þemun skipuleggjum við þannig að við hittumst á „hugstormunarfundi“. Í byrjun skoðum við námskrár, ákveðum hvaða markmið við ætlum að taka fyrir og samþættingu námsgreina. Næst er þankahrið þar sem við komum með hugmyndir um hvernig við ætlum að nálgast markmiðin, hvaða námsefni við

hyggjumst nota, kennsluaðferðir, vettvangsferðir o.fl. Því næst skiptum við með okkur verkum, s.s. að útbúa „bestablað“ (sjá fylgiskjal 1), „námsmat“ (sjá fylgiskjal 2), verkefni, panta námsgögn, sækja efni o.fl.

Þau þema sem við höfum tekið í vetur eru:

- Trjápema
- Vinapema
- Heimilisvika
- Ísland landið mitt
- Íslenska málið mitt
- Reikningslist í mörgum myndum
- Vísindapema
- Umferðaráttak
- Pöddupema

Í lok hvers þema höfum við könnun sem við styðjumst við í námsmati auk þess höfum við lagt fyrir sjálfsmat (sjá fylgiskjal 3). Afurðirnar hafa verið fjölbreyttar, allt frá þemabókum, sameiginlegri bók umsjónarhópa til uppskeruhátíðar.

Það sem gekk vel í teymiskennslunni í opnu rými:

- Teymisvinna nauðsynleg í kennslu blandaðra árganga í opnu rými
- Uppröðun svæðisins mikilvæg
- Umsjónarhópar sitji saman á vinnusvæði
- Gott skipulag þema og vikuáætlana
- Vel skipulögð þemavinna þar sem markmið og afurð eru skýr frá upphafi
- Kennarateymi samstíga í reglum á svæði
- Fastir tímar í stundatöflu, s.s. stærðfræði og hljóðlestri
- Skipting hópa eftir árgöngum

Það sem gekk síður í teymiskennslunni í opnu rými

- Í upphafi var skipulag svæðisins ekki nógu gott - vorum of lengi að átta okkur á þeim vanda
- Í upphafi var skipting á hópum of mikil – hefðum þurft að grípa þar fyrir inn í
- Tímabundnar greinar eins og sund og enskukennsla reyndust erfið í skipulagningu annarrar kennslu, eins og útikennslu, vettvangsferða, hringekju og þemavinnu
- Skilrúm þurfa að vera hærri á milli bekkjardeilda til að dempa hávaða
- Of lítill tími eftir kennslu til undirbúningsvinnu

Fylgiskjal 1

Stærðfræði „Reikningslist í mörgum myndum”

Foreldrar / Forráðamenn.

Næstu 3—4 vikur munu nemendur í 3. - 4. bekk vinna þemaverkefni með áherslu á stærðfræði. Unnið verður m.a. að markmiðum Aðalnámskrár, stærðfræði gegnum leik og fjölbreytta verkefnavinnu. Við tengjum stærðfræði daglegu lífi og munum m.a. leika og þjálfa okkur með mynstur, brot, línurit og mælingar. Gögn verða túlkuð, rökhugsun þjálfuð og ný hugtök lögð inn. Áhersla verður á jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar.



Helstu námsmarkmið með verkefninu eru að nemendur:

- Þjálfist í að lesa einföld brot
- Þjálfist í að lesa úr einföldum töflum og súluritum
- Þekki muninn á línu-, sílu- og punktariti
- Mæli yfirborð hluta með því að nota mismunandi mælitæki
- Kynnist mismunandi mælieiningum, s.s. dl, cl, ml og l
- Kynnist og læri að reikna út fm^2
- Kynnist og þjálfist í hugtakinu að spegla og hliðra
- Þjálfist í reikniáæðunum mínus, plús, deiling, margföldun, jafnt og, prósentur
- Þjálfist í að námunda tölur í næsta heila tug eða hundrað
- Þjálfun í notkun klukku

Vinnumarkmið:

- Að fara í vettvangsferð og tengja stærðfræði daglegu lífi t.d. með því að afla gagna og flokka úr umhverfi okkar
- Útbúa fermetra og mæla svæði í skólanum og á skólalóðinni
- Að þjálfa öflun heimilda
- Að þjálfast í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna

vettvangsferð,
Stærðfræði- leikir
Öflun gagna

Brot
Hliðra
Spegla

Súlurit
Línurit
Punktarit

Rökhugsun
Hvað er klukkan?



Montesorie Set

Undirskrift foreldra

Nafn:

Helstu markmið með verkefninu voru að nemendur:

- Þjálfist í að lesa einföld brot
- Þjálfist í að lesa úr einföldum töflum og súlurítum
- Þekki muninn á línu-, súlu- og punktaríti
- Mæli yfirborð hluta með því að nota mismunandi mælitæki
- Kynnist mismunandi mælieiningum, s.s. dl, cl, ml og l
- Kynnist og læri að reikna út fm²
- Kynnist og þjálfist í hugtakinu að spegla og hliðra
- Þjálfist í reikniáðgerðunum mínus, plús, deiling, margföldun, jafnt og, prósentur
- Þjálfist í að námunda tölur í næsta heila tug eða hundrað
- Þjálfun í notkun klukku



Námsmat:

	Getur	Er á góðri leið	Getur ekki
Þekkir einföld brot			
Þekkir muninn á línu-, súlu- og punktaríti			
Þekkir ýmisar mælieiningar			
Þekkir fermetra			
Getur speglað			
Getur hliðrað			
Kann á klukku			

Til framtíðar

Úrlausnir og frágangur verkefna (kennaramat)

Árangur á verklegu- og skriflegu prófi (kennaramat)

Skriflegt próf :
Verklegt próf :

Umsögn kennara:

Undirskrift foreldra

Stærðfræði - Reiknilist í mörgum myndum



Nafn: _____

Settu kross svarið þitt.

Mér gekk vel í þemanu

Já ___ Stundum ___ Nei

Ég vann vel í þemanu

Já ___ Stundum ___ Nei

Mér fannst þetta skemmtilegt þema

Já ___ Stundum ___ Nei

Ég er ánægð/ur með frammistöðu mína í þessari þemu

Já ___ Stundum ___ Nei

Ég vandaði mig í þessari þemu

Já ___ Stundum ___ Nei

Ég lærið mikið í þessari þemu

Já ___ Stundum ___ Nei

Ég fylgdist vel með þegar kennarinn útskýrði námsefnið

Já ___ Stundum ___ Nei

Mér finnst auðvelt að vinna með brot

Já ___ Stundum ___ Nei

Mér finnst auðvelt að vinna með klukku

Já ___ Stundum ___ Nei

Mér finnst auðvelt að vinna með línurit


Já ___ Stundum ___ Nei

Ég skildi allt í þessari þemu

Já ___ Stundum ___ Nei

Kristín Steinarsdóttir

2.Sögugerð í Kidpix sem hluti af þemanámi



Inngangur

Í Sjálandsskóla höfum við frá byrjun nýtt forritið Kidpix Deluxe 4 í tölvutímum. Forritið er mjög hentugt þar sem það er sniðið fyrir börn og þau eru fljót að læra á það. Möguleikarnir eru margir og býður þannig fjölbreyttum nemendahópi að fara mismunandi leiðir. Flest markmið varðandi tölvu- og upplýsingatækni hjá yngri nemendum má ná fram með notkun þessa forrits.

Þau kynnast fyrst einföldum teiknimöguleikum þess, síðan margmiðlunarhlutanum og loks að skipuleggja sitt eigið efni sem sett er saman í sýningu, nokkurs konar stuttmynd. Hér verður sagt frá notkun Kidpix við sögugerð í tengslum við húsdýrapema hjá 3.-4. bekk.



Meginmarkmið

Að nemendur útbúi sögu og nýti til þess teikni- og margmiðlunarforritið Kidpix.

Markmið úr upplýsingamennt

- Geti notað tölvu til að semja eigið efni
- Noti teikniforrit til listsköpunar
- Geti hljóðritað efni
- Kunni að útbúa margmiðlunarefni sem inniheldur hljóð og hreyfimyndir
- Geti skipulagt skjölin sín
- Geti vistað skjal
- Geti sótt skjal
- Geti unnið úr upplýsingum og raðað saman efni þannig að það myndi eina heild

Markmið úr íslensku:

- Þjálfist í að flytja stuttar undirbúnafrásagnir.
- Vinni verkefni sem geri kröfur á munnlega tjáningu.


- Viti hvað er upphaf, miðja og endir í frásögnum
- Geti notað hugtök eins og söguþráður og sögulok.

Framkvæmd


Nemendur í 3. - 4. bekk unnu með húsdýraþema. Þau höfðu öll valið sér húsdýr sem þau unnu með sérstaklega í ýmsum verkefnum. Í tölvutímum unnu nemendur við að útbúa sögu um húsdýrið sitt. Þau komu einu sinni í viku í klst. í senn. Þau fengu 4-6 tíma í verkið. Um var að ræða 2 hópa með 16 nemendum í hóp. Flestir nemendur höfðu prófað forritið eitthvað áður en þessi vinna hófst. Ef nemendur hafa ekki notað forritið áður en nauðsynlegt að leyfa þeim að vinna frjálst í því í eina kennslustund. Nemendur útbjuggu nokkrar myndir sem höfðu söguþráð um húsdýrið sitt. Sumir höfðu ákveðinn söguþráð í huga strax í byrjun en aðrir spunnu hana er myndsköpunin hófst. Það hjálpaði greinilega mörgum og var góður hvati að sögugerðinni. Áhersla var lögð á upphaf, miðju og endi frásagnar. Mikilvægt er að leggja inn með beinni kennslu helstu teiknitól forritsins því áhersla var lögð á það að þau nýti þau við myndgerðina en ekki eingöngu tilbúið efni sem fylgir forritinu. Nemendur talsettu síðan myndirnar þannig að úr varð saga. Sumir völdu líka tónlist eða hvort tveggja. Við þessa vinnu reyndi mjög á skipulag slíkrar sögu því þau þurftu að halda vel utanum myndirnar sem þau teikna og vista hverja mynd undir sérnafni. Þannig þurftu þau frá einum tíma til þess næsta að kunna skil á því að geta nálgast efni sem byrjað var á og haldið áfram með. Þannig söfnuðu þau efni í söguna sína. Í lokin var sagan sett saman og var þá tilbúin til sýningar. Á þessu stigi er einnig hægt að setja ýmis konar birtingarform á myndirnar og hljóð sem sumir nemendur gátu nýtt sér. Allir nemendur luku við sína sýningu með sóma.

Mat

Nemendur fylltu út sjálfsmat, þar sem þau mátu frammistöðu sína. Sjá fylgiskjal 1. Í sjálfsmatinu var einnig kannað viðhorf nemenda til þessarar vinnu. Spurt var hvað var skemmtilegast og hvað leiðinlegast.



Þegar spurt var hvað var leiðinlegast þá svöruðu flestir að ekkert hefði verið leiðinlegt. Nokkrir nefnu að vista og tala inná enda finnst mörgum það erfitt. Tveimur fannst leiðinlegast að hætta í þessu verkefni.



Kennari lagði mat á verkefnið útfrá þeim forsendum sem sett voru í byrjun. Sjá fylgiskjal 2.

Niðurstöður

Forritið er það opið að það býður öllum nemendum að gera eins vel og þeir geta. Sumir gera 2-3 myndir aðrir 5-6. Sumir talsetja allt, sumir eina mynd. Sumir teikna allar myndir frá grunni, aðrir nýta meira tilbúið efni. Sumir nýta mismunandi birtingarform meðan aðrir sleppa því. Þrátt fyrir þennan mun eiga allir flotta sýningu sem þau voru stolt af. Nemendahópurinn má ekki vera stærri. Stundum hefði kannski verið ágætt að skipta hópnum í tvennt þannig að kennari gæti aðstoðað meira annan hópinn meðan hinn væri í meira sjálfstýrandi verkefnum.

Allir nemendur voru mjög áhugasamir um þessa vinnu og margir hefðu getað haldið endalaust áfram. Getuminni nemendur náðu miklum árangri og voru stolt af afrakstri sínum. Einnig kveikti þessi vinna áhuga hjá eldri nemendum í 5.-6. bekk að fá að nýta sér þetta forrit. Markmiðum í tölvu- og upplýsingatækni var almennt náð.

Nemendur sýndu síðan sýningar sínar fyrir samnemendur og umsjónarkennara. Við uppgjör á húsdýrapemanu buðu nemendur foreldrum sínum í tölvustofuna og sýndu þeim sjálf sýningar sínar. Þar voru mjög stoltir krakkar á ferð.

Ég var mjög ánægð með þetta verkefni. Þar vegur þungt að það vakti mikinn áhuga nemenda og svo hitt að nemendur lærðu svo margt í tengslum við

notkun tölvu- og upplýsingatækni í gegnum þessa vinnu. Það efldi einnig sjálfstæði þeirra í tölvuvinnu. Forritið er opið verkfæri sem býður uppá endalaus möguleika í úrvinnslu á efni og þarna er hægt að bjóða nemendum aðra leið við sögugerð heldur en að nota blað og blýant, stafræna leið sem þau ráða vel við ef rétt er á málum haldið. Þannig höfum við nýtt þetta forrit áfram í verkefnum bæði með yngri og eldri nemendum. Í þessu verkefni unnu nemendur einstaklingslega. Við höfum einnig prófað að nýta þetta forrit í hópavinnu með litla hópa og svo að allir nemendur leggja efni í söguna þannig að úr verði saga bekkjarins/hópsins.

Fylgiskjal 1

Nafn: _____ Dagsetning _____

Húsdýrið mitt er: _____

Ég kann að opna forritið Kidpix



Ég kann að teikna myndir með Kidpix



Ég kann að velja hreyfimyndir



Ég kann að vista (save) mynd



Ég kann að opna (open) mynd sem ég á



Ég kann að finna möppu 3.-4.bekkjjar



Ég kann að finna möppuna mína



Ég kann að stækka mynd



Ég kann að minnka mynd



Ég kann að færa mynd úr stað



Ég kann að eyða mynd



Ég kann að setja tónlist við myndir



Ég kann að taka upp hljóð



Ég kann að setja hljóðið mitt við mynd



Ég kann að búa til sýningu



Ég kann að vista sýningu



Ég kann að opna sýningu



Ég kann að sýna sýningu



Ég kann að raða myndum í rétta röð



Ég kann að velja hvernig mynd birtist



Ég kann að velja hvernig



hljóð birtast á milli mynda



Ég notaði tölvutímana vel

Hvað var skemmtilegast í Kidpix verkefninu?

—

Hvað var leiðinlegast?

—

Hvað var erfiðast?

—

Hvað myndir þú gera öðruvísi næst?

—

Hvað hefðir þú getað gert betur?

—

Fylgiskjal 2

Nafn: _____

—

Dagsetning: _____

Mat á verkefnum nemenda í Kidpix

Sögupráður	Talsetning	Myndsköpun	Hreyfimyndir	Hljóðsetning
Sagan hefur upphaf og endi og gott flæði. Mjög gott samhengi og húsdýrið sett í hlutverk.	Hefur lagt mikla vinnu í að talsetja söguna	Grunnur myndanna byggir á eigin sköpun. Hefur lagt mikla vinnu í myndgerðina	Nýtir hreyfimyndir í samhengi við eigin sköpun	Velur viðeigandi tónlist við myndirnar
Gott samhengi í sögunni og húsdýrið sett í hlutverk	Hefur talsett a.m.k. eina mynd	Blandar saman mism. teiknitólum í Kidpix og tilbúnum myndum	Notar hreyfimyndir	Notar tónlist
Ekkert samhengi	Talsetur ekkert	Notar nær eingöngu tilbúnar myndir	Nýtir hreyfimyndir tilviljanakennt og ekki í takt við sögupráð	Notar enga tónlist

Elfa Friðriksdóttir, Kristín Guðbrandsdóttir, Kristín Steinarsdóttir, Margrét Tómasdóttir og Sigríður Gísladóttir

3. Líf og leikur – þemavinna

Aðdragandi

Í Sjálandsskóla er mikil áhersla lögð á þemavinnu. Þannig vinna nemendur að 6-9 þemum á hverju skólaári. Nemendur eru í aldursblönduðum umsjónarhópum og því er í þemum tveggja ára hringrásarferli svo hægt að sé að vinna á tveim árum að þemum sem varða námsmarkmið af tveim þrepum. Þannig eru nemendur 5./6. bekkjar bæði að vinna að verkefnum tengdum þrepamarkmiðum 5 og 6. Teymi starfsmanna sem kemur að námi nemenda í 5.-6. bekk ákvað að beina sjónum sínum að skipulagi þema sem var unnið í upphafi árs 2007 sem sitt framlag í þessu þróunarverkefni.

Skilgreining

Unnið var að þemanu í 4 vikur. Samtals var efnið kennt í 16 tíma. Meðfram þemanu voru í töflu vinnustundir (ca. 1 á dag) og enska.

Nemendur áttu að glíma við ýmis verkefni sem tengdust lífsleikni og voru markmið Aðalnámskrár grunnskóla höfð að leiðarljósi við skipulagningu verkefnisins. Ástæðan fyrir því að þetta verkefni var valið er að það er hluti af námskrá og ekki síður var þörf á því í nemendahópi að vinna með líðan, tilfinningar og efla hópkennd.

Grunnlesefni var bókin Ég er bara ég eftir Ásdísi Olsen og Karl Ágúst Úlfsson. Aðalverkefni þemans var gerð Leiðarbókar og ýmis skrif í hana sem og önnur verkefni sem verður lýst nánar síðar.

Námsgreinar

Í þemanu fléttuðust saman námsgreinarnar lífsleikni, listir, leikræn tjáning, íslenska, upplýsinga- og tölvutækni og stærðfræði. Vinnan við þemað fór fram að mestu leyti í skólanum en líka í formi heimavinnu.

Markmið verkefnisins eru að nemendur:

- vinni með ólíkar tilfinningar
- útbúi og skrifi í Leiðarbók
- semji viðtal frá grunni, leggi það fyrir og vinni úr upplýsingum
- kynnist umferðarreglum og þekki helstu umferðarmerki
- vinni með reglur skólans og geri þær sýnilegar
- semji stuttan leikþátt og flytji hann
- geri sér grein fyrir áhrifamætti auglýsinga
- átti sig á að stærðfræði nýtist þeim í daglegu starfi
- læri bókagerð sem byggir á hönnun bókarkápu og pappírsbroti
- nýti sér umbrotsforritið Publisher til að setja fram setningar um líðan

Vinnuhópar

Árgangablandað og nemendur unnu bæði sem einstaklingar og í fámennum hópum.

Verkefni tengd lífsleikni

- Í þemanu var eins og áður var sagt grunnlesefnið bókina *Ég er bara ég* eftir Ásdísi Olsen og Karl Ágúst Úlfsson. Þar eru sagðar sögur af ólíkum einstaklingum, þeirra tilfinningum og hvernig þessir einstaklingar túlka sínar tilfinningar í gegnum liti. Í kennsluleiðbeiningum er stungið upp á gerð leiðarbókar (eins konar dagbók) þar sem nemendur skrifa hugleiðingar sínar eftir lestur bókarinnar og vinni verkefni tengd þeim. Þau verkefni voru m.a.:

- a) kostir og gallar mínir
- b) áhugamál mín
- c) vinir og fjölskylda mín
- d) hvenær er ég sjálförugg/ur
- e) í hvaða aðstæðum er ég feimin/n
- f) litir og mínar tilfinningar
- g) umferðarmerki
- h) brandarar/ljóð/myndir (val)

Allar sögurnar voru lesnar í heimakrók og tóku nemendur virkan þátt í upplestrinum. Þeir settu sig í hlutverk og umræður spunnust um hvern kafla að lestri loknum. Að lestri og umræðum loknum voru ofangreind verkefni unnin í leiðarbók.

Önnur verkefni sem unnin voru í tengslum við þemað tengdust eftirfarandi námsgreinum:

Verkefni tengd stærðfræði

- verkefni sem tengdist leiðarkerfi Strætó. Nemendur áttu að læra að lesa út úr tímatöflu og reikna út hve langan tíma það tæki að komast milli uppgefinna staða.
- nemendur útbjuggu mannveru í réttri hæð miðað við sig og um leið var metrakerfið lagt inn.

Verkefni tengd tölvu- og upplýsingatækni

- Nemendur höfðu unnið sameiginlega setningar um líðan og tilfinningar. Annars vegar: *Mér líður vel þegar....* og hins vegar: *Ég læt öðrum líða vel þegar....* Nemendur komu í eina kennslustund (klst) í tölvustofu og fengu 2 setningar til að setja fram með umbrotsforritinu Publisher. Nemendur völdu sér útlit en kennari ákvað letur og leturstærð til að fá samræmi. Nemendur skráðu setninguna sína í formið og prentuðu út í A4 stærð. Kennari plastaði saman 2 og 2 blöð. Setningarnar voru síðan hengdar í loftið á heimasvæði nemenda og nágrenni þar sem það vakti enn frekari athygli á efninu og minnti nemendur á framkomu sína og líðan.

Verkefni tengd íslensku

- nemendur sömdu spurningar sem þeir notuðu til að taka viðtal við foreldri eða forráðamann, varðandi störf þeirra. Kennari las yfir spurningar og leiðbeindi ef þörf var á. Lögð var áhersla á nemendur spyrðu opinna spurninga og að spurningin fælist í svarinu. Viðtalið var síðan tekið heima.

Unnið var úr þessu verkefni í WORD ritvinnslu og sumir settu inn myndir af viðmælenda.

- kennari ræddi vel um áhrifamátt og gildi auglýsinga við nemendur. Eftir það skoðuðu nemendur auglýsingar í dagblöðum og áttu að velja eina auglýsingu sem höfðaði til þeirra og svara spurningum út frá henni.

Verkefni tengd leikrænni tjáningu

- Nemendum var skipt í hópa og hverjum hópi var úthlutað tilfinning. Hver hópur fékk 20 mínútur til að búa til leikþátt/spuna um þessa tilfinningu. Að lokum sýndu hóparnir hver fyrir annan. Leikþættirnir voru teknir upp á myndband og fengu hóparnir að skoða eigin afrakstur.

Verkefni tengd listum

- Gerð leiðarbókarinnar var tvíþætt. Annars vegar áttu nemendur að hanna bókarkápu og hins vegar að læra pappírsbrot sem notað var sem uppistaða bókarinnar. Í bókarkápuna fengu nemendur í hendurnar tvö ferningslaga pappaspjöld (ca. 10,5 x 10,5 cm). Áttu þeir að nota ímyndunaraflið ásamt því að blanda saman ólíkum efnum, s.s. rifnum pappír, málningu, sandi, úrklippum úr tímaritum o.fl. Þegar kápan var tilbúin var lakkað yfir hana með límlakki. Við pappírsbrotið var notaður mislitur ljósritunarpappír sem skorinn var í ferninga af stærðinni 21 x 21 cm. Hugsunin bak við litaða pappírinn var annars vegar til að búa til mynstur og hins vegar til að tákna mismunandi tilfinningar. Þegar búið var að brjóta pappírinn var hann í sömu stærð og bókarkápan. Blaðsíðurnar voru síðan límdar saman þannig að úr varð flettibók.

Námsmat

Nemendur gerðu sjálfsmat þrisvar á kennslutímabilinu. Þar mátu nemendur áhuga sinn og virkni í verkefnum. Í lokin var kennaramat á leiðarbók þar sem metin var útlit bókar og verkefnaskil.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðirnar sem við notuðum í þemanu voru m.a. leikræn tjáning, umræðu- og spurnaraðferðir, bein kennsla, sýnikennsla, lesið spurt og spjallað, tvenndarvinna og útikennsla, skrifleg tjáning og heimildarmenn - viðtöl.



Niðurstöður verkefnisins og lokaorð

Það sem tókst vel að okkar mati í þessu verkefni var hversu margar námsgreinar við gátum samþætt. Af einstökum verkefnum gekk best að hanna brot og vinna að útliti leiðarbókar. Það verkefni féll báðum kynjum í geð. Gerð „mannveru“ gekk einnig vel þar sem nemendur þurftu að vinna með metrakerfið og fengu síðan að skapa sína eigin persónu. Leikræna tjáningin gekk mjög vel og kom í ljós hversu gaman nemendur hafa af því tjá sig á þennan hátt. Varðandi íslenskupáttinn lærðu nemendur mikið á því að taka viðtalið og setja það fram í bundnu máli, einna helst að láta spurninguna felast í svarinu. Það sem ekki gekk sem skyldi var þáttur umferðarmerkjanna í verkefninu. Það féll ekki vel að öðrum verkefnum í þemanu. Flest markmiðin náðust nema þá helst í tengslum við umferðarmerkin.

Okkur fannst öllum ganga vel að vinna þetta þemaverkefni. Sérstaklega með það í huga hversu mikil þörf var á því að bæta samskipti og vináttu í hópnum. Það sem okkur fannst skemmtilegast var hversu bæði kynin fundu sig í sköpunarþættinum á leiðarbók og skrifum í hana. Verkefnavinnan gekk í heildina mjög vel. Lærdómurinn sem við getum dregið af þessari vinnu er að auka þátt leikrænnar tjáningar í skólastarfi og hversu mikilvægt er að vinna stöðugt með samskipti og líðan nemenda.

Sigríður Gísladóttir, þroskaþjálfari

4. Líf og leikur - útfærsla á þema fyrir barn með sérstakar þarfir

Aðdragandi

Í janúar 2007 var þema sem ber yfirskriftina Líf og leikur. Í hópnum sem þemað var unnið er drengur sem nýtur einstaklingskennslu á hverjum degi. Því var þemað aðlagð að honum og birtist hér sú leið sem farin var.

Markmið

Markmið í vinnu með nemandanum var fjórþætt:

1. Að hann þekki líkamann
2. Að vinna með vináttu og framkomu hans
3. Að hann læri að þekkja líðan sína og tilfinningar
4. Að nemandinn útbúi og skrifi í leiðarbók

Viðfangsefni

Nemandinn vann margvísleg og ólík verkefni, ýmist einn, með stuðningi eða með bekkjarfélögum sínum. Einnig studdist ég við verkefni hvað varðar tilfinningar og fjölskyldu úr CAT-kassanum.

Í tengslum við þemað tók nemandinn þátt í vinaviku og einnig teiknaði hann sjálfan sig í fullri stærð og hengdi upp á vegg. Bæði þessi verkefni gerði hann í samvinnu við bekkjarfélag sína.

1. Leiðir til að nálgast markmiðið að þekkja líkamann voru:

- Að nemandinn teikni sjálfsmynd, skoði augun, fætur, fingraför og hár.
- Að nemandinn athugi hæð sína og þyngd.
- Að nemandinn velti fyrir sér bragð- og lyktarskyni, hvað er góð og vond lykt, hvað er súrt, sætt og salt.
- Að nemandinn velti fyrir sér snertiskyni og ólíkum áferðum hluta. Einnig var farið í leik að snerta hluti með bundið fyrir augun.
- Að nemandinn skoði bækur um líkamann.
- Að nemandinn skoði andlit, hendur og fætur með stækkunargleri og spegli.
- Að nemandinn noti vigt og málmband til að skoða líkamann.

2. Leiðir til að nálgast markmið hvað varðar vináttu og framkomu voru:

- Að nemandinn velti fyrir sér hvernig vinir eru og hverjir væru hans vinir.
- Að nemandinn velti fyrir sér hvernig hann geti eignist nýja vini og hvort hann langi að eignast vini
- Að nemandinn velti fyrir sér hverjir væru í fjölskyldu hans og hvernig fólkið væri tengt.
- Að nemandinn velti fyrir sér af hverju ekki allir væru eins og hvað það væri sem gerði fólk ólíkt hvert öðru

- Að nemandinn velti fyrir sér hvernig fólk heilsast og kveður hvort annað

3. Leiðir til að nálgast markmið hvað varðar tilfinningar og líðan voru:

- Að nemandinn ræði um hvað tilfinningar væru og hvaða tilfinningar hann þekkti
- Nemandinn æfði sig fyrir framan spegil að vera reiður, sorgmæddur, glaður og hissa.
- Að nemandinn hugleiði hvernig honum líður þegar hann fer að sofa, þegar hann hittir nýtt fólk, þegar hann fer í heimsóknir o.s.frv.
- Að nemandinn ræði hvenær honum líður vel og illa.
- Að nemandinn geti nefnt orð sem lýsa honum.
- Að nemandinn geti tjáð sig um hvað honum finnst best og verst í skólanum
- Að nemandinn geti tjáð sig um hvernig honum líður þegar honum er hrósað og ef hann er skammaður
- Að nemandinn geti tjáð sig um hvort og hvenær hann sé glaður, hræddur og sorgmæddur
- Að nemandinn velti fyrir sér hvað hann ætlaði að gera þegar hann verði fullorðin
- Að nemandinn velti fyrir sér spurningunni “Ef ég gæti breytt einhverju mundi ég..”

4. Þættir sem koma fram í Leiðarbókinni eru:

- Sjálfsmynd, nafn og fæðingardagur
- Heimilisfang og símanúmer
- Myndir af vörum, augum og hári
- Besti og verstí matur
- Hvenær er ég leiður
- Hvenær líður mér illa
- Hvað er sérstakt við mig
- Ef ég væri fullorðinn mundi ég..
- Ef ég gæti breytt einhverju mundi ég..
- Mér finnst gott að láta....
- Mér finnst vont að láta...
- Ég verð hræddur þegar...
- Ef ég er skammaður þá....
- Þegar ég vakna er ég...
- Mér finnst gaman að...
- Hvað finnst mér leiðinlegast að gera...
- Hverju vil ég breyta...
- Hverju get ég ekki breytt...
- Fjölskylda og vinir mínir...
- Kurteisi er...
- Ókurteisi er...

Mat

Í upphafi rann ég nokkuð blint í sjóinn og vissi ekki hvernig verkefninu mundi reiða af. Meðan á því stóð komu upp ný viðfangsefni og umræðuefni sem ég hafði ekki gert ráð fyrir en nemandi minn hafði þörf fyrir að ræða. Það var mjög áhugavert og sýndi mér að ég væri á réttri leið. Verkefnið tók því breytingum í samræmi við hans þarfir. Margt í verkefninu reyndi á nemandann og sérstaklega voru verkefni um tilfinningar honum erfið. Þá kom sér vel að nota CAT – kassann og einnig var leiðarbókin góð til að vinna með og setja á blað það sem hann hafði fram að færa.

Auk þeirra þátta sem fram komu í þemanu var unnið með skrift, tölvuvinnu og stærðfræði. Einnig teiknaði nemandinn, klippti og notaði liti. Alla þessi þætti var gagnlegt að vinna með samhliða þemanu.

Íris Björk Baldursdóttir og Ólöf Sigurðardóttir

5. Einstaklingsbundin heimavinna sem byggir á samvinnu nemenda og forráðamanna í 1. og 2. bekk.

Aðdragandi verkefnisins

Strax í upphafi skipulags Sjálandsskóla þá sammæltust stjórnendur og kennarar um að heimavinnu í skólanum yrði mjög stillt í hóf. Ef um heimavinnu yrði að ræða þá yrði hún einstaklingsbundin og í samráði við forráðamenn. Fyrsta starfsárið fór kennari 1. og 2. bekkjar að þróa þessi vinnubrögð og þótti því ákjósanlegt að halda þessu áfram og þróa frekar. Í vetur voru kennarar 1. og 2. bekkjar með mismunandi reynslu og bakgrunn. Upphaf skólaársins fór því í að stilla saman strengi og samræma vinnuaðferðir. Rætt var við forráðamenn nemendanna í þessum hópum og ákváðu kennarar ásamt þeim að þróa heimavinnuna áfram með þessum hætti. Kennararnir eru sammála um fyrirkomulag heimavinnunnar og vilja þróa hana enn frekar.

Markmið verkefnisins

- Að skilgreina þörf fyrir heimavinnu
- Að þróa leiðir til að einstaklingsmiða heimavinnu
- Að nota heimavinnu til upplýsingar fyrir forráðamenn um stöðu barnsins
- Að auka ánægju nemenda með heimavinnu
- Að móta stefnu í heimavinnu yngstu nemenda skólans

Vinnuferli og útfærsla

Í foreldraviðtölum í febrúar var rætt við forráðamenn um vilja þeirra til heimanáms. Áður hafði aðeins verið lögð áhersla á daglegan heimalestur. Flestir foreldrar voru ánægðir með að hafa litla heimavinnu en margir söknuðu þess að sjá ekki hvaða þætti væri verið að vinna með, eða vildu taka frekari þátt í skólanáminu með barninu sínu. Til skýringar þá má þó geta þess að vikulega senda umsjónarkennarar heim yfirlit yfir það helsta sem unnið hefur verið í vikunni. Þótti kennurunum því einsýnt að foreldrar hefðu áhuga á að fá meira heim.

Kennararnir kynntu sér efni um heimavinnu og skoðuðu stefnu nokkurra skóla. Að því loknu var síðan hafist handa við að þróa heimaverkefni sem fullnægðu þeim markmiðum sem lagt var af stað með.

Alls voru útbúin 12 misþung verkefni enda um að ræða tvo árganga. Verkefni tengdust þeim námsþáttum sem unnið hafði verið með dagana á undan og tengdust þeim þeim sem voru í gangi á hverjum tíma. Sérstök áhersla var lögð á að verkefni væru skemmtileg og þau væru unnin í samstarfi forráðamanns og barns. Í hverju verkefni voru forráðamenn og barnið beðin um að merkja við viðhorfakarla þ.e. bros og fýlukarlar.

Dæmi um verkefni

- Samlagningarbingó (fylgiskjal 1)
- Rétt röð (fylgiskjal 2)


- Finndu orðið (fylgiskjal 3)
- Spæjarablaðið (fylgiskjal 4)
- Sléttar tölur og oddatölur (fylgiskjal 5)
- Rím-spil (fylgiskjal 6)
- Verkefni úr dýragarði 1 (fylgiskjal 7)
- Dagblaðið – velja frétt og vinna með hana
- Slímgerð

Mat

Að okkar mati gekk verkefnið mjög vel. Nemendur voru ánægðir og forráðamennirnir einnig. Það að hafa sjálfsmat og viðhorfamat á hverju verkefni kom mjög vel út og gaf okkur góða leiðsögn um hvernig best væri að þróa verkefnið áfram. Við vorum ánægðar með hversu glaðir nemendurnir voru að vinna verkefnið og fannst þau skemmtileg. Foreldrarnir voru líka ánægðir og sendu okkur jafnvel sérstakar kveðjur. Hugmyndin að nemendurnir veldu verkefni sem væru stígskipt gekk líka ljómandi vel. Fyrstu skiptin voru krakkarnir stundum að velja of þung eða of létt verkefni en eftir því sem verkefnunum fjölgaði varð þessi þáttur þeim auðveldari. Það sem við myndum helst vilja bæta er að fjölga mætti verkefnunum og senda jafnvel eitt verkefni heim í mánuði þannig að forráðamenn geti betur fylgst með gangi mála í skólanum. Smátt og smátt safnist saman verkefni í banka þannig að vinnan verður léttari með árunum.



Fjölskyldubingó



Þetta bingó má spila með allri fjölskyldunni.

Bingóinu fylgja átta bingóspjöld sem þið klippið út.

Kastið upp krónu.

Ef þorskurinn kemur upp, þá átt þú að vera bingóstjóri og lesa upp.

Ef bergisinn kemur upp, þá á spilafélaginn að vera bingóstjórinn.

Bingóstjórinn á að lesa upp dæmin ekki svörin.

Þátttakendurnir reikna dæmið og setja miða yfir töluna ef þeir eru með hana.

Það má spila allt spjaldið, eina röð lárétt eða lóðrétt eða að sá vinnur sem fyrstur er að setja yfir fjórar tölur.

Það er gott fyrir börnin að hafa smáhluti (steina - pasta - skrúfur) hjá sér til að aðstoða við talningu.

Góða skemmtun....

Nafn : _____ spilaði


bingó við: _____

Hvernig gekk að vinna þessa heimavinnu?



Hvernig fannst ykkur þessi heimavinna?





Þetta verkefni þarf að gera með fullorðnum.

Á síðunni eru fjórar sögur.

Kastið upp krónu.

Ef þorskurinn kemur upp, þá átt þú að lesa söguna upphátt.

Ef berggrísinn kemur upp, þá á sá fullorðni að lesa söguna upphátt.

Spilinu er ekki lokið fyrr en búíð er að lesa allar sögurnar.

Saga 1

Hann borðaði morgunmat.

Ari vaknaði.

Hann fór í skólann.

Saga 2

Hún fór í skóna.

Hún klæddi sig í peysuna.

Lóa fór í sokkana.

Saga 3

Sísí fór í baðið.

Hún klæddi sig úr fötunum.

Sísí lét renna í baðið.

Saga 4

Tóti fór í búðina.

Hann keypti epli og mjólk.

Hann borgaði fyrir vörurnar.

Hvaða saga var í réttri röð? _____

Snúðu nú blaðinu við og þá sérð þú hvert er rétt svari.

Hversu mörg eyru hafa tvær kanínur samanlagt? →
Réttu sagan er númer _____

Hvernig gekk að vinna þessa heimavinnu?



Hvernig fannst ykkur þessi heimavinna?





Lestu orðin í kössunum. Eitt þeirra passar ekki með hinum.
Litaðu yfir það.

Kýr	Hæna	Rauður	Gulur
Ský	Svín	Fiskur	Blár

Stelpa	Hús	Borð	Hilla
Kona	Strákur	Stóll	Sól

Ari	Lóló
Vala	Sísí

Nú átt þú að skrifa
4 orð í kassana.
Gættu þess að 3
orð tengist

Hvernig gekk að vinna þessa heimavinnu?



Hvernig fannst ykkur þessi heimavinna?





Nú ert þú spæjari.

Lestu söguna og veldu orð til að ljúka henni. Strikaðu undir orðin sem þú velur.

Snælda kisa var rænd.

Karfan
Boltinn hennar var tekin.
Bjallan

Hlukurinn var úti.
inni.
í skápnum.

Þetta gerðist klukkan þrjú.
fimm.
sex.

Löggukisa kom til Snældu. Hún skoðaði húsið hennar.

Löggukisan Snúður
Brandur fann þjófinn.
Tommi

Þjófurinn var Jenni
Mæja mús.
Mollý

SPÆJARASKÝRSLAN

Hverju var rænt? _____

Hvað var klukkan? _____

Hver var þjófurinn? _____

Hver leysti glæpin? _____

Til að vinna þetta verkefni þarftu tvo liti og 30 smáhluti t.d. baunir eða ósoðið pasta.

Taktu 1 baun. Geta tveir skipt 1 heilli baun jafnt á milli sín. Nei. 1 er **Oddatala**.

Taktu 2 baunir. Geta tveir skipt 2 baunum jafnt á milli sín. Já. 2 er **Slétt tala**.

Notaðu nú baunirnar til að finna út hvaða tölur eru Oddatölur og hvaða tölur eru sléttar tölur.

Sléttar tölur á að lita Rauðar.

Oddatölur á að lita Bláar.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30



Rím - spil

Þetta er verkefni fyrir barn og fullorðinn.
Klippið orðaspjöldin í sundur. Snúið spjöldunum á hvolf á borð.
Barnið byrjar að velta tveimur spjöldum við og reynir að fá samstæðu þ.e. orð sem ríma. Síðan gerir sá fullorðni og eftir það koll af kolli þangað til öll spjöldin eru búin. Sá vinnur sem hefur fengið fleiri pör.

hús	mús	fíll	bíll
kál	bál	búa	spúa
sól	hól	hoppa	loppa

Verkefni úr dýragarði 1

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10
11 12 13 14 15 16 17 18 19 20
21 22 23 24 25 26 27 28 29 30
31 32 33 34 35 36 37 38 39 40
41 42 43 44 45 46 47 48 49 50
51 52 53 54 55 56 57 58 59 60
61 62 63 64 65 66 67 68 69 70
71 72 73 74 75 76 77 78 79 80
81 82 83 84 85 86 87 88 89 90
91 92 93 94 95 96 97 98 99 100

Þeir félagarnir Tanni tígur, Frissi fíll, Boggi björn og Gussi gíraffi eiga allir heima í dýragarðinum Óskalandi.

Á myndinni er Tanni tígur á reit númer 53.

Á hvaða reit er Frissi fíll? _____

Á hvaða reit er Boggi björn? _____

Á hvaða reit er Gussi gíraffi ? _____

Tanni tígur er nú staddur á reit 53. Hann er orðinn leiður á hangsinu og ákveður að skella sér áfram um 3 reiti.

Á hvaða reit lendir hann þá? _____



Ég byrja að telja frá
54...
Hvar ætli ég lendi
há?

$$54 + 3 = \underline{\hspace{2cm}}$$

Frissi fíll er á reit númer 27. Hann hefur ákveðið að bakka um 2 reiti. Á hvaða reit lendir hann

Ná þarf ég að bakka -
úff það er svo erfitt
fyrir fíla að bakka...



þá? _____

$$27 - 2 = \underline{\hspace{2cm}}$$



Gussi gíraffi stendur á reit númer 89. Eins og allir vita þá taka gíraffar mjög stór skref og Gussi tekur eitt skref sem nær yfir tvo tugi. Hvar lendir Gussi þá? _____

stór skref

$$89 + 20 = \underline{\hspace{2cm}}$$



Ég er Boggi stærsti björninn í Óskalandi. Margir eru hræddir við mig en ég er ósköp góður. Núna er ég á reit númer 22 en ég hef frétt af hunangskrukku á öðrum reit. Til að komast í krukuna þá þarf ég að bakka um einn tug.

Á hvaða reit er krukkan sem

Boggi vill ná í? _____

$$22 - 10 = \underline{\hspace{2cm}}$$


Umm...
hunang.

--

Nú mátt þú búa til nokkur dæmi um þá félaga. Einhver fullorðinn má hjálpa þér. Það má skrifa dæmin hérna fyrir neðan eða skrifa þau í tölvu.


--

Hvernig fannst þér að vinna verkefnið?



-

Hvernig gekk að leysa þrautirnar?



Helgi Grímsson og Ólafur Schram

6. Einstaklingsbundin heimavinna nemenda í 7. bekk

Aðdragandi verkefnisins

Sjálandsskóli hefur haft það markmið að skólinn sé vinnustaður nemenda og leitast eigi við að vinna þeirra tengd náminu fari fram í skólanum svo fremi sem kostur er. Undanfarið ár hefur frjáls tími margra barna í grunnskóla minnkað mikið vegna aukins framboðs á margvíslegu tómstundastarfi. Þetta hefur haft í för með sér óeðlilegt álag á mörg börn þegar aukið heimanám hefur bæst við það sem þau þurfa að gera eftir að skóladegi lýkur. Sumt nám er hinsvegar þess eðlis að það hentar vel að vinna það heima, ýmist í því næði sem heimilið býður upp á eða í samvinnu við foreldra. Því höfum við lagt mikla áherslu á að nemendur 5.-7. bekkjar lesi heima sex daga vikunnar a.m.k. 20 mínútur á dag og skrái hvað þeir lesi. Þá hafa nemendur þurft að fá staðfestingu foreldra eða forráðamanna á að skráning þeirra sé rétt. Í ljósi þess að nemendur 7. bekkjar yfirgæfu skólann í vor og hæfu flestir nám við Garðaskóla næsta vetur þar sem töluvert aðrar áherslur eru á heimavinnu og til þess að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda, var ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni þar sem leitast væri við að auka heimavinnu nemenda og undirbúa þá fyrir nýtt námsumhverfi en án þess að segja skilið við þær starfsaðferðir sem skólinn hefur tileinkað sér hvað varðar einstaklingsmiðað nám. Eftir fyrsta starfsár skólans kom sú skoðun einnig fram hjá hluta foreldrahópsins að þeim þættu þeir vera illa að sér í stöðu barnanna þar sem nemendur ynnu lítið heima í greinum eins og stærðfræði og íslensku. Í því ljósi vildum við leita leiða til að foreldrar væru betur að sér í gengi og vinnuhraða barna þeirra.

Markmið verkefnisins

- Að undirbúa nemendur fyrir aukið heimavinnu og breytt námsfyrirkomulag
- Að fá foreldra og nemendur til að vinna saman í námi barnanna og upplýsa um leið foreldra um stöðu barnsins
- Að halda áfram að vinna með heimalestur og þróa leiðir til að viðhalda og auka hann
- Að þróa leiðir til að einstaklingsmiða heimavinnu

Vinnuferli og útfærsla að hausti

Í foreldra- og nemendasamtölum í haust var útbúinn heimavinnusamningur. Foreldrar og nemendur áætluðu í sameiningu í hvaða námsgreinum nemendinn þyrfti frekari þjálfun og hversu marga tíma á viku væri eðlilegt að nemendinn verði í þessa þjálfun.

Í samstarfi við nemenandann fann kennari til gögn við hæfi nemandans. Þessi gögn voru að öllu jöfn til hliðar við það efni sem nemandinn vann að í skólanum – til þess að undirstrika að skóladaginn ætti að nýta til fullnustu og hamlu gegn þeirri hugsun að það væri hægt að slóra í skólanum og flytja vinnuna bara heim. Nemendur sýndu kennara vikulega hvað þeir höfðu unnið heima og foreldrar kvittuðu einnig fyrir vinnuna.

Skólaárinu er skipt niður í þematímabil þar sem samþætt verkefni eru unnin á tveggja til fjögurra vikna tímabili. Í tengslum við þau var heimalestur oftast fólgin í lestri á grunnlesefni. Þetta var eina heimanámið þar sem allir nemendur fengu nákvæmlega sömu heimavinnuna fyrir áramót. Þá var Grænkápa einnig unnin í heimalestri.

Vinnuferli og útfærsla að vori

Eftir áramót var ákveðið að nemendur ynnu heimavinnu í að lágmarki tvær – þrjár klst. á viku og fór það eftir öðrum viðfangsefnum við hvort lágmarkið var miðað. Þetta var gert í ljósi þess að vinnuhraði nemenda er mjög misjafn og nemendur því mjög mislengi að sambærilegt magn af viðfangsefnum. Þetta var einnig gert til að hvetja nemendur til að nýta tíma sinn vel og sjá samhengi milli tíma sem lagður er í verkefni og afraksturs vinnunnar. Þessu var svo fylgt eftir með því að í lok hvernar viku sýndu nemendur kennara þá vinnu sem unnin hafði verið heima.

Skólaárinu er skipt niður í þematímabil þar sem samþætt verkefni eru unnin á tveggja til fjögurra vikna tímabili. Í tengslum við þau var heimavinnan oftast fólgin í lestri á grunnlesefni eða vinnu í vinnubókum. Þetta var eina heimanámið þar sem allir nemendur fengu nákvæmlega sömu heimavinnuna.

Eins og segir í inngangi leggur skólinn mikla áherslu á að nemendur lesi heima í bókum að eigin vali, skrái lesturinn og fái staðfestingu foreldra. Til viðbóta við þessa skráningu fengu nemendur bókamerki eftir áramótin þar sem hægt var að skrá lesturinn. Þeir komu svo með bókamerkin a.m.k. einu sinni í viku og sýndu kennara.

Eftir páska var farið af stað með einstaklingsverkefni nemenda. Einstaklingsverkefnið er valverkefni þar sem þeir sem velja að taka þátt eiga að velja sér viðfangsefni sem þeir hafa áhuga á og langar að fræðast meira um. Nemendur fá fjórar vikur til að vinna verkefnið en því lýkur á kynningu fyrir aðra nemendur, starfsfólk skólans og gesti. Nemendur eiga að vinna að lágmarki 20 klst. í verkefninu og halda þeir dagbók yfir vinnu sína og tímamagn. Verkefnið á að vinna að 2/3 hluta heima og því gera nemendur, kennari og foreldrar með sér samkomulag í upphafi verkefnisins þar sem þeir samþykkja verkefnið og að aðstoða nemandann eins og þörf krefur. Slík samvinna nemenda og foreldra er frábær leið til að hjálpa foreldrum að átta sig á stöðu nemandans og vinnulagi auk þess sem hún býður upp á mjög skemtilega og gefandi samveru barna og foreldra.

Mat

Það gafst afar vel að einstaklingsmiða heimavinnu nemenda og báðar leiðir sem reyndar voru gáfust vel. Heimavinna nemenda þar sem þeir áttu að skila ákveðnum klukkustundafjölda á viku gekk í sumum tilvikum mjög vel en ekki nógu vel hjá nokkrum nemendum. Þar sem vel gekk voru nemendur fljótir að átta sig á til hver var ætlast og höfðu sjálfsagann til að nýta tímann sem best og litu á það sem kappsmál að koma sem mestu í verk á þeim tíma sem þeir ætluðu til vinnunnar. Oft völdu nemendur að halda áfram og vinna meira en um var samið. Aðrir nemendur áttu hinsvegar erfitt með að nýta tímann og litu

svo á að meira máli skipti að sitja yfir bókum í ákveðinn tíma en að ná hámarks afköstum. Það er okkar álit að í slíkum tilfellum eigi að ákveða blaðsíðufjölda sem vinna eigi í samráði við nemenda í ljósi þess hver viðfangsefnin eru.

Heimalesturinn gekk oft vel en þegar leið á skólaárið þurfti sífellt að minna nemendur á að halda utanum skráninguna. Flestir lásu mikið og margir mun meira en þær 20 mínútur sem um var rætt.

Einstaklingsverkefnið er að okkar mati eithvert besta form heimanáms sem við höfum kynnst. Þar eru nemendur að vinna út frá eigin áhugasviði að krefjandi verkefnum í samvinnu og með aðstoð foreldra sinna. Þeir hætta að líta á heimanámið sem íþyngjandi en þess í stað sameinast það áhugamálunum og samveru við foreldra. Útkoman var því í öllum tilfellum mjög góð.

Lokaorð

Á þessu skólaári hafa verið stigin mörg farsæl skref í tengslum við þetta þróunarverkefni:

Einstaklingsverkefni skila góðum árangri og eru einkar vel til þess fallin að einstaklingsmiða skólustarf. Skerpa þarf þó og festa betur í sessi vinnuferlið, sérstaklega samstarf við heimilin og skýrslugerð. Æskilegt er að farið sé með þetta verkefni neðar í aldri nokkuð einfaldað.

Til þess að auka ábyrgðartilfinningu nemenda á eigin námi er æskilegt að þau komi sjálf að skipulagi eigin vinnu. Áætlanavinna er vel til þess fallin. Huga þarf þó vel að þjálfun rétttra vinnubragða og eins hafa skýr ferli ef nemendur eru ekki að nýta tímann til góðs. Einnig þarf að skilgreina betur áfanga í námi þar sem vinna nemenda er metin (t.d. kaflakannanir). Að okkar mati hafa nemendur 1.-2. bekkjar ekki nægjanlegan þroska til að meta eigin vinnu í svona langan tíma (viku) en æskilegt að þeir eigi þess kost að skipuleggja eigin vinnu hluta úr degi. Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um framvindu og vinnu nemenda í áætlanavinnu.

Þemavinnu býður upp á fjölbreytta vinnu og margvísleg tækifæri til náms sem ekki skapast í eins ríku mæli í hefðbundinni greinabundinni kennslu. Skipulag og samráð vegna þema krefst hins vegar tíma og þarf að tryggja að starfsfólk skóla hafi og gefi sér þann tíma sem til þarf.

Lengi má deila um hvað vinnudagur grunnskólanemenda eigi að vera langur. Miklu máli skiptir að foreldrar séu meðvitaðir um námslega stöðu barna sinna og þekki þau viðfangsefni sem þau eru að glíma við í skólanum. Nemendur og heimili eru hins vegar mismunandi og því skiptir máli að skóli þrói leiðir til þess að koma til móts við ólíkar þarfir og væntingar.

Í opnum skólum skiptir skipulag húsnæðis, góð umgengni og skýrir verkferlar höfuð máli. Samstarf starfsmanna þarf að vera ljóst og verkskipting skýr. Á sameiginlegum vinnusvæðum fara hlutir oft á flot og því skiptir góð upplýsingagjöf, lipurleiki og einbeiting miklu máli. „Láttu ekki þitt eftir liggja“ gæti verið leiðarstef í áframhaldandi vinnu.

Í raun var þetta skólaár eitt samfellt þróunarverkefni. Margir kennarar voru ný út skrifaðir og fæstir höfðu reynslu af starfi í „opnum skóla“ sem leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám. Það voru því margir skaflarnir sem þurfti að klofa en starfsfólkið hins vegar sátt við sín störf og lítur björtum augum til næsta starfsárs.

Miklu skipti að í þessu verkefni gæfist kostur á að kljúfa það niður í sjálfstæðari verkefni því þannig var hægt að laga það að þörfum hvers hóps. Þannig varð þetta „einstaklingsmiðað þróunarverkefni“.

Við viljum þakka Lilju M. Jónsdóttur, gefandi og hvetjandi leiðsögn.

Fylgiskjal 4

Hálfnað verk þá hafið er



Niðurstöður foreldrakönnunar í Sjáländsskóla 2006



Inngangur

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Skólinn er í útjaðri Sjálandshverfis við Arnarnesvoginn og rennur Hraunsholtslækurinn undir skólann. Á öðru starfsári voru nemendur í 1.- 7. árgangi og var fjöldi þeirra í byrjun október 115. Garðabæ er ekki skipt í eiginleg skólahverfi og hafa foreldrar því val um í hvaða grunnskóla nemendur stunda nám.

Í lögum um grunnskóla segir að grunnskólinn skuli í störfum sínum leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Það er markmið grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjálandsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjálandsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Í leiðarljósi Sjálandsskóla segir: „Í Sjálandsskóla miðar umhverfi og starf að því að hver nemandi fái notið sín til fulls undir handleiðslu hóps samhentra starfsmanna. Kennarar hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur og gera til þeirra raunhæfar kröfur um leið og þeir eru hvattir til þess að gera sitt besta, sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik. Samhliða því læra nemendur að axla ábyrgð á eigin gjörðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu. Í starfinu er lögð áhersla á að skapa tækifæri til margháttæðra námsaðstæðna og fjölbreyttrar skiptingar í námshópa þar sem til dæmis er tekið mið af mismunandi áhuga, námsstöðu, kyni og námsstíl nemenda. Sköpun, tjáning og lýðræðisleg vinnubrögð eru samofin öllu skólastarfinu og nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik. Einkunnarorð skólans eru: Að vilja og virða.“

Í starfinu hefur því í fjölmörgum atriðum verið vikið frá því sem einkennir hefðbundinn grunnskóla. Meiri áhersla er á einstaklingsmiðað nám, hópastarf, samþættingu námsgreina, sjálfstæða vinnu nemenda og samkennslu árganga. Daglegar venjur eru einnig að mörgu leyti ólíkar því sem gengur og gerist í skólum t.d. hafa nemendur val um hvort þeir eru inni eða úti í hádegisfrímínútum, morgunsöngur og umsjónarfundir er á hverjum degi. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki vinnudegi sínum að mestu í skólanum og því er heimavinna í minna mæli en gengur og gerist.

Í nútíma samfélagi er þess vænst að skólinn starfi í nánum tengslum við foreldra og það er lykill að farsælu skólastarfi að samhugur sé meðal starfsmanna skólans, foreldra og nemenda um skólastefnu. Því þótti mikilvægt að kanna hug foreldra til skólastarfsins líkt og gert var á fyrsta starfsári skólans.

Aðferð

Spurningalistinn byggir að mestu á spurningalista sem foreldrar svöruðu lok nóvember 2005. Skólastjóri setti saman þann spurningalista og hafði hann foreldrakannanir Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur (vor 2004, IMG Gallup) til

hliðsjónar við val á spurningum og svarmöguleikum. Spurningalistinn var lesinn yfir af og skólaráði Sjáländsskóla en í því eiga sæti: foreldraráð, kennararáð og fulltrúar starfsmanna.

Könnunin var send út í töskupósti til allra foreldra sem áttu nemendur í skólanum í lok nóvember 2006 en þá voru nemendur 115. Könnunin var kynnt í tölvupósti. Foreldrar áttu að skila svörum sínum í lokuðu umslagi til umsjónarkennara á tilskyldum tíma. 96 svör bárust og var svarhlutfall því 83,5%. Niðurstöður ættu því að gefa harla góða mynd af viðhorfi foreldra til þeirra þátta sem spurt var um í könnuninni. Svarhlutfall skiptist á eftirfarandi hátt eftir umsjónarágöngum:

Tafla 1. Svarhlutfall skipt eftir bekkjum


Bekkur	Hlutfall
1. bekkur	80,0%
2. bekkur	100,0%
3. - 4. bekkur	82,5%
5. - 6. bekkur	74,4%
7. bekkur	100,0%

Algengast var að mæður svöruðu könnuninni (56%), feður svöruðu í 12% tilvika og báðir foreldrar í 32% tilvika.

Ritari skólans setti svör inn í SPSS tölfraeðiforritið og svör við opnum spurningum. Skólastjóri sá um tölfraeðilega úrvinnslu í SPSS og Exel og tók saman niðurstöður.

Í könnuninni svöruðu foreldrar m.a. hver væri umsjónarkennari barnsins. Í þessari skýrslu eru aðeins birtar niðurstöður miðað við heildarsvör. Ef umsjónarkennarar fara fram á það geta þeir fengið svör foreldra í eigin umsjónarhópi.

Til þess að skerpa samanburð á milli einstakra þátta var farin sú leið að gefa tilteknum svörum ákveðin stig og reikna út meðaltalsniðurstöðu allra svara sem gefin voru á fimm bila kvarða. Þannig fékk svarið mjög sammála, mjög ánægð(ur), alltaf vel, 2 stig. Svarið frekar sammála, frekar ánægð(ur) eða oftast vel, fékk 1 stig. Svarið hvorki né, bæði og, stundum vel, fékk 0 stig. Svarið frekar ósammála, frekaró ánægð(ur) eða oftast illa, fékk -1 stig. Svarið mjög ósammála, mjög óánægð(ur), alltaf illa -2 stig. Ekki var tekið tillit til svara þeirra foreldra sem töldu sig ekki hafa forsendur til að svara (0-9) eða svöruðu ekki (0-4). Hæsta mögulega niðurstaða meðaltals í hverri spurningu gat því verið 2 stig og lægsta mögulega útkoma -2 stig. Til einföldunar var einnig notast við litamerkingar. Ef meðaltalið var á milli 1,5 og 2,0 var notaður dökk grænn litur, ef meðaltalið var á milli 1,0 og 1,5 var notaður ljósgrænn litur. Ef meðaltalið var á milli 0,5 og 1 er notaður gulur litur. Til stóð að nota appelsínugulan lit ef meðaltalið væri á milli 0,0 og 0,5 og rauðan lit ef meðaltalið




væri á milli 0,0 og 0,5 og rauðan lit ef meðaltalið

væri fyrir neðan 0 en til þess kom ekki þar sem að öll meðaltöl voru hærri en 0,5.

Niðurstöður

Mikill meirihluti foreldra telur sig geta mælt mjög vel eða frekar vel með skólanum til annarra foreldra (meðaltal 1,77) eins og sjá má á mynd 1.

Mynd 1.



Menntastefna

Í fyrsta hluta könnunarinnar var spurt um ýmsa þætti sem kalla mætti menntastefnu skólans s.s. hversu vel Sjálandsskóli nái í starfi sínu að vinna að meginmarkmiðum grunnskólastarfs þ.e. “að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun”. Einnig voru foreldrar spurðir um hversu vel eða illa einkunnarorð skólans birtist í daglegu starfi. Þá var spurt um hversu vel sé tekið tillit til þeirrar forþekkingar sem nemandinn hefur við upphaf náms. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að vinna að samvinnuverkefnum sem skilað er í áþreifanlegri afurð og að nemendur vinni verkefni sem tengjast menningu og samfélagi skólans (Garðabæjar og umhverfi hans) og voru foreldrar spurðir um hversu vel þessar áherslur birtist í daglegu skólastarfi.

Almennt má segja að foreldrar sjái menntastefnu skólans birtast í daglegu skólastarfi eins og sjá má í töflu 2. Foreldrar eru almennt sammála þeirri

hugmynd að þátttaka í heimilisstörfum sé hluti af heimavinnu nemenda og telja að börnin séu oftast að fást við verkefni við hæfi og tekið sé tillit til forþekkingar þeirra við skipulag náms.

Tafla 2. Menntastefna skólans

Spurning	Meðaltal
Heimilisstörf séu hluti af heimavinnu nemenda	1,52
Hvernig tekst til að tengja skólann menningu og samfélagi	1,51
Hvernig tekst til um samvinnuverkefni með sjáanlegri afurð	1,41
Vinna skólans í anda markmiða grunnskólalaga	1,38
Sýnileiki einkunnarorða skólans í daglegu skólastarfi (vilja - virða)	1,29
Hversu vel er tekið tillit til forþekkingar nemenda við upphaf náms	1,12
Hversu vel tekst til að láta nemandann fást við verkefni við hæfi	1,09

Viðmót og líðan

Foreldrar gefa viðmóti starfsmanna mjög góða einkunn og líðan nemenda er almennt góð í skólanum (sjá töflu 3).

Tafla 3. Viðmót starfsmanna og líðan nemenda

Spurning	Meðaltal
Viðmót umsjónarkennara við foreldri	1,74
Viðmót starfsmanna við foreldri	1,72
Að ná sambandi við umsjónarkennara	1,71
Viðmót umsjónarkennara við barn	1,64
Stjórnun skólans	1,62
Viðmót starfsmanna við barn	1,59
Líðan barns á leið til og frá skóla	1,43
Eftirlit umsjónarkennara með frammistöðu	1,42
Gæði almennrar umönnunar í skóla	1,39
Líðan barns í matmálstíma	1,31
Líðan barns í útivist og frímínútum	1,24
Líðan barns í skóla	1,23

Upplýsingagjöf

Foreldrar eru almennt sáttir um upplýsingastreymi kennarans um bekkjarstarfið, upplýsingar á heimasíðu og viðburði í skólanum. Öllu lægri einkunn fær upplýsingar um námslega stöðu og námsáætlanir.

Tafla 4. Upplýsingastreymi

Spurning	Meðaltal
----------	----------

Upplýsingastreymi umsjónarkennara um bekkjarstarf	1,59
Upplýsingar á heimasíðu	1,48
Upplýsingar um viðburði í skóla	1,38
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan	1,12
Upplýsingar um félagslega stöðu	1,12
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um námsframvindu	1,09
Sammála því að upplýsingagiöf fari í ríkara mæli á netið	1,07
Upplýsingar um námsáætlanir	1,02
Upplýsingar um námslega stöðu	0,90

Kröfur til nemenda og agi


Flestir foreldrar telja að námslegar kröfur í skólanum séu hæfilegar (77,1%) en nokkuð stór hópur telur að námskröfur séu of litlar (15,6%) eða telja sig ekki hafa forsendur til að svara (7,3%). Foreldrar virðast vera mjög sáttir við þær félagslegu kröfur sem gerðar eru í skólanum. Þannig segja 93,7% foreldra að félagslegar kröfur séu hæfilegar.

Foreldrar virðast nokkuð sáttir við agann í skólanum og telja 81,3% hann hæfilegan þó svo að nokkrir (8,3%) telji hann of lítinn eða hafi ekki forsendur til að svara (10,4%).

Heimavinna

Í starfi Sjálandsskóla er lögð áhersla á að nemendur nýti skólann sem vinnustað sinn og að heimavinna sé fyrst og fremst lestur. Flestir foreldrar álíta að heimavinna nemenda sé hæfileg. Stór hópur foreldra telur hins vegar að heimavinna nemenda sé of lítil eins og sjá má á mynd 3.


Mynd 3.



Frímínútur

Sú stefna hefur verið við lýði að nemendur hafi val um það hvort þeir væru inni í skólanum eða úti á skólalóðinni í hádegisfrímínútum. Samkvæmt könnuninni eru foreldrar mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag eins og sjá má á mynd 4.


Mynd 4.



Skóladagur og skólaár

Mikill meirihluti foreldra álitur að fjöldi skóladaga á ári sé hæfilegur eða 76%. Þó álíta nokkrir foreldrar að skóladagar séu of margir eða of fáir (sjá mynd 5).

Mynd 5.



Í Sjálandsskóla er skóladagur allra nemenda frá kl. 8:25 – 14:15. Skólahúsið opnar kl. 7:30 og að loknum skóladegi er starfrækt tólmstundaheimili til kl. 17. Mikil sátt er meðal foreldra um lengd skóladagsins þar sem að 96,9% telja hann hæfilega langan.

Í upphafi skólaárs komu nemendur og foreldrar þeirra í viðtal við umsjónarkennara. Í október og nóvember komu foreldrar í viðtöl við kennara eftir að kennslu lauk. Í könnuninni var spurt um á hvaða hátt foreldraviðtölum sé best fyrir komið. 18% foreldra vilja sérstaka foreldraviðtalsdaga þar sem allir foreldrar hitta umsjónarkennara en 77% vilja að foreldraviðtölum sé dreift yfir skólaárið eftir samkomulagi kennara og foreldra. 5% foreldra nefndu annað.

Foreldrar voru spurðir um hvort þeir vildu hafa svipuð, meiri eða minni áhrif á skólustarf en nú er. Almenn sátt virðist vera um núverandi fyrirkomulag (foreldraráð, foreldrafélag, starf í umsjónarhópi) þar sem að 88% vilja hafa svipuð áhrif. 12% vilja hafa meiri áhrif en enginn minni.


Matarmál

Í Sjáländsskóla er ætlast til þess að nemendur taki með sér ávexti eða grænmeti í morgunnefni og eru flestir vel sáttir við það fyrirkomulag. Foreldrum stendur til boða að kaupa heitan mat fyrir börn sín í áskrift og ef þeir kjósa það þá verða þeir að kaupa mat alla daga (geta ekki valið af matseðli). Maturinn er aðsendur og kemur tilbúinn í hitakössum. Í vetur var tekin upp sú nýbreytni að bera matinn á borð og nemendur skammti sér sjálfir í stað þess að láta nemendur bíða í röðum eftir skömmtum. Mikill meirihluti nemenda er í mataráskrift eða 94%. Foreldrar eru nokkuð sáttir við þá ákvörðun að vera alla daga í áskrift ef hún er valin en 19% foreldra eru óánægðir. Enn fleiri eru óánægðir með verð á máltíðunum og skiptist ánægja með gæði matarins í tvö horn (sjá töflu 7 og mynd 6).

Tafla 7. Matarmál

Spurning	Meðaltal
Áhersla skólans á ávexta- og grænmetisnefni	1,32
Skylda að vera í heitum mat alla daga ef matur er valinn	0,84
Verð á skólamáltíðum	0,26
Gæði heits matar	0,06

Mynd 6.




Alþjóðaskólinn og vinaleið

Í vetur hóf Alþjóðaskólinn starf í húsnæði Sjáländsskóla. Nemendum hans starfa í hópum inni á heimasvæðunum og eru þeir með nemendum Sjáländsskóla að nokkru í list og verkgreinum, matmálistímum, frímínútum og útivist. Þá njóta nemendur Sjáländsskóla að nokkru kennslu í ensku frá kennurum Alþjóðaskólans. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er almenn

ánægja er með þá tilhögun að Alþjóðaskólinn starfi í Sjáländsskóla (meðaltal 1,50).

Garðaprestakall býður nemendum Sjáländsskóla þjónustu sem kölluð hefur verið vinaleið og sinnir skóladjákni þessari þjónustu í húsnæði skólans. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru foreldrar almennt ánægðir með starf vinaleiðarinnar (meðaltal 1,43) eins og sjá má á mynd 7.



Mynd 7.

Tómstundaheimili

Að loknum skóladegi nemenda stendur þeim til boða að taka þátt í starfi tómstundaheimilis. Í könnuninni voru foreldrar beðnir um að meta ýmsa þætti í starfi þess. Niðurstöður benda til almennrar ánægju foreldra með tómstundaheimilið eins og sjá má í töflu 8.


Tafla 8. Tómstundaheimili

Spurning	Meðaltal
Samskipti tómstundaheimilis við þig	1,76
Samskipti tómstundaheimilis við barnið	1,68
Viðfangsefni í tómstundaheimili	1,53
Líðan barns í tómstundaheimili	1,53
Eftirlit með barninu í tómstundaheimili	1,32

Opnar spurningar


Í könnuninni var spurt um hvaða þætti foreldrar vildu helst hafa áhrif á. Ekki svöruðu margir þessari spurningu. Niðurstöður má sjá á mynd 8. Svör foreldra eru viðauki 1.

Mynd 8.




Í lok könnunarinnar voru foreldrar beðnir um að nefna eitt til þrjú atriði sem þeir eru sérstaklega ánægðir með í starfi Sjálundsskóla. Flestir nýttu tækifærið og bentu á þætti sem þeir eru ánægðir með í starfi skólans en helst var minnst á atriði sem varða skólastefnu og kennsluhætti, samskiptin í skólanum og starfsmannahópin eins og sjá má á mynd 9. Svör foreldra eru viðauki 2.

Mynd 9.




Einnig voru foreldrar beðnir um að nefna eitt til þrjú átriði sem þeir eru sérstaklega óánægðir með í starfi skólans. Margir svöruðu ekki þessari spurningu en þeir sem það gerðu nefndu m.a. upplýsingastreymi, matarmál, aga/gæslu og heimanám eins og sjá má á mynd 10. Svör foreldra eru viðauki 3.

Mynd 10.



Þá voru foreldrar beðnir að tilgreina atriði sem þér teldu að væru sérstaklega til bóta fyrir starfið í Sjáländsskóla. Flestar ábendingar vörðuðu kennslu og kennsluhætti, skipulag og matarmál eins og sjá má á mynd 11. Svör foreldra eru viðauki 4.

Mynd 11.



Samanburður milli ára (2005 og 2006)

Samanburður niðurstaðna getur gefið vísbendingar um þróun skólastarfsins. Þó ber að hafa í huga að þessi samanburður byggir í raun á viðhorfum tveggja hópa þar sem á þessu skólaári varð talsverð fjölgun í skólanum. Í töflu 9 eru tiltekin atriði borin saman sem breytast um meira en 0,1 í meðaleinkunn milli ára.

Tafla 9. Samanburður milli ára

	2005	2006	Breyting
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um bekkjarstarf	0,97	1,59	0,62
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um námsframvindu	0,72	1,09	0,38
Upplýsingar um námsáætlanir	0,67	1,02	0,35
Upplýsingar um námslega stöðu	0,57	0,90	0,33
Upplýsingar á heimasíðu	1,19	1,48	0,29
Upplýsingar um félagslega stöðu	0,86	1,12	0,26
Upplýsingar um viðburði í skóla	1,22	1,38	0,16
Mæla með Sjáländsskóla við aðra	1,64	1,77	0,13
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan	1,01	1,12	0,11
Viðmót starfsmanna skólans við barn	1,71	1,59	-0,11
Ávexta- og grænmetisnesti	1,45	1,32	-0,13
Markmið grunnskólalaga	1,53	1,38	-0,15
Vilja - virða	1,50	1,29	-0,21
Gæði umönnunar í skóla	1,63	1,39	-0,24
Verð á skólamáltíðum	0,61	0,26	-0,34
Eftirlit með barninu í tómstundaheimili	1,68	1,32	-0,36
Gæði heits matar	0,52	0,06	-0,47

Í nokkrum spurningum var spurt hvort foreldrar teldu tiltekin atriði vera hæfileg í skólastarfinu, of lítil eða of mikil (t.d. fjöldi skóladaga, lengd skóladags,

heimanám, agi, fyrirkomulag foreldraviðtala, námslegar- og félagslegar kröfur). Í töflu 10 eru tiltekin atriði borin saman sem breytast um meira en 5% milli ára.

Tafla 9. Samanburður milli ára

	2005	2006	Breyting
Heimavinna	55,60%	73,30%	17,70%
Námslegar kröfur	62,50%	77,10%	14,60%
Lengd skólaárs	75%	80%	5,00%

Umræða

Í hugmyndafræði Sjálandsskóla er lögð áhersla á sveigjanlegt skólastarf, lýðræðisleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám og speglun samtíðar, samfélags í skólastarfinu skólans. Starfið fer fram í anda meginmarkmiða grunnskólalaganna undir einkunnarorðunum: Að vilja og virða. Hugmyndir sem líta vel út á blaði eru ef til vill ekki upp á marga fiska þegar til kastanna kemur. Nýr skóli með ferska hugmyndafræði laðar hins vegar gjarnan til sín eldhuga, fólk sem hefur brennandi áhuga á að takast á við nýjungar og láta draum um góðan skóla rætast.

Almennt má álykta sem svo að foreldrar séu mjög sáttir við starfið í Sjálandsskóla. Starfshópurinn fær góðan vitnisburð og er ljóst að foreldrar álíta að í Sjálandsskóla starfi afar hæft og metnaðarfullt starfsfólk sem leggur alúð í kennsluna og samskipti sín við nemendur og foreldra. Það hefur tekist að byggja upp jákvæðan og hvetjandi skólabrag. Foreldrar taka það skýrt fram hvað börnum þeirra líður vel í skólanum.

Meginþættir einstaklingsmiðunar og sveigjanlegs skólastarfs hugnast foreldrum vel og telja þeir að mjög vel eða frekar vel hafi tekist til um eftirtalda þætti:

- Verkefni nemenda tengjast umhverfi, menningu og nærsamfélagi skólans
- Nemendur fást við samvinnuverkefni sem skila áþreifanlegri afurð
- Skólastarf er í anda markmiðsgreinar grunnskólalaga
- Í starfinu endurspeglast einkunnarorð skólans: Að vilja og virða
- Lögð er áhersla á samþættingu námsgreina í þemum.
- Tekið er tilliti til forþekkingar og áhuga nemenda í verkefnavali
- Nemendur glíma við verkefni við hæfi.
- Nemendur starfa í aldursblönduðum hópum.

Almenn ánægja er með ýmsar ákvarðanir sem teknar hafa verið s.s.:

- Heimilisstörf eru hluti af heimavinnu nemenda
- Dagurinn hefst á morgunsöngur og morgunumsjón
- Útikennsla og vettvangsferðir eru snar þáttur í skólastarfinu
- Nemendur hafa val um inniveru eða útiveru í hádegisfrímínútum
- Tímasetning foreldraviðtala er sveigjanleg
- Skóladagur allra barna er jafn langur

- Skólinn er vinnustaður nemenda og heimavinna er einstaklingsmiðuð og stillt í hóf.
- Boðið er upp á starfsemi vinaleiðar í skólanum.
- Alþjóðaskólinn er með starfsemi í Sjálandsskóla og sérstaklega hugað að enskukennslu yngri barna.
- Tónlistarskóli Garðabæjar er með starfsemi í skólanum á skólatíma.

Þá fær starfsemi tómstundaheimilis fær sérstakt lof hjá foreldrum.

Eins og áður segir þá þarf að sýna varúð þegar niðurstöður kannana 2005 og 2006 eru bornar saman. Að hluta er um tvo ólíka hópa að ræða og eins að foreldrar orðnir vanir tilteknum vinnubrögðum og áherslum.

Engu að síður er athyglisvert að sjá hvað ánægja foreldra með upplýsingastreymi hefur almennt aukist enda var sérstök áhersla að bæta það eftir að niðurstöður 2005 könnunar lágu fyrir. Þá er ljóst að meiri sátt er um heimanám eftir að skert var á einstaklingsmiðuðum áherslum í heimanámi (þ.e. að þeir foreldrar sem vilja að börnin fá heimnámsskammt sem hæfir þeirra stöðu í námi geta fengið hann í samráði við umsjónarkennara.) og fleiri telja að námslegar kröfur séu við hæfi. Foreldrar gefa viðmóti starfsmanna og gæði umönnunar í skólanum ekki eins háa einkunn og á liðnu ári. Skýring á þessu viðhorfi gæti hugsanlega stækkun skólans og eins að margir almennir starfsmenn skólans hafa ekki íslensku sem móðurmál og slíkt hefur áhrif í samskiptum. Þá gefa foreldrar tilteknum atriðum í menntastefnu skólans lægri einkunn nú en í fyrra (markmið grunnskólalaga, vilja – virða). Áberandi er hversu lægri einkunn matarmál fá í skólanum enda hafa matarmál mjög verið í umræðunni í haust.

Foreldrar álíta að all nokkur atriði megi betur fara. Mest áberandi er ósk þeirra um meiri upplýsingar frá umsjónarkennara um námslega stöðu barnanna og framvindu náms. Skerpa má frekar þá áherslu að nemendur fái verkefni við hæfi og að öllum nemendum standi til boða einstaklingsmiðuð heimavinna. Þá er ljóst að efla má frekar virðingu í samskiptum og umgengni til þess að stuðla enn frekar að betri líðan nemenda.

Þá er ljóst að endurskoða þarf fyrirkomulag hádegisverðar í skólanum. Flestir eru ánægðir með það fyrirkomulag sem er í dag, þ.e. að annað hvort eru nemendur mat alla daga ef þeir velja að vera í mat en þó eru nokkrir sem eru óánægðir með það fyrirkomulag. Þá er sláandi hversu margir foreldrar eru óánægðir með verð á matnum sem og gæði matarins. Úr þessu verður að bæta. Það yrðu vonbrigði að það þyrfti að fella burtu regluna um alla daga í mat eða ekki vegna þess að maturinn sem í boði er sé svo lélegur að gæðum og dýr.

Lokaorð

Virkt foreldrastarf er einn af hornsteinum góðs skólastarfs og það þarf samtakamátt starfsmanna, foreldra og nemenda til þess að skapa góðan skóla. Svarhlutfall foreldra í þessari könnun var hátt og er það ánægjulegt. Fljótt á litið má draga þá ályktun af svörum foreldra að starfið í Sjálandsskóla sé á góðri siglingu en engu að síður mikilvægt að nýta sér ábendingar foreldra

til þess að gera enn betur í næstu skrefum. Niðurstöður könnunarinnar verða því vegvísir fyrir starfið á vorönn og á næsta skólaári.

Garðabæ, 5. janúar 2007

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla

Viðauki 1.

Orð foreldra um Sjálandsskóla desember 2006

Atriði sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á í starfi Sjálandsskóla

Matarmál

- Matarmál
- Matarmálin eins og staðan er í dag. Maturinn sem er í boði núna er að okkar mati fyrir neðan allar hellur.
- Hafa áhrif á fæðuval - of unnin matur
- Máltíðir barnanna
- Skólamáltíð - gæði og verð mættu Vera töluvert betri
- Matarval
- Matarmál
- Skólamatinn
- Mataræðið, gera það heilsusamlegra og girnilegra.

Líðan

- Líðan barnsins sé góð og það sé tekið á málum sem upp koma
- Félagslegabáttinn
- Að barninu líði vel
- Innri líðan nemenda
- Sjálfsmýnd og samskipti barna
- Meiri afskipti fullorinna/kennara af agavandamálum nemenda.

Námið (heima og í skóla)

- Heimanám
- Heimanám
- Námsfni og heimanám
- Námsfni og námsframvindu
- Upplýsinga um námsframvindu og heimanám
- Námsfni
- Heimanám
- Enskukennsla hefjist fyrr
- Foreldrar mættu hafa skoðun á námsfni svo sem stærðfræðibókum - foreldrar sjá yfirleitt aldrei hvaða bækur börnin eru að nota
- Auka raunvísindapátt skólans
- Fá að fylgjast betur með því hvar barnið er statt
- Nýta tímann í lok skóladags fyrir heimanám, halda heimalestri samt sem áður.

Skipulag og uppbygging

- Alþjóðaskólanum verði haldið í skólanum og meira verði unnið með tungumál
- Kennsluhætti
- Verkefni tengd umhverfi skólans
- Hafa þátttöku í daglegu starfi skólans
- Skólanámsskrá - útfærsla hennar í Sjálandsskóla og þróun
- Samræmi við markmið skólans
- Skipulag og uppbygging skólans

- Úthýsa vinaleið
- Í sambandi við skipulags og uppbyggingu í skólanum
- Umgengni um óskilamuni, hefði viljað að þegar fót eru merkt fari þau ekki í hrúguna
- Viðburði
- Skólstarfinu er vel fyrirkomid í höndum kennara og skólastjórnenda.

Viðauki 2.

Orð foreldra um Sjálandsskóla desember 2006

Atriði sem foreldrar eru sérstaklega ánægðir með í starfi Sjálandsskóla

Kennsluhættir og viðfangsefni

- Ápreifanleg og ögrandi verkefni
- Drengurinn minn er ánægður
- Fjölbreytni í kennsluaðferðum
- Fjölbreytt viðfangsefni
- Kennsluaðferðir
- Kennslufyrirkomulagið
- Meiri tenging við raunveruleikann en aðrir skólar
- Mjög góðar aðstæður að öllu leyti til náms, listum og í kennarasköpun, bóknámi
- Nálgun námsefnis (læra með því að "vinna")
- Námið mjög hagnýtt og vel til þess fallið að undirbúa börnin undir lífið
- Námsefni vel framsett þannig að vekur áhuga nemenda
- Námsmatið
- Samþætting námsgreina
- Skapandi skólastarf
- Skemmtileg og upplýsandi verkefni nemenda
- Uppbygging þ.e. stutt þemu
- Þemaverkefni
- Þemaverkefni mjög metnaðarfull og skemmtileg.

Hópastarf

- Að börnin vinni þemavinnu saman
- Hópastarfið
- Hópastarfið
- Hópavinna og verklegi þátturinn í því
- Hópavinnan
- Mikil hópavinna
- Samvinna nemenda.

Sjálfstæði nemenda

- Börnin læra að vinna sjálfstætt, leita upplýsinga og kynna niðurstöður
- Hvatning til sjálfstæðis og sjálfsálits
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sjálfstæði nemenda
- Styrkir þau í framkomu
- Uppbygging sjálfstrausts og sjálfstæðra vinnubragða
- Sjálfstæð verkefni (t.d. fréttin sem þau eiga að endursemjja).

Einstaklingsmiðun

- Að barnið sé í brennidepli og þarfir þess
- Að starf skólans byggist á að mæta þörfum barnsins fyrst og síðast
- Barnið fái að læra á sínum hraða og fái alltaf verkefni við hæfi

- Einstaklingsmiðað nám
- Einstaklingsmiðað nám
- Einstaklingsmiðað nám sem byggir upp einstaklinginn
- Einstaklingsmiðun í námi
- Einstaklingsstefna.

Útikennsla

- Mikill hreyfanleiki, útivera
- Mjög ánægð með fiskabúrið
- Mjög ánægð með fjöruferðirnar
- Náttúrufræðikennsla og umhverfið sem stuðlar að góðri menntun í þeim efnum
- Tengja nám og umhverfi
- Umhverfi
- Unnið með umhverfið og náttúruna
- Útikennsla
- Útikennsla (skemmtilegt starf í kringum fiskabúrið og kartöflugarðinn)
- Útikennslan
- Útivera
- Útivera tengd kennslu
- Útiveran við náttúruna.

Íþróttir

- Breiddin sem höfð er í íþróttum
- Íþróttir
- Íþróttir úti og inni
- Íþróttir, bæði inni og úti þegar veður leyfir.

Vettvangsferðir

- Tengsl við mannlífið, umhverfið og verkefni sem byggjast á lifandi upplýsingaöflun
- Verkefni utan skólan, sem þau vinna úr í skóla
- Mikið farið út fyrir skólastofu til að ná í námsefni
- Fínar vettvangsferðir
- Góð tengin við samfélag.

Skipulag

- Aldursblöndun
- Blöndun
- Blöndun árganga
- Blöndun árganga
- Ferskir vindar í skólastarfi
- Frekar persónulegur skóli
- Frímínútur - val um að fara út
- Frjálsræði í frímínútum
- Jákvætt viðhorf á óhefðbundið skólastarf
- Mjög ánægð með uppbyggingu skólastarfsins (opin skóli, sveigjanleiki einstaklingsmiðað nám)
- Námsleiðirnar
- Námsskipulag

- Opið kerfi - nánd við aðra hópa
- Opinn skóli
- Opinn skóli
- Skipulag
- Skipulag dagsins
- Skólastarfið
- Stundaskráin - hrein og bein
- Sveigjanleiki
- Sveigjanleiki
- Sveigjanleiki og ný hugsun í skólastarfi
- Yfirhöfuð ánægð með skólastarfið
- Þátttaka nemenda í mótun skólaanda og skólastarfs.

Heimilsvikan

- Heimilsvika
- Heimilsvika.

Morgunsöngur

- Frábært að hefja daginn á söng
- Mjög ánægð með upphaf skóladags - söngur
- Morgunstund
- Morgunstundir - söngurinn
- Morgunsöng
- Morgunsöng
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur
- Morgunsöngur - mikilvæg stund til ánægju og upplýsinga fyrir börnin um ýmislegt
- Morgunsöngurinn
- Samgöngur nemenda
- Samverustundir á morgnana og söngurinn
- Söngur.

Samskipti og agi

- Að börnunum líðið vel í skólanum sínum
- Agi
- Agi
- Áhersla á félagslega færni og framkomu og vináttu
- Áhersla á samskiptahæfileika barnanna
- Áhersla á vellíðan nemenda
- Áhersla skólans á góð samskipti og vináttu barnanna innbyrðis
- Barninu líður vel
- Barninu virðist líða nokkuð vel í skólanum
- Barnvænn skóli - börnunum líður vel
- Bekkjárfundir

- Góður agi en gleði í starfinu
- Góður andi
- Góður félagsandi
- Heimilislegt andrúmsloft
- Jákvæð viðhorf til barnanna
- Jákvætt og hvetjandi andi / stuðningur við nemendur
- Lítil bekkjaskipting og virðing milli nemenda og starfsfólks
- Mjög ánægð með hvað fylgst er vel með að börnunum líði vel
- Opið andrúmsloft á milli bekkja
- Reglur mjög skýrar og farið eftir þeim
- Reglur mjög skýrar og farið eftir þeim
- Samskipti
- Skólinn mjög persónulegur og allt viðmót til fyrirmyndar
- Vandamál leyst samdægurs milli nemenda og kennara
- Vel fylgst með líðan barnanna
- Viðmótið er afar gott
- Vinalegt umhverfi og viðmót
- Þægilegt og gott viðmót allra sem ég hef haft samskipti við.

Starfsfólk

- Áhugi kennara og skólastjóra á nemendum
- Einstaklega jákvætt viðmót starfsfólks
- Gott starfsfólk
- Góðir kennarar og starfsfólk - greinilega gott andrúmsloft
- Góður stjórnandi
- Húsvörðin Sigú + Marvin
- Jákvætt og hlýlegt starfsfólk
- Jákvætt viðmót
- Kennarahópurinn
- Kennarar mjög áhugasamir fyrir velferð barnanna
- Kennarinn
- Metnaðarfullt starfsfólk og aðstaða
- Metnaður starfsfólks og áhugi á viðfangsefninu mikill
- Mjög áhugasamir kennarar fyrir starfinu og velferð nemenda
- Mjög ánægð með kennarann
- Mjög góðir kennarar sem kunna að vinna að stefnu skólans sem stuðlar að góðri líðan barnsins míns
- Persónulegt viðmót starfsfólks
- Síðan auðvita Soffía skólaritari
- Starfsfólk
- Starfsfólk - einstaklega persónulegt viðmót
- Stjórn skólans - góð stjórnun
- Stjórnun
- Umsjónarkennarinn
- Viðmót kennarans
- Viðmót kennarar
- Viðmót starfsmanna
- Vilji til að gera vel.

Aðstaða

- Mikil fjölbreytni og góð húsakynni
- Aðstaðan.

Heimili og skóli

- Auðveldur aðgangur að upplýsingum á netinu
- Foreldrar alltaf velkomnir
- Gott að fá upplýsingar um hvað hefur verið að gerast hjá börnunum í vikunni sem leið
- Gott samband við heimili
- Gott upplýsingastreymi um hvað er að gerast
- Góð samskipti á milli heimili og skóla
- Hversu vel foreldrar eru velkomnir í skólann
- Kennari aðgengilegur
- Mjög gott upplýsingaflæði til foreldra gegnum netið
- Námsmatið og upplýsingar til foreldra
- Tengsl og samskipti umsjónarkennara (e-mail)
- Tengsl við umsjónarkennara mjög góð.

Vinaleið

- Starf djáknans
- Vinaleið
- Vinaleiðin farin.

Tónlistarskólinn

- Stór plús fyrir sellókennslu á skólatíma
- Samskipti við tónlistarskóla
- Tónlistarskóli Garðabæjar með kennslu inn í stundaskrá
- Tónlistarkennslu.

Alþjóðaskólinn /enska

- Alþjóðaumhverfið
- Enskan
- Enskukennsla
- Enskukennsla í 3 - 4 bekk
- Gott hversu ung krakkarnir byrja að læra ensku
- Samvinna við Alþjóðaskólann.

Stærð skólans

- Einnig kostur hversu lítill skólinn er
- Fáir nemendur
- Fámenni
- Gott hvað skólinn er lítill
- Smæð skólans
- Smæð skólans ekki skemmir það hvað þetta er fámennur skóli
- Smæð skólans er stór kostur
- Þar sem skólinn er ennþá lítill er nálægð kennara/starfsfólks og nemenda.

Viðauki 3.

Orð foreldra um Sjálandsskóla desember 2006

Atriði sem foreldrar eru sérstaklega óánægðir með í starfi Sjálandsskóla

Námsstaða

- Mætti vita meira um námslega stöðu barnsins
- Einkunnagjöf og umsögn um nemendur mætti vera markvissari þ.e. betur tekin saman
- Myndi vilja fá frekari upplýsingar um persónul. námsframvindu barnsins og félagslega stöðu þess í skólanum/bekknunum
- Skortur á könnunum til að ath. stöðu nemandans og í framhaldi vantar að upplýsa foreldra um það sama
- Vantar meiri upplýsingar frá skólanum um hvar barnið er statt námslega séð. Sem foreldri finnst mér ég ekki hafa nógu góða yfirsýn - vantar meir samskipti milli foreldra og skóla
- Bæta mætti upplýsingar um námsframvindu
- Vantar betri upplýsingar um námsframvindu og námslega stöðu barnsins
- Vantar meiri upplýsingar frá skólanum um hvar barnið er statt námslega séð. Sem foreldri finnst mér ég ekki hafa nógu góða yfirsýn
- Vanar að foreldrar fái meiri upplýsingar um einkunnir þó svo ekki þurfi endilega að sýna barni þær
- Á erfitt með að átta mig á námslegri stöðu barnsins.

Upplýsingastreymi

- Vantar betri upplýsingar um það hvernig barninu mínu líður félagslega séð í skólanum
- Skortur á skýrum markmiðum fyrir hvern og einn nemanda
- Upplýsingar um hvað skuli kennt samkvæmt námskrá og hvernig áætlun fyrir hvern og einn tengist til að þeim markmiðum sé náð
- Fyrir látið vita ef námsáætlun/markmið nemenda stenst ekki
- Gott að vita betur hvað er verið að kenna í hverri viku, t.d. í stærðfr., samfélagsfr. ofl.

Heimanám

- Ekki ánægð með breytinguna á heimavinnu - of mikið stökk frá síðasta ári
- Mætti vera reglulegt heimanám (þarf ekki að vera mikið)
- Hefur verið of lítill heimalærdómur en er að aukast sem er jákvætt
- Lítið heimanám
- Valfrjáls heimalærdómur mætti vera í boði
- Foreldra eiga erfitt m/ fylgjast með námi barns þar sem ekkert heimanám er.

Agi/gæsla

- Of lítil gæsla á göngum skólans og úti
- Mætti vera meiri sjáanlegur agi og betri umgengni nemenda við eigur annars

- Umgengni nemenda um húsnæði skólans
- Dóttir okkar hefur kvartað yfir miklum hávaða í matsal sem og ónæði sem skapast í "opnum" kennslustofum
- Mér finnst stundum ekki nógu vel fylgst með börnunum, að þau taki t.d. Könnunina með heim (fékk þessa 29. nóv.) og aðrar upplýsingar
- Skynja að stundum er ókyrrð í sumum nemendum
- Agaleysi í námi
- Meiri eftirfylgni með því að börnin skammti sér hæfilegt magna í áætlun-stundum lítið áætlað
- Einelti - þarf að fylgjast betur með.

Staðsetning og aðstaða

- Staðsetning skólans
- Of margar umferðagötur sem þarf að fara yfir
- Öryggisatriði - hjólagrindin er fyrir neðan steypuvegg sem auðvelt er að detta af ef verið er að hlaupa á honum
- Skortur á aðstöðu til inniþróttar
- Íþróttar og sund kennsluáðstöðu.

Maturinn

- Finnst maturinn helst til dýr
- Maturinn
- Vondur matur
- Skylda að fá skólamáltíðir alla daga eða enga - viljum geta valið úr hollari mat
- Vantar að bæta næringuna í matnum - of feitur matur
- Skólamáltíð í Garðabæ
- Hádegismaturinn
- Mataræðið - barnið kvartar nær daglega yfir ógirnilegum og vondum mat
- Máltíðir barnsins - foreldri er stillt upp við vegg - ekki hægt að velja nokkra daga í mat eins og í Flataskóla
- Ekki boðið upp á grill til að hita samlokur (gert í Flataskóla) - þannig gætu möguleikarnir verið fleiri, barnið mitt kemur oft svangt heim þar sem það gat ekki borðað matinn.

Ýmislegt

- Mætti huga betur að jafnrétti kynja (t.d. battavöllur)
- Mætti kynjaskipta
- Hefði viljað sjá sama umsjónarkennara (Ólaf) fylgja bekknum lengur
- Byrjunar erfiðlekar sem eru vel skiljanlegir þ.e. tók tíma að átta sig á hverjum og einum nemenda (þ.e. að hafa námið einstaklingsmiðað)
- Börn í 1. - 4. bekk ættu að mínu mati að fara út í hádeginu, nema veður sé mjög slæmt
- Vinaleið
- Námsaðstoð í tímum, þarf að meta hverjir þurfa meiri aðstoð en aðrir
- Að ekki verði unglíngadeild 8. 9. og 10. bekkir
- Mætti vera viðburðir, skemmtun nemenda, jólaföndur ofl. í samstarfi við foreldraráð/félag
- Sundkennsla - allt of lítil

- Yoga í leikfimi - ekki þó kynnt mér kennsluna, en almennt ekki meðmælt yoga

Viðauki 4.

Orð foreldra um Sjálandsskóla desember 2006

Atriði sem yrðu til bóta fyrir starfið í Sjálandsskóla að mati foreldra

Matarmál

- Skólinn sæi um litlanestið
- Maturinn, vel nært barn hefur betri athygli og líður betur. Þá meinum við að næringargildi matarins þarf að vera betra -fita -sykur +vítamín -unnin matur + grænmeti
- Betri mat - matur sem lagt er áherslu á hollustu en um leið barnvænn
- Betri matur
- Mötuneyti á staðinn, ekki aðkeyptur matur
- Maturinn eldaður á staðnum
- Val um matardaga
- Heilsusamlegri matur.

Upplýsingastreymi

- Foreldrar fengju reglulega niðurstöður úr "prófum" eða verkefnum sem sýna hvar barnið stendur og í hverju það þarf að bæta sig
- Mögulega að fá meiri upplýsingar um hvað það er sem barnið á að kunna þ.e. Námslega
- Vildi gjarnan vita meira um verkefni í skólastarfinu til að geta hjálpað barninu betur að ná tókum á námsefninu
- Við erum ánægð með virka upplýsingagjöf kennara (t.d. tölvupóst og blogg) en einstaklingsbundnar upplýsingar um vikulega/mánaðarleg verkefni og gengi barnsins mætti bæta
- Meira upplýsingastreymi
- Þarf að skerpa betur á því að foreldrar viti betur um heimanám barna.

Félaglegir þættir

- Félagslega séð væri gott að skipt bekknum um í nokkra litla hópa í einhvern ákv. Tíma og hóparnir yrðu að vera samrýndir og aldrei mætti skilja neinn útundan þegar farið væri t.d. í frímínútur
- Koma á vinahópum.

Gæsla/agi

- Meiri gæsla eða eftirlit með börnum í frímínútum
- Meiri gæsla (eftirlit) með nemendum bæði úti og inni
- Betri umgengni t.d. í fataklefum
- Meiri agi
- Það þarf með einhverjum hætti að minnka hávaðann/erilinn sem skapast í svona opnu umhverfi. Dóttir okkar kvartar oft um þreytu og höfuðverk eftir skólann en áður tíðkaðist.

Heimili/skóli

- Meiri samskipti milli skólans og foreldra
- Laða foreldra meira að skólanum með þátttöku
- Meira samspil foreldra og skólans

Kennsla

- Leiklist
- Meiri tungumálakennsla
- Þjóða upp á leiklist og dans
- Gaman væri að sjá öflugri raungreinavinnu
- Sjáum fyrir okkur skólann sem leiðandi skóla á sviði vísinda, skapandi og raunv.
- Leggja aukna þátttöku á upplifun í námi (fremur bóklegt)
- Aukin tónlistarkennsla og iðkunn
- Leiklist í tengslum við móðurmálskennslu
- Þjóða upp á tungumálakennslu, þ.e. ensku ef áhugi er fyrir hendi
- Bæta inn öðru námsefni sem ítarefni t.d. í stærðfræði svo tryggja megi undirstöðuþekkingu í uppsetningu dæma, í íslensku t.d. stafsetningaræfingar o.s.frv.
- Taka heimanámið fastari tókum, þ.e. að verkefni séu í takt við kunnáttu barns (sem búið er að taka fyrir)
- Gera meiri kröfur námslega til 7. bekkjar, þá ég ekki við meira heimanám - foreldrar eru ekki bestu kennararnir.

Skipulag

- Einfaldara námskerfi
- Skýrari einstaklingsmiðuð markmið og útlitun á því hvernig þeim skal náð
- Umhverfi skólans, sem og þess konar fyrirtæki í Garðabæ og nágrenni ættu að geta eflt það
- Áætlanakerfi gengur bara hjá þeim nemum sem gengur vel í skóla - hin sitja eftir
- Held að allir hafi gott af prófum þrátt fyrir allt
- Að börn sem eiga við sérstaka erfiðleika eins og t.d. ofvirkni og annað, séu tekinn meira út bekknum svo bæði þau og hin fái hvíld
- Fleiri kennara fyrir hvern hóp
- Skólinn ætti klárlega að vera fyrir 1. -10. bekk, ég vona að dóttir mín þurfi ekki að yfirgefa þennan frábæra skóla þegar hún kemst á unglingsstig
- Endilega halda fast í vinaleið og efla útvistaranda, góður agi er líka til góðs
- Skólastjóri þarf að hafa bein í nefinu til að losa sig við óhæfa kennara.

Aðbúnaður

- Veita vatni frá gönguleiðum, ekki inn á þær
- Klára að byggja skólann
- Vantar mjúk gólf í íþróttahús
- Leikfimisalur
- Íþróttaaðstaða m/sundlaug nær skóla
- Íslenskumælandi starfsfólk.

Fylgiskjal 5

Fréttadagbók

7. júní 2007

Útskrift og skólaslit

Í dag útskrifaði Sjálandsskóli fyrstu nemendur sína er 9 nemendur luku 7. bekk. Falleg athöfn var á bókasafni skólans þar sem 7 af nemendum mættu. Helgi skólastjóri talaði til nemenda og lagði áherslu á mikilvægi virðingarinnar í lífinu. Þau ættu að bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfinu. Kristinn spilaði mjög skemmtilega á klarinett og Ólafur umsjónarkennari spilaði undir. Ásta flutti ljóð. Ólafur Schram umsjónarkennari þakkaði síðan nemendum fyrir viðburðaríkt ár og afhenti þeim vitnisburðinn.



[Lesið meira](#)

6. júní 2007

Innilega

Vegna veðurs var ekki farið á Esjuna eins og til stóð á mánudaginn en í staðinn var farið á Þingvelli, Úlfjótssvatn og Nesjavelli. Er heim var komið komu krakkarnir sér fyrir með svefnpoka sína og dót. Foreldrar grilluðu og krakkarnir undirbjuggu kvöldvöku. Nemendur og nokkrir kennarar gistu síðan í skólanum og var það mjög skemmtilegt. Morgunmatur var síðan í skólanum og fjölbreytt dagskrá.



Skólaslit fimmtudaginn kl. 12 hjá 1.-6. bekk.

Útskrift fimmtudaginn kl. 11 hjá 7. bekk.

[Lesið meira](#)

3. júní 2007

Esjuganga

Veðurspá fyrir morgundaginn er ekki góð. Ef svo fer sem horfir verður dagskrá dagsins breytt og í stað fjallgöngu verður farið á Þingvelli og Úlfjótsvatn. Nemendur þurfa engu að síður að vera vel búnir til útivistar.

1. júní 2007

Úrslit í lampahönnuninni

Í morgun voru veitt verðlaun í samkeppninni um hönnun og smíði lampa hjá 5.-6. bekk.

1. verðlaun hlaut Arnór
2. verðlaun Óskar Daði
3. verðlaun Sandra H.

Auk þess fengu Heiðrún, Ellen, Iðunn, Jakob og Róbert viðurkenningu fyrir góða hugmynd. Þetta voru allt frábærar hugmyndir eins og sjá má á myndunum hér til hliðar undir "Tónlist og verkefni nemenda".



[Lesið meira](#)

31. maí 2007

Hjóladaður

Nemendur í 7. bekk útbjuggu hjólabraut með ýmsum þrautum. Þrautirnar fengu þau frá dönskum hjólasamtökum og þýddu efnið yfir á íslensku og útfærðu á skólalóðinni.

Nemendur í skólanum gátu síðan reynt færni sína á hjólunum og fylgdust nemendur í 7. bekk með hverjum nemanda og skráðu hvernig gekk. Allir fengu viðurkenningarskjöl um þátttöku og þeir sem stóðust hjólaprófið fengu sérstakt




viðurkenningarskjal.

[Lesað meira](#)

25. maí 2007

Lampahönnun

Í anddyri skólans fer fram sýning á lömpum sem nemendur í 5.-6. bekk hafa hannað í smíðatímum. Þau fengu 20 ljósa seríu og máttu nota hvaða efni sem til var í smíðastofunni til að hanna lampa. Efni sem þau notuðu var m.a. mdf, birki, plast, efni, snúrur, rör og umbúðir. Þarna má finna glæsilega lampa af ýmsum stærðum og gerðum og ótrúlega flottar hugmyndir hjá krökkunum. Nú fer fram samkeppni um bestu hönnun og góða hugmynd. Úrslit verða kynnt næsta föstudag. Sjáið myndirnar undir "tónlist og verkefni nemenda" hér til hægri.



[Lesað meira](#)

24. maí 2007

Íþróttadagur

Í dag var íþróttadagur. Nemendur höfðu valið sér viðfangsefni fyrir daginn. Í boði var að fara í hjólaferð í Kópavoginn, ævintýraferð í Elliðaárdal, minigolf, hellaskoðun, kajaksiglingu, fjörleika á heimavelli og fótbolta.

[Lesað meira](#)



22. maí 2007

Kajaknámskeið

Nemendum í 5.-7. bekk Sjálandsskóla hefur að undanförunu gefist kostur á að taka þátt í þriggja daga námskeiði í kajakróðri.

Námskeiðið var tvískipt, annars vegar fyrir stelpur og hins vegar stráka. Á námskeiðinu er fjallað um öryggisreglur í meðferð kajaka, nemendum kennt að ná góðu jafnvægi á bátunum, hvernig eigi að beita árinni, mynda fleka og eins hvernig eigi að losa sig úr bátunum ef hann veltir. Námskeiðið hefur

gengið afar vel eins og myndirnar bera með sér. Kíkið á myndasafnið. Nokkrar af stelpunum prófuðu að velta bátunum sínum og höfðu gaman af (Arnarnesvogur er svalur og hressandi). Svo er bara að sjá hvort að strákarnir þori!



[Lesið meira](#)

21. maí 2007

Aðalfundur foreldrafélags og foreldraráðs Sjálandsskóla

Fimmtudaginn næstkomandi kl. 18:00 verður haldinn aðalfundur foreldrafélags og foreldraráðs Sjálandsskóla. [Sjá dagskrána hér.](#)

[Lesið meira](#)

11. maí 2007

Sögur um hænur og skólastarf

Nemendur í 3.-4. bekk hafa útbúið myndasýningar og frásagnir af hænuungunum og veru þeirra í skólanum. Kíkið á sýningarnar undir tónlist og verkefni nemenda hér til hægri.

[Lesið meira](#)



11. maí 2007

Einstaklingsverkefni

Undanfarnar vikur hafa nemendur í 5.-7. bekk haft val um að vinna að einstaklingsverkefni. Nemendur velja sér viðfangsefni í samráði við foreldra sem tengist áhugasviði þeirra og á vinnan að taka 20-60 klst. Stór hluti vinnunnar fer fram heima og áhersla er lögð á að nýta fjölbreyttar heimildir. Í allan dag fór fram kynning á verkefnunum samtímis á fjórum svæðum. Hver nemandi kynnti verkefnið sitt tvisvar sinnum. Nemendur skráðu sig síðan á kynningar sem þeir höfðu áhuga á. Fjölmargir foreldrar mættu og hlustuðu á flutninginn. Nemendur stóðu sig mjög vel, höfðu aflað sér mikillar þekkingar um efnið og miðluðu því af röggsemi til félaga sinna, foreldra og starfsfólks með aðstoð skjásýninga, myndbanda, plakata og hluta.



[Lesið meira](#)

8. maí 2007

Tónlist fyrir alla

Í dag fengum við frábæra heimsókn en það voru þeir Örn Árnason, Björn Thoroddsen gítar, Gunnar Hrafnsson bassi og Ásgeir Óskarsson trommur. Þeir fluttu okkur dagskrá sem bar yfirskriftina "Heimsreisa Höllu" en hún byggir á íslenska þjóðlaginu "Ljósíð kemur langt og mjótt". Örn sem var sögumaðurinn brá sér í ýmis gervi og ferðaðist þannig um heiminn og flutti íslenska þjóðlagið m.a. í rokk- og rappútfærslu. Nokkrir nemendur aðstoðuðu Örn eins og sjá má á myndunum og í lokin spiluðu Borg Dóra og Sigurbjörg á tréspil með hljómsveitinni. Þetta var liður í verkefninu "Tónlist fyrir alla". Nemendur og starfsfólk skemmtu sér vel og nutu dagskrárinnar. Kíkið á myndirnar.



Rapparar skólans

[Lesið meira](#)

7. maí 2007

Hjólaferð hjá 2. bekk

2. bekkur gerði víðreynt á föstudaginn en allir mættu á hjólum og með ferðanesti. Hópurinn hjólaði frá Sjálandsskóla göngustíginn meðfram sjónum - yfir Arnarnesið og yfir nýju göngubrúna sem tengir saman Garðabæ og Kópavog. Þaðan var hjólað mjög skemmtilegan hjólastíg út á Kársnesið og enduðum við Kópavogshöfn. Síðan var hjólað aftur til baka og drukkið nesti við fuglatjörnina hjá Hafnarfjarðarveginum. Skemmst er frá að segja að þessi ferð gekk einstaklega vel og krakkarnir eru mjög dugleg að hjóla. Í fljótu bragði sýnist okkur þetta hafa verið um 10 kílómetrar í allt sem við hjóluðum. Skoðið fínu myndirnar úr ferðinni.



[Lesið meira](#)

4. maí 2007

Nemendur í 1. bekk fá hjálma

Í gær komu félagar úr Kiwanisfélaginu Setbergi og færðu nemendum 1. bekkjar hjálma að gjöf. Þetta er árlegt verkefni félagsins en öll 6 ára börn í bænum fá gefins hjálma frá félaginu. Við þökkum Kiwanisfélaginu Setbergi kærlega fyrir þessa rausnalegu gjöf.

[Lesi meira](#)



26. apríl 2007

Útikennsla hjá 3.-4. bekk

Nemendur í 3.-4. bekk eru að vinna í þema um vísindi. Þau voru að gera tilraunir í fjörunni í vikunni. Kikið á skemmtilegar myndir af þeim við þá iðju.

[Lesi meira](#)



25. apríl 2007

Dagur umhverfisins

Dagur umhverfisins er haldinn hátíðlegur 25. apríl á fæðingardegi Sveins Pálssonar en hann var fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn og sá sem fyrst hvatti til aðgerða vegna skógareyðingu. Nemendur í Sjálundsskóla sinntu ýmsum verkum í sínu nánasta umhverfi. Farið var um nágrenni skólans og svæðið hreinsað, trjám var plantað og kartöflugarðurinn stunginn upp.



[Lesað meira](#)

24. apríl 2007

Ungarnir braggast vel

Krakkarnir í 2. bekk hafa tekið að sér að sjá um ungana. Þau munu fylgjast með þeim á hverjum degi, vigta þá og skoða. Þau voru mjög duglega að halda á þeim og vigta og finna út hvað þeir höfðu þyngst mikið. Sumir höfðu þyngst um 2 grömm en aðrir 6 grömm. Núna eigum við 13 unga, einn dó en fleiri komu ekki úr eggjunum.

[Lesað meira](#)



Egill og Hnoðri

24. apríl 2007

Myndasýningar hjá 5.-6. bekk

Nemendur í 5.-6. bekk hafa verið að vinna að myndasýningum úr skólastarfinu. Þetta hefur verið unnið í tölvutímum og nýta þau forritið Photostory 3. Kíkið á fjölbreyttan afraktur hér til hægri undir tónlist og verkefni nemenda. Fleiri sýningar munu bætast við næstu daga.

[Lesað meira](#)

23. apríl 2007

Ungar fæddir

Á laugardaginn litu fyrstu ungarnir dagsins ljós. 14 eru fæddir og einn er kominn með gogginn út úr skurninni. Þeir eru ótrúlega krúttlegir. Krakkarnir í 2. bekk vigtuðu þá og gáfu þeim nöfn í dag. Sá léttasti var 26 grömm og sá þyngsti 44 grömm, það var Brandur. Einn fékk nafnið Eiríkur rauði því hann var með rautt hár, Lakkrís er svartur og síðan eru það m.a. Sól, Hnoðri, Tígull og Dúlla. Það verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni.



[Lesið meira](#)

22. apríl 2007

Margæsir á Arnarnesvogi

Margæsirnar eru komnar á Arnarnesvoginn á leið sinni frá vetrarstöðvum sínum á Írlandi til varpstöðva á Grænlandi. Stór hópur þeirra sést vel frá Sjálandsskóla.

22. apríl 2007

13 ungar skriðnir úr eggjum

... og þeir eru hreint yndislegir á að líta.

21. apríl 2007

9 ungar skriðnir úr eggjum

Síðdegis í dag voru 9 ungar skriðnir úr eggjum. Íslensku landsnámsungarnir eru fjölskrúðugir að lit, fjörugir og pattaralegir. Væntanlega munu fleiri skrifa úr eggjum fram á mánudag. Það verður spennandi fyrir nemendur skólans að koma í skólann á mánudagsmorgun og heilsa upp á þessa nýju vini sína.

20. apríl 2007

Fiskar til Dalvíkur

Ár hvert er Fiskidagurinn mikli haldinn hátíðlegur á Dalvík. Fyrir hátíðina í ár ákváðu forsvarsmenn hátíðarinnar að biðla til 1. bekkinga í landinu til að aðstoða með skreytingar. 1. bekkur í Sjálandsskóla lét ekki sitt eftir liggja og teiknaði fallega fiska sem hafa verið plastaðir og verða sendir norður við fyrsta tækifæri. Ef einhver á leið um Dalvík á Fiskideginum mikla í ágúst nk. gæti hann fundið teikningar af fiskum frá nemendum í 1. bekk í Sjálandsskóla.



Flottir krakkar með fiskana sína

[Lesað meira](#)

17. apríl 2007

Skautuferð hjá 5. - 6. bekk

Nemendur í 5.-6. bekk fóru í skautuferð í gær 16. apríl. Mikil tilprif voru á svellinu og allir skemmtu sér hið besta. Krakkarnir fengu heitt kakó þegar þau gáfu sér tíma til og borðuðu nestið sitt. Góð ferð í alla staði.

[Lesað meira](#)



11. apríl 2007

Raufarhólshellir

Núna eru nemendur í 7. bekk í útilegu ásamt Helga skólustjóra að Lækjarbotnum við Lögbergsbrekku. Þau munu dvelja þar fram á föstudag. Dorin skólaliði og Sigú húsvörður fóru með í gær þar sem mikil hellaskoðun fór fram en þau heimsóttu Raufarhólshelli sem er 1360 metra að lengd og er við Þrengslaveg. Dýptin er 33metra undir yfirborð þegar komið er alla leið inn í botn. Á leiðinni inn var 100 metra kafli þar sem var klaki yfir öllu síðan urð og grjót. Haffa snéri á sig fótinn þegar þau voru komin kílómetur inn en Dorin sýndi mikið þrekvirki og bar hana til baka. Nokkrir fóru alveg inn í botn. Krakkarnir voru dauðþreytt og blaut af rigningu og svita þegar ferðinni lauk en ljómuðu af ánægju er þau komu í skálann við Lækjarbotna við Lögbergsbrekku þar sem þau gistu. Kíkið á myndirnar hjá 7. bekk.



[Lesið meira](#)

11. apríl 2007

Eggin koma

Í dag komu í skólann egg frá bænum Tjörn á Vatnsnesi. Eggin komu með rútu í bæinn. Nemendur munu fylgjast með framvindunni en landnáms hænuungar munu væntanlega líta dagsins ljós í kringum 21. apríl. Skoðið myndirnar í myndasafninu. Heimasíða [bóndans](#)

[Lesið meira](#)



10. apríl 2007

1. bekkur eldar hádegismat

Síðasta dag fyrir páskafrí elduðu nemendur í 1. bekk hádegisverð. Í matinn voru kjötbollur með spaghetti, sósu og salati og mjólkurhristingur í eftirmat. Krakkarnir lögðu svo á borð fyrir bekkinn og borðuðu saman á langborði. Rosa vel heppnað eins og sjá má á myndunum hjá 1.-2. bekk.

[Lesu meira](#)



2. apríl 2007

Íslandsmót barnaskólasveita

Sjálundsskóli átti nú í fyrsta sinn fulltrúa á Íslandsmóti barnaskólasveita sem haldið var nú um helgina. Krakkarnir stóðu sig vel en frekari fréttir frá mótinu og myndir má finna [hér](#)

[Lesu meira](#)



29. mars 2007

Páskabingó

Páskabingó foreldrafélagsins tókst mjög vel. Mikil og góð stemming og ríflega 150 manns í skólanum. Stelpurnar í 7. bekk seldu tækifæriskort sem þær höfðu útbúið sem lið í fjáröflun hjá þeim. Sjáið myndirnar.

[Lesu meira](#)



29. mars 2007

Foreldrafélag og foreldraráð

Kæru foreldrar nemenda í Sjálundsskóla

Nú fer senn að líða að aðalfundi foreldrafélags og foreldraráðs Sjálundsskóla. Árlega eru teknir inn nokkrir nýjir fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð

og því köllum við eftir áhugasömum foreldrum sem vilja taka sæti. Slík þátttaka er gefandi og færir okkur foreldrana nær skólafarfinu. Einnig er þetta kærkomið tækifæri til að hafa áhrif á skólaumhverfi barnanna okkar. Þeir sem vilja gefa kost á sér eru vinsamlegast beðnir að senda tölvupóst til:

[Hrafnhildar Helgadóttur](#) vegna áhuga á setu í stjórn foreldrafélags Sjáländsskóla skólaárið 2007-2008 og

[Ragnýjar Þóru Guðjohnsen](#) vegna áhuga á setu í foreldraráði Sjáländsskóla skólaárið 2007-2008.

[Lesað meira](#)

28. mars 2007

Skákmót

Skákmót var haldið í Sjáländsskóla á mánudaginn. Keppendur voru 16 á ýmsum aldri. Úrslit mótsins urðu:

- 1.sæti Sean með 5 vinninga
- 2.-3. sæti Marteinn og Axel Gunnarsson með 4 vinninga
- 4.-6.sæti Inga Katrín, Ísak Styr og Bjarki með 3 vinninga

Þessum nemendum býðst að fara á Íslandsmót barnaskólasveita í skák sem fer fram 31.mars og 1.apríl n.k. og keppa þar fyrir hönd skólans. Sjáið myndir frá skákmótinu.



[Lesað meira](#)

27. mars 2007

Bingó

Foreldrafélag Sjáländsskóla stendur fyrir Páskabingói miðvikudaginn 28. mars næstkomandi í sal Sjáländsskóla. Bingóið hefst klukkan 18 og áætlað að standi til klukkan 20, eða þar til allir vinningar verða gengnir út.

Fjöldi veglegra vinninga í boði. Seldar verða pizzur og ávaxtasafar í hléi á kr. 250.

Verð á bingóspjaldi er kr. 350.
Mætum öll og eigum ánægjulega bingó-stund saman.
Stjórn foreldrafélags Sjáländsskóla.

[Lesað meira](#)

22. mars 2007

Himingeimurinn

Nemendur í 5.-6. bekk hafa undanfarið verið að vinna með himingeiminn. Þau hafa unnið margvísleg verkefni og fengið heimsókn frá Snævari Guðmundssyni stjórnufræðingi. Kíkið á myndirnar frá vinnu nemenda í 5.-6. bekk með himingeiminn ásamt fullt af öðrum myndum úr starfinu í vetur.

[Lesið meira](#)



22. mars 2007

Upplestrarkeppnin - úrslit

Þann 20. mars var lokahátíð Stróru upplestrarkeppninnar í 7. bekk haldin í sal Tónlistarskólans í Garðabæ. Þátttakendur voru sigurvegarar undankeppna í grunnskólum Garðabæjar og Seltjarnarness. Arna Sirrý keppti fyrir hönd Sjálandsskóla og stóð hún sig mjög vel. Þá las Ásta Þóra frumsamda ljóðið Kisukvæði í hléi og vakti mikla lukku. Sigurvegari keppninnar var einn af fulltrúum Valhúsaskóla á Seltjarnarnarnesi.



[Lesið meira](#)

20. mars 2007

Foreldraverðlaun og Íslensku menntaverðlaunin

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra verða veitt 15. maí 2007 í 12. sinn. Að auki verða veitt hvatningarverðlaun til einstaklinga og skóla ef tilefni þykir til. Sjá nánar í [fréttatilkynningu](#)

Forseti Íslands afhendir ár hvert Íslensku menntaverðlaunin en til þeirra var stofnað af forseta Íslands Ólafi Ragnari Grimssyni á grundvelli hugmynda sem hann kynnti í nýársávarpi 1. janúar 2005 Sjá [auglýsingu](#)

[Lesið meira](#)

20. mars 2007

Frábær skíðaferð

Nemendur og starfsfólk Sjálandsskóla áttu frábæran dag á skíðum í Bláfjöllum í gær. Veðrið lék við okkur og nemendur stóðu sig vel. Margir voru að stíga sín fyrstu skref á skíðum og náðu góðum árangri. Flestir byrjuðu í barnabrekkunni en þeir sem voru meira vanir fóru í aðrar brekkur og stóðu sig líka frábærlega. Það var ánægður hópur sem skilaði sér heim í dagslok. Sjáið finu myndirnar af krökkunum, brekkunum og útsýninu yfir Faxaflóa og austur að Eyjafjallajökli.



[Lesið meira](#)

19. mars 2007

Skíðaferð

Allt bendir til að farið verði í skíðaferðina í dag en erum samt ekki búin að fá staðfestingu á opnun frá starfsmönnum í Bláfjöllum

Viljum biðja foreldra að gæta að því að börnin séu vel klædd því það er mjög kalt.

[Lesið meira](#)

16. mars 2007

Skíðaferð á mánudag

Á mánudaginn er fyrirhuguð skíðaferð. Sjá [auglýsingu](#) sem fór heim með börnunum í dag. Upplýsingar munu birtast hér á heimasíðunni snemma á mánudagsmorgun um hvort opið verður í fjöllunum eða ekki.

[Lesið meira](#)

14. mars 2007

Listadagar í Sjálandsskóla

Á morgun hefjast listadagar í skólanum. Nemendur hafa valið sér viðfangsefni til að vinna að næstu tvo daga í aldursblönduðum hópum. Afraksturinn munu nemendur kynna í stiganum eftir hádegi á föstudaginn. Nánari fréttir af starfi nemenda mun fréttastofa nemenda í skólanum kynna m.a. [hér á heimasíðunni](#).

[Lesað meira](#)

11. mars 2007

Staðan í matarmálum - hvað hefur áunnist?

Foreldraráð og foreldrafélög grunnskólanna í Garðabæ hafa verið að skoða matarmál nemenda í grunnskólum bæjarins. Þau hafa sent frá sér upplýsingablað um hvað hefur áunnist undanfarið í þeim efnum og kynna það [hér](#).

[Lesað meira](#)

8. mars 2007

Opið hús frá 17:00-18:30

Í dag verður opið hús í Sjálandsskóla fyrir börn og forráðamenn sem vilja kynna sér starfsemi skólans. Boðið verður upp á kynningu og myndasýningu á starfi skólans. Kennarar og nokkrir nemendur verða við störf og ræða við gesti. Verkefni og munir nemenda verða til sýnis. Boðið verður upp á kaffi og vöffur.

8. mars 2007

Skemmtileg heimsókn

Það var gaman að fá í heimsókn foreldra og forráðamenn ásamt börnum sem vildu kynna sér starf skólans. Kennarar og nemendur Sjálandsskóla kynntu starfið en myndirnar tala sínu máli. Kíkið á myndir úr skólastarfinu

[Lesað meira](#)



6. mars 2007

Reiknilist í 3.-4. bekk

Núna er í gangi þema hjá 3.-4. best sem þau kalla reiknilist í mörgum myndum. Þau hafa m.a. verið að mæla hæð sína og gerðu mynd af sér í fullri hæð. Niðurstöðurnar setja þau síðan fram í súluritum og línuritum. Nýjar myndir hjá 3.-4. bekk.



[Lesu meira](#)

2. mars 2007

Stóra upplestrarkeppnin

Allir nemendur í 7. bekk tóku þátt í undankeppninni sem fram fór í dag. Arna Sirrý Benediktsdóttir vann og mun verða fulltrúi Sjáländsskóla í keppninni á milli skólanna í Garðabæ sem fram fer 20. mars. Ásta varð í 2. sæti og Haffa í 3. sæti. Þær fengu bókagjöf. Allir nemendur fengu viðurkenningarskjöl. Dómnefnd var skipuð Hrefnu Maríu Ragnarsdóttur bókmenntafræðingi, Ágústi Guðmundssyni kvikmyndagerðarmanni og Helga Grímssyni skólástjóra.



[Lesu meira](#)

28. febrúar 2007

Fræðslufundur - Litbrigði fjölskyldna!

Miðvikudaginn 7. mars halda foreldrafélög grunnskólanna í Garðabæ sameiginlegan fræðslufund kl. 20-22 í Vídalínskirkju.

Sjá auglýsingu [hér](#)

Allir velkomnir og Garðabæingar eru hvattir til að fjölmenna á þennan fræðslufund.

[Lesu meira](#)

21. febrúar 2007

Skemmtilegur öskudagur

Í dag áttu nemendur og starfsmenn Sjálandsskóla ánægjulegan dag saman. Nemendur byrjuðu að undirbúa daginn, m.a. að æfa söng og dans. Síðan hófst skemmtun þar sem nokkrir hópar sýndu dans og allir dónsuðu. Kötturinn var síðan sleginn úr tunnunni á tveimur stöðum. Draugahúsið var opnað niður í kjallara sem nokkrir nemendur höfðu undirbúið og sáu um. Ýmsar þrautir voru í boði, limbó, hoppukastali, vatnsdrykkja ofl. Niðurstöður úr drykkjarkeppninni má finna [hér](#). Búðirnar voru 7. Þær voru bókabúðin Hafmeyjan, Soffía frænka, Skátabúðin, Mökkakaffi, Skíðabúðin, Pizzahúsið og Shop USA. Þar sungu nemendur ýmsa söngva sem þeir höfðu undirbúið og fengu að launum sælgæti. Allir fengu vænan poka með sér af slíku. Þetta var mjög ánægjulegur dagur með hressum og jákvæðum krökkum.



Heiðrún sló köttinn úr tunnunni og Natallía líka.

[Lesið meira](#)

20. febrúar 2007

Öskudagur

Það verður skemmtilegt á öskudegi í Sjálandsskóla á morgun! Skóladagurinn hefst á hefðbundnum tíma en skóladeginum lýkur kl. 12:30. Börnin mega koma í öskudagbúningum í skólann og verður kennsla samkvæmt stundarskrá í fyrsta tíma. Kl. 10:15 hefst öskudagsskemmtun með dansi, limbó, hoppukastala, ýmsum þrautum og draugahúsi og að sjálfsgöðu verður sleginn köttur úr tunnunni. Skemmtunin stendur fram að hádegisverði, kl. 12:15. Nemendur geta einnig heimsótt "verslanir" í skólanum á meðan skemmtun stendur og fengið að launum sælgæti fyrir vel flutt söngatriði. Að loknum hádegisverði er tómstundaheimilið opið fyrir þá sem það vilja. All nokkrir nemendur komu með sælgæti í dag til þess að afhenda í "verslunum" á morgun en betur má ef duga skal og hvetjum við því foreldra eindregið til þess að koma sælgæti til skrifstofu skólans á morgun.



Fimleikahópur Stjörnunnar og Björk ætlar að standa fyrir Öskudagsskemmtun í stóra salnum Ásgarði fyrir krakka á aldrinum 6 - 12 ára á öskudaginn. Sjá [hér](#).

[Lesið meira](#)

9. febrúar 2007

Vetrarfrí - skíðaferð

Nú um helgina hefst vetrarfrí nemenda í Garðabæ. Vonum að allir hafi það sem best og við hlökkum til að hittast endurnærð á bolludaginn 19. febrúar.

Í vikunni fór heim bréf um fyrirhugaða skíðaferð skólans en hún verður farin þegar færi gefst. [Hér er bréf um það](#)

[Lesið meira](#)



8. febrúar 2007

Margt skemmtilegt hjá 3.-4. bekk

Eftir áramót hafa nemendur í 3.-4. bekk verið að vinna að þemanum "Íslenska, málið mitt". Í því sambandi fóru þau í nokkrar heimsóknir, í Morgunblaðshúsið og í Bókasafn Garðabæjar. Þá



Læra réttu handtökin

lærðu þau um íslenska fánann og fleira. Myndir af þessari vinnu ásamt öðru eru komnar inn á myndasíðu 3.-4. bekkjar.

[Lesið meira](#)

7. febrúar 2007

Heimaping hjá 5.-7. bekk

Haldið var heimaping með nemendum 5.-7. bekkjar um matarmál í gær. Þar voru nemendur beðnir um að tilgreina u.þ.b. þrjár máltíðir sem að þeirra mati voru vel heppnaðar, þrjár illa heppnaðar og síðan ávexti og grænmeti sem þau teldu gott að snæða. Vinsælasti maturinn er pizza, síðan hamburgarar og í þriðja sæti

grjónagrautur. Versti maturinn var buff, bjúgu og fiskur. Vinsælastu ávextirnir eru appelsínur, epli og ananas. Þá voru almennar umræður um fyrirkomulagið í skólanum. 30 af 50 nemendum nota salatbarinn. Nemendur höfðu á orði að það væri örugglega betra að það væri eldhús í skólanum og að það væri gott að fá matinn á borðið. Nokkrir tjáðu sig um það að maturinn væri almennt ekki nógu góður.

[Lesu meira](#)

5. febrúar 2007

Salatbar í hádeginu

Salatbar hefur verið settur upp í Sjálandsskóla. Nemendum í mataráskrift gefst þannig kostur á að auka enn frekar fjölbreytni í hádegisverði með því að gæða sér á fersku grænmeti úr salatbarnum. Fjölmargir nemendur hafa tekið þessari viðbót fagnandi.

[Lesu meira](#)



30. janúar 2007

Upprennandi listamenn

Nokkrir nemendur í 1. bekk Sjálandsskóla fengu það skemmtilega verkefni að mála málverk til þess að prýða setustofu starfsmanna. Þeir notuðu málverk eftir Kristján Davíðsson sem fyrirmynd og afrakstur vinnunnar er hreint stórglæsilegur eins og sjá má á þessari mynd.

[Lesu meira](#)



24. janúar 2007

Gegn einelti í Garðabæ

23. janúar 2007

Niðurstöður foreldrakönnunar

Nú hefur verið gefin út skýrsla um niðurstöður foreldrakönnunar frá því í desember og má sjá hana undir tenglinum "Útgáfa". Niðurstöður hennar eru góður vegvísir fyrir skólastarfið á komandi mánuðum. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá að 98% foreldra segjast mæla vel með skólanum til annarra foreldra. [Skoða skýrsluna](#)



[Lesi meira](#)

22. janúar 2007

Gegn einelti í Garðabæ

Vikuna 22. - 26. janúar verður, í grunnskólum Garðabæjar, lögð sérstök áhersla á verkefni sem tengjast forvörnum gegn einelti. Markmiðið er að fjalla um jákvæð samskipti og vinna með viðhorf skólasamfélagsins. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni tengd viðfangsefninu og verða þau kynnt sérstaklega í hverjum skóla. Nemendur fá heim með sér [bækling](#) um hvað einelti er, ráð til foreldra og viðbrögð skólanna við einelti. Það er samstarfshópur skólanna „Gegn einelti í Garðabæ“ sem lét hana og gefa út bæklinginn og veggspjöld sem minna á ógnir eineltis. Hönnuður veggspjaldanna er foreldri í Garðabæ, Sveinbjörg Jónsdóttir. [Skoðið veggspjöldin](#) Foreldrafélag Sjáländsskóla hefur sent bréf til allra foreldra í tilefni af forvarnavikunni. Sjá [hér](#)



[Lesi meira](#)

11. janúar 2007

Snjók orn falla..

..

11.
janúar
2007

Nýir kenn arar

Nú hafa
tekið til
starfa
við
skólann
Hrafnhil
dur

Sigurðar

dóttir umsjónarkennari í 3.-4. bekk vegna
fæðingarorlofs Sesselju. Samúel Ívar
Árnason íþróttakennari er byrjaður að
leysa Hrafnhildi Sævarsdóttur af og mun
svo alfarið sjá um íþróttakennsluna er
Hrafnhildur fer í fæðingarorlof í næsta mánuði. Við bjóðum þau hjartanlega
velkomin í hópinn.



[Lesu meira](#)

9. janúar 2007

Könnun á viðhorfi foreldra til vetrarfría

Í grunnskólum í Garðabæ hafa skóladagatöl undanfarin ár verið samræmd með tilliti til starfsdaga og vetrarfría. Þessi sömu ár hafa nemendur fengið fimm daga vetrarfrí á vorönn þaraf eru tveir dagar skipulagsdagar kennara. Nú er komin nokkur reynsla á þetta fyrirkomulag í grunnskólunum í Garðabæ. Því vill skólaskrifstofan kanna hug og viðhorf forráðamanna til sameiginlegra starfsdaga og vetrarfría í grunnskólum í Garðabæ. Verða niðurstöður þessarar könnunar hafðar til hliðsjónar við skipulag skólstarfs næstu árin.

Vinsamlega hafið í huga að þriggja daga vetrarfrí þýðir að skólaárið lengist um þrjú daga. Byrjar fyrr að hausti og/eða lýkur síðar að vori. Á tímabilinu frá því að skóli hefst þar til að jólaleyfi eru engir almennir frídagar. Haustönn er því mjög löng samfelld vinnulota fyrir nemendur. Skóladagar nemenda eiga að vera 180 á

tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Séu engin vetrarfrí gefin geta skólarnir því hafið starf sitt eftir 20. ágúst og skólaslit verið fyrir 10. júní svo framarlega sem skóladagar nemenda eru ekki færri en 180.

Könnunin hefur verið send á eitt virkt netfang sem tengt er nafni barns þíns/ykkar í grunnskólum Garðabæjar. Umhverfi könnunarinnar er á ensku og er beðist velvirðingar á því. Vonar skólaskrifstofan að það hindri engan í að svara könnuninni.

Spurningar í þessari könnun eru innan við 10 og það ætti ekki að taka nema nokkrar mínútur að svara þeim. Það er mikilvægt fyrir alla aðila að þátttaka í könnuninni sé góð svo niðurstöðurnar geti verið leiðbeinandi um skipulag skólastarfs í grunnskólum í Garðabæ.

[Lesið meira](#)

8. janúar 2007

Gleðilegt ár 2007

20. desember 2006

Jólaskemmtun

Nemendur og starfsmenn áttu skemmtilegan síðasta skóladag fyrir jól. Byrjað var í stiganum þar sem nemendur fluttu helgileik og fjölmörg önnur atriði. Mjög fjölbreytt og flott dagskrá hjá krökkunum. Síðan var farið á bókasafnið og dansað í kringum jólatréð. Dagurinn endaði síðan inn á heimasvæði á notalegri stund. Sjáið allar flottu myndirnar í myndasafninu.

Starfsfólk Sjálandsskóla sendir foreldrum og forráðamönnum, nemendum og öðrum velunnurum skólans bestu jólakveðjur með ósk um gleði og frið á nýju ári.

[Lesið meira](#)



19. desember 2006

Kirkjuferð og morgunsöngur

Í dag hefur verið fjölbreytt dagskrá. Dagurinn byrjaði á söng og skemmtun Ómars Ragnarssonar í morgunsöng. Einnig fluttu nokkrir hópar nemenda söng og leikþætti og blokkflautunemendur spiluðu fyrir okkur. Allir nemendur og starfsmenn fóru síðan í kirkjuferð í Garðakirkju þar sem séra Jóna Hrönn Bolladóttir tók á mótum okkur. Í hádeginu var síðan hangikjötsveisla. Meðfram þessu hafa nemendur verið að leggja lokahönd á jólagjafir og æfa atriði fyrir jólaskemmtunina á morgun. Þá hefst skólinn kl. 9 með helgileik og skemmtiatriðum síðan er dansað kringum jólatréð og loks litlu jól með umsjónarkennara. Skóla lýkur kl. 11:30.

[Lesu meira](#)



15. desember 2006

Jólaferð í Lækjarbotna

Sjöundi bekkur Sjáländsskóla fór í gístiferð í Lækjarbotna í lok vikunnar. Í ferðinni var æft jólaleikritið, farið í gönguferðir, rennt sér í snjónum, haldin hæfileikakeppni, spilað og farið í næturleik sem endaði með varðeld og grilluðum sykurlúðum. Krakkarnir sáu sjálfir um matseld enda var veislumatur í hverja máltíð. Ólafur Schram umsjónarkennari í feðraorlofi var sérstakur heiðursgestur í hátíðarkvöldverði. Frábær ferð með frábærum krökkum



[Lesu meira](#)

14. desember 2006

Síðustu dagar fyrir jól

Fyrirkomulag síðustu daga fyrir jólafrí verður með þessum hætti:

18. desember—mánudagur

Kennsla samkv. stundaskrá. Ómar Ragnarsson kemur í boði foreldrafélagsins og tekur lagið í morgunsöng kl. 8.25

19. desember—þriðjudagur

Kennsla samkv. stundaskrá Jólástund í Garðakirkju klukkan 11:00 Hátíðarmatur í mótuneytinu fyrir alla nemendur.

20. desember—miðvikudagur

Jólaskemmtun hjá öllum nemendum klukkan 9:00 –11:30

Dagskrá.

Skemmtiatriði og helgileikur

Dansað í kring um jólatréð

Litlu jól með umsjónarkennara

Þennan dag mætum við sparibúin og höfum með okkur gosdrykk. Foreldrar eru velkomnir á jólaskemmtunina.

Fyrsti skóladagur 2007 er föstudagurinn 5. janúar og hefst samkvæmt stundaskrá.

[Lesið meira](#)

13. desember 2006

Ný gjaldskrá tómstundaheimilis

Ný gjaldskrá tómstundaheimila í Garðabæ tekur gildi 1. janúar 2007. Gjaldskrá má finna [hér](#).

[Lesið meira](#)

13. desember 2006

Garðabær gerir samning við Alþjóðaskólann

Í dag var skrifað undir samning á milli Garðabæjar og Alþjóðaskólans. Alþjóðaskólinn mun hafa starfsstöð hér í Sjálandsskóla næstu tvö árin. Nemendur í 2. bekk í Sjálandsskóla og yngri nemendur Alþjóðaskólans sungu saman. Íslensku nemendurnir sungu á ensku en börnin í Alþjóðaskólanum á íslensku. Í myndasafninu má sjá Gunnar bæjarstjóra og Bertu skólustjóra Alþjóðaskólans skrifa undir samninginn og krakkana syngja svo fallega.



[Lesið meira](#)

7. desember 2006

Uppskriftir

Í jólaþemanu á þriðjudag og miðvikudag bökuðu nemendur kökur og konfekt. Þetta voru kókóskúlur, marshmallows-kökur og kókóskökur. Uppskriftir af þessum má finna [hér](#).

[Lesið meira](#)

5. desember 2006

Jólaþema

Í dag og á morgun er unnið að ýmsum jóla verkefnum. Nemendur völdu sér verkefni og vinna í aldursblönduðum hópum að 4 mismunandi verkefnum. Í boði er kertagerð, bakstur, konfektgerð, laufabrauð, jólakort, spil, jólaskraut og gluggaskraut. Nemendur unnu vel og margir fallegir munir urðu til. Sjá myndir úr skólafarfinu.

[Lesið meira](#)



Nemendur að útbúa kerti

1. desember 2006

Fullveldisdagurinn

Í morgunsöng voru nemendur í 7. bekk með fræðslu um fullveldisdaginn 1. desember. Þau fluttu texta og sýndu myndir af lífi Íslendinga í kringum 1918. Þetta var mjög flott og fróðlegt hjá þeim. Einnig spiluðu Róbert, Thelma og Krístrún á hljóðfæri.



[Lesið meira](#)

30. nóvember 2006

Diskótek

Diskótek var haldið hjá 5.-7. bekk í skólanum í gær. Nemendur voru búnir að undirbúa skemmtunina mjög vel og skreyta. Þemað var bleikt og svart. Diskótekið var á bókasafninu og sá diskótekið Dísu um tónlistina. Einnig stjórnaði diskótekarinn ýmsum dónsum og leikjum sem nemendur tóku fullan þátt í. Pizzur voru síðan snæddar á langborði. Flott skemmtun hjá krökkunum. Sjá myndir úr skólastarfinu.



[Lesu meira](#)

27. nóvember 2006

Leikhúsförð - Foreldrafélag

Laugardaginn 9. desember stendur foreldrafélag Sjálandsskóla fyrir leikhúsförð fyrir nemendur og foreldra og, eftir atvikum, aðra vini og vandamenn. Leikritið nefnist "Réttu leiðin" og er sýnt í Borgarleikhúsinu. Leiksýningin hefst kl. 13:00 og stendur í u.þ.b. 1. klst. Verðið á sýninguna er kr. 1400 per miða. Í framhaldi af sýningunni, kl. 14:30, verður jólakaffi í Sjálandsskóla. Þar verður nemendum boðið upp á veitingar og foreldrum seldar veitingar á vægu verði. Nemendur munu syngja jólalög og lesin verður jólasaga. Miðar hafa verið teknir frá í Borgarleikhúsinu og er gert ráð fyrir því að foreldrar kaupi miða beint af leikhúsinu. Síðasti dagur til að kaupa/staðfesta pöntun miða er nk. þriðjudagur, 28. nóvember. Frekari upplýsingar [hér](#).

20. nóvember 2006

Lestraráttak


Í síðustu viku á degi íslenskrar tungu hófst lestrarátak í skólanum sem stendur fram að næstu helgi. Skráð er hversu margar blaðsíður nemendur lesa heima og í skólanum. Hér til hliðar má sá sameiginlegan lestur nemenda s.l. fimmtudag og föstudag. Bláa súlan er heimalestur og rauða súlan skólalestur. Á föstudaginn var samtals búið að lesa 2983 blaðsíður.

[Lesu meira](#)

16. nóvember 2006

Dagur íslenskrar tungu

Í tilefni af degi íslenskrar tungu fóru nemendur Sjáländsskóla í heimsóknir til nokkurra fyrirtækja og stofnana í bænum. Nemendunum var skipt í 5 aldursblandaða hópa sem höfðu æft íslensk sönglög. Einn hópur fór í Vistor og Garðaskóla, annar fór í Fjölbrautarskóla Garðabæjar, þriðji fór á Dvalarheimilið Holtsbúð, fjórði fór í Marel og fimmti hópurinn fór í nýju Ikea verslunina. Allsstaðar var tekið mjög vel á móti hópunum og viljum við þakka þessum fyrirtækjum/stofnunum fyrir það.



[Lesu meira](#)

13. nóvember 2006

Sælukot

Það er alltaf líf og fjör í Sælukoti, tómstundaheimlinu. Nú eru komnar inn nýjar myndir frá hrekkjavökunni og ýmsu öðru. Einnig er nýlegt fréttabréf að finna þar.

[Lesu meira](#)



10. nóvember 2006

Jól í skókassa

Nemendur í 2. bekk útbjuggu jólapakka og kveðju til fátækra barna í Úkraínu. Þetta er verkefni á vegum KFUM og KFUK. Í dag voru allar gjafirnar tilbúnar og ætluðu krakkarnir að fara og afhenda pakkana en vegna veðurs fór Sigú umsjónarmaður með pakkana. Sjáið fínu myndirnar af krökkunum við vinnuna.

[Lesið meira](#)



8. nóvember 2006

Samvinna í eðlis- og efnafræði

Í nóvember vinna nemendur í 7. bekk að nýju þema í eðlis- og efnafræði sem nefnis eðli- og efni. Nemendur munu fræðast um ýmis sérkenni efna og vinna að fjölbreyttum tilraunum í samvinnu við nemendur í Alþjóðaskólanum. Þess vegna fer kennslan að hluta til fram á ensku. Sjáið myndir á myndasíðu 7.bekkjjar.

[Lesið meira](#)



7. nóvember 2006

Stefán Karl fjallar um einelti

Í morgun hlustuðu allir nemendur skólans á Stefán Karl leikara flytja erindi um einelti. Erindið var flutt af netinu en Stefán Karl er staddur í Kaliforníu. Nemendur fylgdust af áhuga með Stefáni Karli sem náði athygli allra með frábærri framsetningu á efninu. Hann hvatti krakkana til að tala við foreldra og forráðamenn um málefnið. Einnig benti hann á heimasíðu [Regnbogabarna](#) en þar er hægt að fá aðstoð og upplýsingar.



Í kvöld flytur síðan Stefán Karl fyrirlestur fyrir foreldra um einelti sem haldinn verður í skólanum kl. 20:00.

[Lesið meira](#)

1. nóvember 2006

Diddú í heimsókn

Í dag fengum við frábæra heimsókn er Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari héldu tónleika. Diddú lék á alls oddi í söng og leik og kynnti fyrir krökkunum hið öfluga hljóðfæri sem röddin er. Hún flutti íslensk lög og vísur og krakkarnir tóku stundum undir. Einnig flutti hún nokkur atriði úr óperum. Frábær skemmtun. Sjáið myndirnar á myndasíðu skólans.

[Lesið meira](#)



Brúðan

30. október 2006

Skáknámskeið og tæknilegó

Nú er í boði mjög spennandi námskeið fyrir nemendur. Í boði er að skrá sig á námskeið í skák og tæknilegói. Nánari upplýsingar er að finna [hér](#)

[Lesið meira](#)

30. október 2006

Ólafur tónmenntakennari

Ólafur tónmenntakennari sem er í feðraorlofi kom í heimsókn fyrir helgi ásamt börnum sínum. Gabriela er 4 ára og Matthías Hrafn 2 mánaða. Þau voru hress og kát eins og sjá má á myndinni.

[Lesið meira](#)



27. október 2006

Heimilisvika

Nú stendur heimilisvika sem hæst. Nemendur eru að vinna að ýmsum heimilisstörfum heima og í skólanum. Nemendur í 5.-6. bekk fóru í innkaupaleiðangur í morgun og keyptu inn morgunmat sem þau útbjuggu síðan og snæddu í huggulegheitum. Sjáið myndir af fjölbreyttum morgunverðarborðum á myndasíðu 5.-6. bekkjar.



Fjölbreyttur morgunverður hjá stúlkunum.

[Lesu meira](#)

25. október 2006

Íþróttadagurinn

Fjölbreytt dagskrá var á íþróttadaginn sem var í gær. Nemendur unnu í aldursblönduðum hópum á 8 stöðvum sem flestar voru úti. Í boði var að fara í fótbolta, brennó, körfu, furðuleika, þrautabrautir, borðtennis, limbó, frisbee og hoppukastala. Kalt var í veðri en það kom ekki að sök hjá þeim sem voru vel klæddir.



[Lesu meira](#)

20. október 2006

Skipulagsdagur kennara

Mánudaginn 23. október er starfsdagur/skipulagsdagur kennara í grunnskólum Garðabæjar. Þennan dag fellur niður öll kennsla í Sjáländsskóla.

Þriðjudaginn 24. október er íþróttadagur í Sjáländsskóla. Mest öll kennsla fer fram úti þennan dag og viljum við eindregið benda á að börnin komi vel klædd.

[Lesu meira](#)

19. október 2006

Skórinn minn - 2. bekkur

Í gær opnaði sýningin "Skórin minn" en þar eru sýndir skór sem nemendur í 2. bekk unnu sem sitt fyrsta verk í smíðum hjá henni Eddu Björg smíðakennara. Sýningin er á bókasafni skólans og hvetjum við foreldra til að koma við og skoða sýninguna. Nemendur þússuðu og máluðu og þræddu og reimuðu skóinn sinn. Nokkrar myndir er að finna á myndasíðu 1.-2. bekkjar en sjón er sögu ríkari.



[Lesu meira](#)

17. október 2006

Gjöf frá Marel

Í dag voru skólanum færðar 6 víðsjár og 6 smásjár að gjöf frá fyrirtækinu Marel. Starfsmenn Marels komu og afhentu þessa höfðinglegu gjöf sem á eftir að nýtast nemendum og starfsfólki skólans einstaklega vel í tengslum við rannsóknir á náttúrunni og öðru í umhverfi okkar. Nemendur fengu síðan að prófa tækin sem vöktu mikla hrifningu og margar spurningar. Sjáið myndir á myndasíðu skólans.



[Lesu meira](#)

10. október 2006

Heimaþing

Í dag var fyrsta heimaþingið hjá 5.-7. bekk. Þá komu allir nemendur og starfsmenn saman í íþróttasal og ræddu saman. Þarna er vettvangur fyrir nemendur og starfsmenn til að taka upp mál sem brenna á þeim. Í dag var m.a. rætt um skólabyrjunina. Nemendur eru hvattir til að leggja eitthvað til málanna. Heimaþing verða haldin reglulega í vetur. Heimaþing yngri nemenda var haldið í gær.



[Lesameira](#)

9. október 2006

7. bekkur á Árbæjarsafni

Nemendur 7. bekkjar fóru í dag í vettvangsferð í Árbæjarsafni. Ferðin var farin í tengslum við þemaverkefnið "Ein grjóthrúga í hafinu" en í því er fjallað um Ísland fyrr á öldum. Sérstök áhersla var lögð á að skoða elsta húsið, gamla Árbæinn en hann er að hluta torfbær. Að sjálfsgöðu var síðan skoðuð sýningin um diskó og pönktímabilið. Skoðið myndirnar úr ferðinni.



[Lesameira](#)

6. október 2006

1.-2. bekkur í ferð í Hellisgerði

Nemendur í 1. og 2. bekk fóru í dag með strætó suður í Hafnarfjörð. Þau fóru í náttúrskoðun í Hellisgerði í frábæru veðri.

[Lesameira](#)



Glaðir strákar

2. október 2006

Námskynningar hjá 1. 2. 3.-4. og 5. - 6. bekk

Í þessari viku og næstu eru námskynningar. Foreldrum er boðið í skólann til að hitta umsjónarkennara og kynnast starfinu í hópunum. Börnin eru velkomin með.

- 1. bekkur þriðjudaginn 3. okt. kl. 18-19
- 2. bekkur miðvikudaginn 4. okt. kl. 18-19
- 3.-4. bekkur mánudaginn 9. okt. kl. 17:30-18:30

5.-6. bekkur þriðjudaginn 3.okt kl. 17:30-18:30

[Lesi meira](#)

2. október 2006

Til hamingju strákar

Foreldrafélög skólanna í Garðabæ stóðu fyrir fótboltafóti fyrir stráka fædda 1995 s.l. laugardag. Öflugt lið frá Sjáländsskóla tók þátt í þessu móti ásamt liðum frá Flataskóla og Hofstaðaskóla. Strákarnir í Sjáländsskóla unnu alla sína leiki og þar með mótið. Til hamingju strákar!

[Lesi meira](#)

28. september 2006

Kidpix myndir

Nemendur í 3.-4. bekk notuðu Kidpix teikni- og margmiðlunarforritið til að teikna tré í tengslum við trjáþemað. Á sama tíma kynntum við helstu teikniáhöld í forritinu fyrir nýjum nemendum sem lærðu líka hvar við vistum gögnin okkar. Myndirnar þeirra eru mjög flottar eins og sjá má á myndasíðu 3.-4. bekkjar



[Lesi meira](#)

26. september 2006

Námskynning hjá 7. bekk

Nemendur 7. bekkjar voru með námskynningu í gær. Kennarinn fjallaði um Sjáländsskóla og starfið í 7. bekk. Nemendur fluttu fyrirlestra um skýstróka, fellibyli og ísöld, foreldrar tóku mínútupróf og svöruðu spurningum um veður og síðan var farið í kynnisferð um skólann. Að endingu var boðið upp á veitingar sem nemendur höfðu bakað fyrir um daginn: súkkulaðiköku, kanilsnúða, rice rispieskókur, haframjöls muffins og



brauðstangir.

[Lesað meira](#)

26. september 2006

Köngulóarvefurinn

Köngulóarvefurinn er einn þekktasti hópeflisleikur í heimi. Hann byggist á því að hópur þarf að komast í gegnum risaköngulóarvef án þess að snerta strengi hans. Mikilvægt er að tala saman og skipuleggja hvernig best er að leysa þessa þraut. Þannig geta hópmeðlimir hjálpað þeim sem er að fara í gegn með því að gefa þeim stuðning eða lyfta. Nemendur í 3.-4. bekk voru í þessum leik um daginn og reyndi það töluvert á samvinnuna. En þau voru mjög dugleg.



[Lesað meira](#)

26. september 2006

Uppskeruhátíð í 3.-4. bekk

Þemanu um tré lauk á föstudaginn með veglegri uppskeruhátíð. Nemendur útbjuggu veislurétt úr kartöflunum sem þau tóku upp fyrir í vikunni, skreyttu svæðið og settu upp veisluborð. Rætt var um borðsiði og hvernig maður ber sig að í veislum sem þessari. Óvænt uppkoma var er nokkrir nemendur settu upp leikrit sem þeir höfðu æft í frímínútum. Sjáið myndirnar á myndasíðu 3.-4. bekkjar.

[Lesað meira](#)



22. september 2006

Fjölbreytt vika

Þetta hefur verið fjölbreytt og skemmtileg vika. Nemendur eru að klára þemu um tré og gróður og var uppskeruhátíð hjá 3.-4. bekk í dag. Nemendur í 1.-2. bekk hafa verið að kynna sér fiska og höfðu áhuga á að vita hvað væri inni fiskunum. Sígu umsjónarmaður setti út net og í þau komu nokkrir fiskar sem voru krufnir og nemendur fylgdust með af miklum áhuga.

[Lesu meira](#)



Eru tennurnar beittar??

22. september 2006

Ársskýrsla foreldraráðs

Ársskýrsla foreldraráðs er komin á heimasíðuna og upplýsingar um nýtt foreldraráð fyrir skólaárið 2006-2007. Upplýsingar er að finna undir Foreldraráð hér á síðunni til vinstri.

[Lesu meira](#)

22. september 2006

Skilaboð frá Matarlyst

Ýmis skilaboð frá Matarlyst sem sér um hádegismatinn í skólanum er að finna [hér](#).

[Lesu meira](#)

18. september 2006

Aðalfundur foreldrafélags og foreldraráðs Sjálandsskóla

Þriðjudaginn 19. september verður aðalfundur foreldrafélags og foreldraráðs Sjálandsskóla. [Sjá auglýsingu með dagskrá hér](#).

Enn vantar stjórnarmenn í foreldrafélag Sjálandsskóla og varamann í foreldraráð Sjálandsskóla.

Ef fólk vill starfa í stjórn foreldrafélagsins þá vinsamlegast hringið í Þórodd í síma 860-3167 eða sendið tölvupóst á thoroddur@hugvit.is

Ef fólk vill starfa sem varamaður í foreldraráðinu þá vinsamlegast hringið í Ragný í síma 894-0715 eða sendið tölvupóst á ragny@sjonlag.is

[Lesað meira](#)

18. september 2006

Hjólaferðir í íþróttum

Í síðustu viku fóru nemendur í hjólaferðir með Hrafnhildi íþróttakennara. Nemendur fóru út á smábátahöfnina á Kársnesi í Kópavogi, framhjá Smáralind og svo styttri ferðir. Allir fóru eftir reglum sem settar voru og stóðu sig eins og hetjur – það er ekkert mál að fara með nemendur í hjólaferð þegar það gengur svona vel.

[Lesað meira](#)



14. september 2006

Skólapeysur

Skólaflispeysurnar eru nú aftur fáanlegar. Foreldrafélög Sjálandsskóla, Flataskóla og Hofsstaðaskóla standa þar að sameiginlegu verkefni.

Mátunartími er frá 12. - 23. september hjá 66° norður Miðhrauni 11, 210 Garðabæ - s: 535-6606. Ópið er í versluninni alla virka daga frá kl. 8:00-18:00 og á laugardögum frá kl. 10:00-14:00. Afgreiðslutími peysanna verður auglýstur síðar.



Pöntunarseðil fyrir peysurnar er að finna undir eyðublöð hér til vinstri.

[Lesað meira](#)

13. september 2006

25 metra steypireiður

Þemaverkefnið hjá okkur í 1. bekk núna er um hafið. Í gær vorum nemendur að spjalla um hvaða dýr í sjónum væri stærst og hvaða minnst. Steypireiðurinn er stærsta dýrið og til að átta sig betur á því hversu stór hann er fór þau út á skólalóð og teiknuðu hann á malbikið með krítum í réttri stærð. Sjáið finu myndirnar af krökkunum á síðunni hjá 1.-2. bekk.



Hvað þarf marga nemendur til að mæla 25 metra?

[Lesu meira](#)

12. september 2006

Ráðherra í heimsókn

Í dag fengum við góða heimsókn er frú Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra heimsótti skólann. Fulltrúar nemenda þau Þórhallur og Karólína fylgdu ráðherra um skólann og sögðu frá skólastarfinu ásamt Helga skólastjóra. Nemendur tóku vel á móti gestunum sem fengu tækifæri til að hitta nemendur og starfsmenn við leik og störf.



[Lesu meira](#)

11. september 2006

Skilaboð frá íþróttakennara

Hrafnhildur íþróttakennari vill koma því áleiðis að mikilvægt er að nemendur komi í íþróttafötum á þeim dögum sem íþróttir eru á stundaskrá. Þannig eiga börnin auðveldara með að hreyfa sig og taka þátt í tímunum. Þau eru í útiíþróttum fram í október. Eftir það er annar tíminn inni og hinn úti en nánari skilaboð verða send um það er nær dregur. Ef nemendur eiga ekki að taka þátt í tímum vegna veikinda eða annarra orsaka ber þeim að koma með miða frá foreldrum þar um.

[Lesu meira](#)

11. september 2006

Fyrsti enskutíminn hjá 3.-4. bekk

Í dag fékk hluti af 3.-4. bekk heimsókn frá Alþjóðaskólanum. Elizabet Nunberg sem kennir þar kom og fór með þau út þar sem farið var í ýmsa leiki og í gegnum þá var verið að kenna ensku. Elizabet mun hitta krakkana nokkrum sinnum núna og svo aftur síðar í vetur.

[Lesið meira](#)



11. september 2006

Útikennsla í Hellisgerði

Í dag fóru nemendur í 5.-6. bekk í haustlitaferð í Hellisgerði í Hafnarfirði í tengslum við þemað um haustið. Ferðin tókst mjög vel eins og sjá má á myndunum í myndasafni 5.-6. bekkjar.

[Lesið meira](#)



1. september 2006

Útivera og gróðursetning

Áttum frábæran dag í Guðmundarlundi og Sandahlíðinni við leik og störf. Allir nemendur gróðursettu tré í hlíðinni og síðan voru grillaðar pylsur. Krakkarnir voru frábærlega dugleg í hinum ýmsu leikjum og rannsóknarleiðöngrum í skóginum. En myndirnar tala sínu máli.

[Lesið meira](#)



31. ágúst 2006

Kajakferð hjá 5.-6. bekk

Allir nemendur í 5.-6. bekk eru búnir að fræðast um róðrartök og siglingu á kajak. Farið var frá skólanum í fallegu veðri útfyrir landfyllinguna. Myndirnar tala sínu máli. Sjá myndir hjá 5.-6. bekk.

[Lesið meira](#)



Þórhallur og Sigú

31. ágúst 2006

Gróðursetningarferð á morgun

Á morgun föstudaginn 1. sept. fara allir nemendur og starfsmenn skólans í gróðursetningarferð. Farið verður með rútum í Guðmundarlund og gengið þaðan í Sandahlíð sem er skógræktarsvæði Garðabæjar.

Síðan verða grillaðar pylsur og farið í leiki. Við verðum úti allan daginn og því mikilvægt að allir séu vel búnir. Við minnum sérstaklega á húfur og utanyfirflíkur.

Ef forráðamenn eiga leið um skógræktarsvæðið eða hafa áhuga á að gróðursetja með okkur á morgun þá hvetjum við þá til að kíkja á okkur.

[Lesið meira](#)

29. ágúst 2006

Óskilamunir

Starfsfólk **Íþróttaskóla Stjórnunnar og Heilsuskólans** okkar þakkar öllum krökkum fyrir þátttökuna í sumar 2006. Við áttum margar góðar stundir og gerðum fullt af fjölbreytilegum og skemmtilegum hlutum saman.

Það eru ansi margir **óskilamunir** eftir sumarið, s.s. yfirhafnir, stígvél, regngallar, flíspeysur og nestisbox. Allt þetta og margt fleira er hægt að finna í Íþróttamiðstöð Ásgarðs; talið við starfsfólk í afgangi.

Við óskum öllum krökkum í Garðabæ velgengni í skólastarfinu, sem og í tómstundastarfi og íþróttaiðkun í vetur.

Verið dugleg og samvirkusöm við lærdóminn, borðið hollan mat, hreyfið ykkur nægilega mikið, burstið tennurnar vel og farið snemma að sofa. Þá uppskerið þið góðan árangur á mörgum sviðum. Hlökkum til að sjá ykkur næsta sumar !!

Fyrir hönd allra sem komu að íþrótt- og leikjanámskeiðinu í sumar 2006, Ásgerður Guðmundsdóttir umsjónarkona Íþróttaskóla Stjórnunnar og Heilsuskólans okkar.

[Lesið meira](#)

25. ágúst 2006

Einræingar vígðir

Í dag vígðu stelpurnar í 7. bekk Sjálandsskóla einræinga (kajaka) skólans. Einræingarnir voru að hluta til keyptir með styrk úr 19. júní sjóði og eru þeir samtals sjö. Byrjað var á að leiðbeina stelpunum um öruggatriði og róðratök og síðan róid út fyrir landfyllinguna á Sjálandi og inn í ylströndina við leikskólann Sjáland. Fannst stelpunum þetta heilmikið ævintýri og mikil áskorun. Þegar stelpurnar voru búnar að spreyta sig var komið að strákunum. Á næstu dögum fá nemendur 5. og 6. bekkjar einnig að upplifa róðra á Arnarnesvogi. Markmiðið er að þjálfa nemendur 5.-7. bekkjar í meðferð bátanna í haust og stefnt á dagsferð til Bessastaða í vor með viðkomu hjá Gálgakletti. Sjáið myndir úr ferðinni undir Myndir úr 7. bekk hér til hægri.



Hressar stelpur í 7. bekk

23. ágúst 2006

Fyrsti skóladagurinn

Það var frábær hópur nemenda sem mætti í skólann í morgun. Helgi skólastjóri bauð alla velkomna. Margir nýir nemendur bættust í hópinn og bjóðum við þau hjartanlega velkomin. Farið var yfir skólareglurnar og síðan hófst söngurinn. Við syngjum alltaf tvö lög á morgnanna. Síðan fóru allir inn á sín heimasvæði. Nemendur fóru síðan í kynnisferðir um skólann og tóku til við hin margvíslegu verkefni. Vinnan fór fram bæði inni og úti. Nokkrir hópar fóru niður í fjöru og fundu krabba sem fóru í sjávarbúrið. Farið var í samvinnuleiki úti og inni. Við bjóðum einnig velkomna nemendur úr Alþjóðaskólanum sem eru hér í skólanum með okkur. Það verður gaman að kynnast þeim. Welcome kids in the International School. Á morgun er ekki heitur matur og þurfa nemendur því að koma með nesti. Heitur matur verður í boði á föstudaginn.



[Lesið meira](#)

8. ágúst 2006

Skólabyrjun í Sjálandsskóla

Skólasetning er þriðjudag 22. ágúst.

1. - 7. bekkur (6 -12 ára):

Foreldrar ásamt nemendum verða nú í vikunni boðaðir til viðtals við umsjónarkennara þriðjudaginn 22. ágúst.

Nýir nemendur í 2. - 7. bekk:

Mánudaginn 21. ágúst kl. 18:00-19:00 verður móttaka fyrir nýja nemendur og aðstandendur þeirra.

1. bekkur (6 ára):

Foreldrar nemenda í 1. bekk eru boðaðir á kynningarfund fimmtudag 17. ágúst kl. 18:00-19:00. Viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkja, sem fram fara þriðjudag 22. ágúst, verða nánar tímasett á fundinum.

Að höfðu samráði við foreldraráð hefur verið ákveðið að skólinn sjái um innkaup á öllum sérstökum gögnum og efni sem nemendur þurfa næsta vetur (stílabækur, möppur, lím, sértilgreind skriffæri ofl.). Foreldrar greiða innkaupsverð fyrir pakkann og verður það innheimt í haust. Skólatöskur og pennaveski sér hver um fyrir sig.

22. júní 2006

Skólaskýrsla Sjálandsskóla 2005 - 2006

Skólaskýrsla Sjálandsskóla er komin út. Þar er að finna mikinn fróðleik um starfið þennan fyrsta vetur. Skýrsluna má finna undir útgáfa hér til hliðar.


[Lesu meira](#)

13. júní 2006

Styrkur úr 19. júní sjóði

Sjálandsskóli fékk styrk úr 19. júní sjóði vegna verkefnis sem gengur út á að styrkja stúlkur í að taka stjórn og bera ábyrgð með hjálp siglingaípróttarinnar. Mikill áhugi er hjá starfsfólki skólans að nýta þessa nálægð og bjóða nemendum upp á kennslu í siglingum. Sjóðurinn ákvað að styrkja skólann til kaupa á þremur bátum sem munu nýtast í siglinganámskeiðum fyrir stelpur. Styrkurinn er að upphæð kr. 300.000.

9. júní 2006



Innkaupalisti 2006-2007

Að höfðu samráði við foreldraráð hefur verið ákveðið að skólinn sjái um innkaup á öllum sérstökum gögnum og efni sem nemendur þurfa næsta vetur (stílabækur, möppur, lím, sértilgreind skriffæri ofl.). Foreldrar greiða innkaupsverð fyrir pakkann og verður það innheimt í haust. Skólatöskur og pennaveski sér hver um fyrir sig.

9. júní 2006

Skólabyrjun 2006

Skólaárið hefst á foreldraviðtalsdegi 22. ágúst. Verðandi umsjónarkennarar verða í sambandi við foreldra í vikunni 14.-18. ágúst vegna nánari tímasetningar. Skóladagatal 2006-2007 er að finna undir "Skólinn".